



20 blaðsíðna
RE/MAX blað

Fasteignablað RE/MAX fylgir Fréttablaðinu á sunnudögum

RE/MAX

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

7. maí 2006 — 121. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Sigvaldi J. Kárason frumsýnir í Cannes

Mætir með til leiks með Dead Man's Cards en sjálfur Stjórnustriðsmeistarinn George Lucas hefur hrósað myndinni.

FÓLK 38

Heiðursfélagi frá Hamri

Þorsteinn frá Hamri er nýkjörinn heiðursfélagi í Rit-höfundasambandi Íslands. Hann ræðir það sem honum þykir steingelt gildismat og hefur áhyggjur af minnkandi lestri.

BÆKUR 28

Ræður og fánaborgir

„Ef stóryrtar ræður og trallandi fánaborgir væru til marks um öfluga verkalyðshreyfingu þyrftu leiðtogar hennar einungis að hafa munninn fyrir neðan nefið í bland við hæfilega ósvífni,“ segir Illugi Gunnarsson, sem telur störf verkalyðshreyfinga ekki vera mæld í skráðgöngum.

Í DAG 12

Hamingjusöm á Spáni


Ólafur Stefánsson og fjölskylda kunna vel við lífið á Spáni og eru ekki á förum. Ólafur ræðir um ferilinn, framtíðina og fjölskylduna í ítarlegu viðtali við Fréttablaðið.

ÍÞRÓTTIR 34

VEÐRIÐ Í DAG

STÍGIN 20 í dag verður hæg breytileg átt. Léttskýjað víðast hvar en þó bjart með köflum sunnan og austan til. Hiti 10-20 stig, hlýjast í uppsveitum á Suður- og Vesturlandi.

VEÐUR 4



Vantar yfir þúsund sjúkraliða til starfa

Frá árinu 1999 hefur verið ljóst að sjúkraliðar eru alltof fáir á vinnumarkaði. Þá vantaði 850 til starfa. Meðalaldur sjúkraliða er um fimmtíu ár. Flestir hætta um sextugt og eru þá öryrkjar vegna álags sem fylgir undirmönnuninni.

HEILBRIGÐISMÁL Það vantar að minnsta kosti þúsund sjúkraliða inn á vinnumarkaðinn til að mögulegt sé að veita þá lágmarks þjónustu sem krafist er á íslenskum sjúkrahöfnum. Þetta er mat Kristínar Á. Guðmundsdóttur, formanns Sjúkraliðafélags Íslands. Hún segir að þessi tala sé jafnvel stórlega vanmetin.

„Ofan á þennan vanda bætist að meðalaldur sjúkraliðastéttarinnar er orðinn hátt í fimmtíu ár og staðreyndin er að þegar sjúkraliðar eru orðnir sextugir þá hverfa þeir mjög hratt út af vinnumarkaði,“ segir Kristín. „Ég veit að oftar en ekki eru þessir starfsmenn orðnir öryrkjar vegna þess hversu erfitt starfið er og vegna stanslausrar undirmönnunar.“ Landlæknisembættið gerði könnun árið 1999 þar sem kom

fram að það vantaði 850 sjúkraliða á vinnumarkaðinn á þeim tíma. Þar kemur fram að 300 sjúkraliða þyrfti á ári til ársins 2004 til þess að koma á jafnvægi. „Það sem gerst hefur á þessum tíma er að þessir 850 sjúkraliðar hafa ekki komið út á vinnumarkaðinn og það eru aðeins um 60 til 80 sjúkraliðar sem fá leyfisbréf frá heilbrigðisráðuneytinu á ári. Nýliðun er því nánast engin,“ segir Kristín.

Mannekla á íslenskum hjúkrunarstofnunum hefur verið mikið í umræðunni á síðustu vikum og komið hefur fram að það vantar 100 hjúkrunarfræðinga inn á Landspítalann og að mannekla sem þessi veldur gifurlegu álagi á starfsfólk. Álagið veldur tímum veikindum, kvíða, vonleysi og miklu brottfalli.

Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra segir að miðað við drög að mannaflaspá Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands sé ljóst að fyrirsjáanlegur skortur er bæði á hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum. „Ég hef meiri áhyggjur af sjúkraliðunum af því að það er talsverður fjöldi í hærrí aldursþópum. Þessir ágætu sjúkraliðar detta út af vinnumarkaði eftir tilföngu skamman tíma. Ég er að hefja viðræður við menntamálaráðherra um hvernig hægt er að bregðast við, bæði gagnvart sjúkraliðum og hjúkrunarfræðingum. Það er ljóst að það þarf að fjölga þeim sem fara í gegnum þetta nám eins og hægt er. Það er líka verið að ræða þann möguleika að mennta ófaglærða sem nú eru starfandi og hafa mikla reynslu.“

- shá



LEIKMENN STOKE Stjórnarformaður félagsins keypti hlut íslensku fjárfestanna.

Íslendingarnir búnir að selja

ÍÞRÓTTIR Stoke-ævintýrið er á enda en íslensku fjárfestarnir ákváðu á föstudag að taka boði Peters Coates sem var stjórnarformaður félagsins þegar Íslendingarnir keyptu það árið 1999.

Coates var búinn að bjóða nokkrum sinnum í hlut Íslendinganna en ávallt fengið neitun þar til nú. Ástæðan er sú að úthald Íslendinganna er þrotið og þeir eru ekki tilbúnir að setja þá fjármuni sem til þarf ef liðið á að eiga raunhæfan möguleika á að komast upp í úrvalsdeild.

„Við höfum óljósa hugmynd um hversu miklum fjármunum við töpuðum og sú tala er í hundruðum milljóna króna,“ sagði Gunnar Þór Gíslason, stjórnarformaður Stoke City.

Nánar á síðu 32 - hbg



SETIÐ OG SOPID Í SÓLSKININU Það væsti ekki um fólk í miðborginni í blíðskaparveðri í gær. Veitingamenn skelltu borðum og stólum út á gangstétt við Bankastrætið og víðar svo að gestir gætu sleikt sólna meðan þeir ræddu málin yfir kaffibolla og öðrum veitingum. Aðrir kusu þó að sitja inni og njóta veðursins út um gluggann. Í dag ætti einnig að víðra vel til kaffidrykkju og skrafs utandyra.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Piero Cangiani biskup hefur samið tónverk fyrir rödd Kristjáns Jóhannssonar: Syngur um páfa fyrir páfa

TÓNLIST Kristján Jóhannsson mun syngja tónverk tileinkað minningu Jóhannesar Páls páfa II í Péturskirkju í áheyrn Benediktis XVI páfa. Ad sögn Kristjáns munu tónleikarnir verða haldnir um mánadarmótin júní og júlí ef allt gengur eftir.

„Þetta er tónverk sem biskupinn og tónskáldið Piero Cangiani er að skrifa sérstaklega fyrir mína rödd, kór og símfónihljóm-sveit,“ segir Kristján.

Kristján hefur áður sungið fyrir páfann, nú síðast um áramótin síðustu en þá voru tónleikarnir sendir út í sjónvarpi um víða veröld.

Síðastliðið haust var Kristján



KRISTJÁN JÓHANNSON Syngur fyrir Benedikt XVI um þarmæstu mánaðamót.

ráðinn óperustjóri óperudeildar í tónlistarskóla Vatíkansins, Pontificio Istituto di Musica Sacra, og

síðan þá hefur hann unnið að útfærslum verka sem leikin hafa verið í tengslum við heimsóknir páfa víða um heim og hefur einnig sjálfur sungið við slík tækifæri.

„Mér er það sérstaklega ljúft að syngja verk tileinkað Jóhannesi Páli en hann blessaði bæði konu mína, börn og svo mig. Þetta var ákaflega merkileg manneskja en nýja páfanum hef ég þó ekki kynnst ennþá,“ segir Kristján. Hann segist þó ekki hafa tekið kaþólska trú, að minnsta kosti ekki opinberlega.

Í ár eru liðin þrjátíu ár frá því Kristján flutti til Ítalíu og segir hann einhverra tónleika að vænta af því tilefni.

- jse

Skólafélagið Hrafnagilsskóla: Laðar fólk til sveitarfélagsins

SKÓLASTARF Nýstárlegir kennsluhættir í Hrafnagilsskóla í Eyjafjarðarsveit hafa vakið athygli og eru dæmi um að fólk hafi flust búferlum

í sveitarfélagið svo að börnin fái inni í skólanum. Í Hrafnagilsskóla er unnið út frá sérstakri skólansyn sem miðar að því að allir hafi möguleika á að verða betri manneskjur. Dyggðir eru í forgrunni skólafélagsins og hefðbundið náms efni kennt eftir svonefndum fjölmennarlegum kennsluháttum.

ANNA GUÐMUNDSDÓTTIR

- bps / sjá síður 20 og 21

VELFERÐ UMHVERFI NÝSKÖPUN

FRÁLISLYNDIR OG ÓHÁBIR

www.xf.is
www.f-listinn.is



Fjölskyldugreiðslur

Greiðslur til foreldra barna 9-18 mánaða

Leysa þarf vanda foreldra 9-18 mánaða barna frá því að fæðingarorlofi lýkur og þar til leikskólinn hefst, með mánaðarlegum **50.000 kr.** beingreiðslum. Slíkar greiðslur tryggja aukið val foreldra og börnum aukið öryggi.

Ertu með?



Kosningaskrifstofa B-listans í Reykjavík
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík
Sími: 599 3900 - Netfang: reykjavik@xb.is
www.xbreykjavik.is



exbé



Þú Group

Við lítum á viðskiptavini okkar sem mikilvægustu fjárfestinguna. Við aðstoðum þig við að sjá um fjármál heimilisins og fylgjumst með því að þú fái alltaf það besta sem er í boði. Það er engin tilviljun að Sparisjóðurinn er með ánægðustu viðskiptavinina í bankakerfinu 7 ár í röð.

Við lögum okkur að þínum þörfum!

FLITZER/STIA



SPARISJÓÐURINN
Vildarþjónusta

Virk
Sam-
keppni

KRÖNAN

VIRK SAMKEPPNI



30 %
Afláttur

Krónu
krydduð lambasteik
1.119 kr./kg.



30 %
Afláttur

Krónu þurrkr.
svínakótleitur
1.189 kr./kg.



30 %
Afláttur

Krónu jurta-
grísahnakki
1.154 kr./kg.



30 %
Afláttur

Goða
Ostapylsur
794 kr./kg.

30 %
Afláttur

Goða
Bratwurst pylsur
724 kr./kg.

25 %
Afláttur

Krónu blandaðir
kjúklingabitar
299 kr./kg.



Króni 2 L
199
kr./stk.

30 %
Afláttur

Naggalínan
Cordon bleu
370 kr./pk.



Skyr.is 500 ml
Verð frá:
158
kr./stk.



Kiwi
129
kr./kg.

Lif safi 1 L.
3 tegundir
89
kr./stk.



Krónubrauð
stórt og grótt
99
kr./stk.



25 %
Afláttur
Shop Rite
plastpokar, álpappír
plastfilma



Jarðaber 200g box
199
kr./stk.



ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ



VEISTU SVARIÐ?

1 Forstjóri bandarísku leyniþjónustunnar, CIA, sagði af sér í fyrradag. Hvað heitir hann?

2 Kona hefur í fyrsta sinn sest í stól utanríkisráðherra Breta. Hvað heitir hún?

3 Íslenskir fjárfestar hafa selt hlut sinn í enska fótboltaíðinu Stoke City. Hver keypti félagið?

SVÖR Á BLS. 38

Eldfjallið St. Helens í Bandaríkjunum veldur miklum heilabrotum:

Uggi vex um metra daglega

BANDARÍKIN, AP Frá því í október árið 2004 hefur undarlegur klettur, sem minnr helst á ugga, verið að vaxa út úr gíg eldfjallsins St. Helens í austanverðum Bandaríkjunum. Kletturinn er nú orðinn rúmlega 90 metra hár og hækkar um rúman metra á hverjum einasta degi.

Árið 1980 hófst gos í fjallinu með mikilli sprengingu sem varð 57 manns að bana. Í sprengingunni sundraðist fjallstoppurinn, sem var keilulaga.

Röð lítilla jarðskjálfta hófst að nýju í fjallinu í september árið 2004 og allar götur síðan hefur mátt greina hæga eldvirkni í



UGGINN MIKLI Þessi klettur er orðinn nærri hundrað metra hár og hækkar um meira en metra á hverjum einasta degi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

fjallinu. Kvikan hefur verið á hægri hreyfingu og er þar komin skýringin á ugganum, sem vex út úr einni hlið gígsins.

Jarðfræðingar telja að á endanum verði fjallið aftur keilulaga, eins og það var fyrir sprenginguna árið 1980. Margir óttast reyndar að annað gos geti komið úr fjallinu með skelfilegum afleiðingum.

„Eins og hlutirnir eru að þróast núna þá er ekkert sem bendir til þess að hamfaragos sé í vændum,“ sagði Tom Pierson, bandarískur jarðfræðingur. „En hlutirnir geta breyst hvenær sem er,“ bætti hann við.

- gb

Héraðsdómur Norðurlands:

Braut lög um öxulþunga

DÓMSMÁL Héraðsdómur Norðurlands eystra sektaði fyrir helgina vörubílstjóra um 40 þúsund krónur. Maðurinn var dæmdur fyrir að brjóta lög um þungatakmörkun en þyngd vöruflutningabíls sem hann ók reyndist yfir leyfilegum mörkum.

Forsaga málsins er sú að vörubílstjórinn var á ferð á þjóðvegnum í Reykjadal í desember síðastliðnum. Umferðareftirlitsmenn mældu bílinn á vettvangi og kom í ljós að þungi framáss var 1100 kílóum yfir leyfilegum mörkum. Þrátt fyrir þetta var maðurinn leyft að halda áfram för sinni en hann hefur nú verið sektaður sem fyrr segir. - aoe

NAVISION
SMALL BUSINESS

Fjárfesting til framtíðar



**Þú þarft að
þekkja eigin rekstur
til að geta keppt við aðra**

Navision Small Business er öflugur viðskiptahugbúnaður sem heldur utan um allar viðskipta- og fjárhagsupplýsingar fyrirtækisins og gefur þér skjótan aðgang að öllu sem þú þarft að vita til þess að hámarka framlegð og ná fram hagræðingu í rekstri.

- Fjárhagsgrunnur
- Fjárhagsbókhald
- Viðskiptamenn
- Sölureikningar
- Lánardrottnar
- Birgðir

Verð frá kr. **130.900***

Hringdu núna í síma 545-3200

10 góðar ástæður
fyrir því að þú ættir að velja
NAVISION SMALL BUSINESS

- ✓ Einfalt og þægilegt viðmót
- ✓ Einföld uppsetning
- ✓ Íslenskar handbækur
- ✓ Staðlaðir bókhaldslyklar
- ✓ Miklir stækkunarmöguleikar
- ✓ Tenging við aðrar lausnir
- ✓ Fjöldi viðbótarlausna
- ✓ Microsoft samhæft
- ✓ Aðgangur að þjónustuborði
- ✓ Fjöldi námskeiða í boði

Dæmi um viðbótarlausnir	Verð
- Hver auknotandi	64.000.-
- Launakerfi	40.000.-
- Innheimtakerfi	40.000.-
- Verkbókhald	40.000.-

Öll verð eru án vsk. *Verð miðast við einn notanda

Maritech er eitt stærsta hugbúnaðarfyrirtæki landsins með skrifstofur í Kópavogi og á Akureyri. Hjá okkur starfar stór hópur vel menntaðra sérfræðinga sem notar upplýsingateknina til þess að hjálpa þér að ná betri árangri. Maritech hefur þróað fjölda viðbóta við Navision viðskiptahugbúnaðinn sem eru lagaðar að þörfum íslenskra fyrirtækja.

maritech

Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur
sími 545 3200, fax 545 3201
sala@maritech.is

Skipagötu 18, 600 Akureyri
sími 545 3500, fax 545 3501
akureyri@maritech.is

www.maritech.is

Microsoft
GOLD CERTIFIED
Partner

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR Skólinn verður reistur á gamla íþróttavellinum í hjarta Borgarness, þar sem tjaldsvæði hefur verið. FRÉTTABLAÐIÐ/KURT OG PÍ

Skóli rís á
tjaldstæðinu

SKÓLAMÁL Nýr menntaskóli, Menntaskóli Borgarfjarðar, hefur verið stofnaður. Menntaskólinn, sem verður einkaskóli, verður reistur á gamla íþróttavellinum í Borgarnesi, þar sem tjaldsvæði hefur verið síðustu árin. Framkvæmdir hefjast í sumar og kennsla hefst haustið 2007.

Gert er ráð fyrir að skólabyggingin muni kosta 250-300 milljónir króna og að húsið geti nýst líka sem menningarhús. Menntaskólinn verður hlutafélag og er stefnt að því að safna 100 milljónum króna í hlutafé. Þegar hafa safnast tæpar 76 milljónir króna í hlutafjárloforðum.

Stærsti eigandi Menntaskóla Borgarfjarðar verður Sparisjóður Mýrasýslu, sem mun eiga hlutafé fyrir fjörtíu milljónir króna. Sveitarfélagið Borgarbyggð hefur lofað hlutafjárkaupum fyrir þrjátíu milljónir króna auk þess sem fyrirtæki í Borgarfirði hafa tekið hugmyndinni vel.

„Þetta þýðir að skólanum verður hrint úr vör með öfluga eiginfjárstöðu og það verður hægt að byrja framkvæmdir án þess að reksturinn verði að sligast í framtíðinni,“

segir Runólfur Ágústsson, rektor Viðskiptaháskólans á Bifröst.

Stefnt er að því að hvert einasta heimili í Borgarfirði eigi hlut í skólanum. Á stofnfundi sem haldinn var í Íþróttamiðstöðinni í Borgarnesi í gær var hægt að skrá sig fyrir hlutafé að lágmarki eitt þúsund krónur og söfnuðust samtals um 5,7 milljónir króna.

Nemendur skólans verða 150 talsins og er stefnt að því að þeir ljúki námi á þremur árum. Námið verður einstaklingsmiðað en skólinn verður fyrsti framhaldsskólinn í landinu til að vinna eftir nýrri námskrá og hefur hann verið skilgreindur sem tilraunaskóli.

Skólinn mun vera í nánú samstarfi við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Viðskiptaháskólann á Bifröst. Einnig mun hann sinna þeim sem ekki hafa náð tilskyldum árangri í grunnskóla.

„Góð menntunartækifæri hafa orðið sífellt veigameiri þáttur í búsetuvali og því að fólk unni vel hag sínum. Menntunin styrkir innviðina og treystir byggðina,“ sagði Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra á stofnfundi skólans. ghs@frettabladid.is

Eimskip sýknað af skaðabótakröfu laxeldisfyrirtækis:

Óháð eftirlit skorti
á ástandi farmsins

DÓMSMÁL Héraðsdómur hefur sýknað Eimskip af skaðabótakröfu laxeldisfyrirtækisins, Nordlaks Produkter. Fyrirtækið tapaði rúmum 6,6 milljónum króna í september 2003, þar sem kaupandinn neitaði að taka við farminum.

Skipafélagið hafði flutt 20 bretti af frystum laxaflökum til Bandaríkjanna. Við komuna varð ljóst að hitastig í kæli skipsins hafði á einum degi sveiflast um fjörtíu gráður. Gerlamagn í fisknum var þó ekki yfir viðmiðunarmörkum og varan seld hæstbjónda.

Dómurinn taldi að þar sem óháð



EIMSKIP Tuttugu bretti af laxi til Bandaríkjanna skiluðu sér ekki í því ástandi sem kaupandinn var tilbúinn að samþykkja. Ekki sannaðist hvar hann hafði skemmt.

skoðun fór ekki fram á ástandi laxins áður en hann fór í skipið og ástand hans var ekki metið strax við löndun ætti norska fyrirtækið ekki bótarétt. - gag

UMSÓKNARFRESTUR RENNUR ÚT 29. MAÍ



TÖLVUNARFRÆÐI NÝRRRA TÍMA

Tölvunarfræðimenntun er frábær fjárfesting, ekki síst í ljósi þess að fjöldi fræði- og atvinnugreina byggir á notkun og þróun nýs hugbúnaðar.

Framfarir í fjölmörgum atvinnugreinum, s.s. læknisfræði, líffræði, verkfræði, vitvísindum, stjarnæðlisfræði, arkitektúr og iðnhönnun, eru í auknum mæli háðar hönnun, þróun og notkun hugbúnaðar.

Það er sjálfgefið að góð menntun í tölvunarfræði mun einungis auka verðmæti sitt á komandi árum og áratugum.

Dr. Kristinn R. Þórisson
Dósent við Háskólann í Reykjavík
og forstöðumaður Gervigreindarseturs HR



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 • www.ru.is

„Eitt af því fáa sem sést hefur hér á landi í langan tíma sem ekki má missa af.“

Páll Baldvin Baldvinsson, DV

MARLENE SNÝR AFTUR

EFTIR SIGURFÖR UM EVRÓPU

AÐEINS ÞRJÁR
SÝNINGAR!
15. - 16. - 17. MAÍ

Við erum öll 
Marlene
Dietrich FOR

„Þessi sýning er ekki UM stríð, þessi sýning ER stríð.“

Berliner Zeitung, Berlin, Michaele Schlagenwerth

„Stórkostleg, dýrsleg sýning, mjög beinskeytt!“

Tagezeitung Berlin

Miðasala í Borgarleikhúsinu, sími 568 8000 eða í gegnum www.id.is



..maska
production

Reykjavík Arts Festival
2006
May 12 - June 3



Landsbankinn

Vörðufélagar fá 50% afslátt á sýninguna 16. maí

Skemmtileg Reykjavík

UMRÆÐAN
BORGARSTJÓRN-
ARKOSNINGAR



MARSIBIL SÆMUNSDÓTTIR
FRAMBJÓÐANDI

Ég á heima í Reykjavík. Mér finnst Reykjavík skemmtileg borg sem býður upp á eitthvað fyrir alla og iðar því af fjölbreyttu mannlífi. Sem dæmi átti ég frábæran frídag í gær þar sem ég fékk tækifæri til njóta borgarinnar til fullnustu.

Ég byrjaði á að fara með hund-

inn minn á Geirsnef en þar er frábær aðstaða fyrir hunda. Svæðið er til fyrirmyndar sem slíkt og býður upp á ýmsa valmöguleika. Þar er t.d. sérstök útivistar- og æfingaaðstaða eins og er víða erlendis og ýmis þjónusta á svæðinu.

Næst ákvað ég að fara í Vatnaveröldina með syni mínum þar sem við skemmtum okkur stórkostlega í rennibrautunum og öldulauginni. Við skemmtum okkur aldrei eins vel og þar.

Það var mjög gott veður þennan dag þannig að við ákváðum að fara næst í Sjávardýrasafnið í Laugardalnum, sonur minn er mikill aðdáandi. Á leiðinni þangað var gaman að sjá hvað margir

voru á ferðinni hjólandi út um alla borg á þar til gerðum hjólastígum og brautum. Ég sé að það eru sífellt fleiri sem nýta sér þennan valkost eftir að borgin tók sig á í þessum efnunum.

Sonur minn var svo að fara í afmæli hjá skólafélaga sínum þannig að næst ók ég honum þangað. Á sama tíma og við renndum í hlaðið var stóri bróðir vinarins greinilega að flýja fjörið og á leiðinni út að leika sér á krossaranum sínum. Hann var víst virkilega glaður með nýju mótorkrossbrautina enda ekki langt að fara, mikið lagt í hana og henni vel við haldið. Mamma þeirra sagði mér að allir fimm bræðurnir væru á kafi í einhverskonar íþróttum og

tómstundum eftir að þeir fóru að fá 40 þúsund króna frístundakort árlega frá Reykjavíkurborg. Hún virtist mjög ánægð fyrir hönd sona sinna, enda gátu þau hjónin ekki ein og sér staðið undir kostnaði við íþrótt- eða tómstundaríðkun þeirra hér áður fyrr.

Þar næst ákvað ég að kíkja aðeins niður í bæ og fá mér einn latté á kaffihúsinu í Hljómskálagarðinum sem iðaði af mannlífi eins og vanalega. Ég ákvað að fá mér sæti í grasinu með kaffið mitt í góða veðrinu. Það var greinilega mikið um að vera fyrir börnin þarna hinum megin en ég naut þess að hlusta á lifandi og ljúfa tóna lítillar hljómsveitar frá Tékklandi sem ég held að séu hérna út af tónlistarhátíðinni. Þetta var mjög notalegt og þarna hitti ég mikið af fólki sem ég þekki sem var gaman að sjá og

spjalla við.

Á leiðinni heim dáðist ég að því hvað borgin er orðin hrein og falleg, þetta er í rauninni ótrúlegur munur frá því bara fyrir nokkrum árum.

Um kvöldið fór ég svo niður í bæ til að fá mér snarl með vinkonu minni. Það fyrsta sem við sáum voru tveir glöðlegir lög- regluþjónar að leiðbeina áttavilltum túristum. Við fórum að rifja upp þann tíma er sú sjón var álfka algeng og svartir svanir eða hvítir hrafnar. En þetta er allt annað í dag sem betur fer og allt önnur tilfinning að vera í bænum á kvöldin.

Þetta var frábær dagur í fallegri og skemmtilegri borg.

Ég vil geta átt svona dag í Reykjavík – og það vill B-listinn í Reykjavík fyrir alla borgarbúa. Ertu með?

BRÉF TIL BLAÐSINS

Innflytjendaráð

Félagsmálaráðherra hefur skipað Sæunni Stefánsdóttur, aðstoðarmann ráðherra sem nýjan formann innflytjendaráðs. Því er ætlað að fjalla um helstu atriði er varða aðlögun útlendinga að íslensku samfélagi og vera stjórnvöldum til ráðgjafar við stefnumótun í málaflökknum. Sannarlega tímabært! En athygli hefur hins vegar vakið að í ráðinu er bara ein manneskja af erlendum uppruna. Hvað er málið? Hvaða reynslu hefur þessi formaður af málaflökki? Og hvernig í ósköpunum er hægt að annast þetta mál vel þegar nánast engin af þeim sem málið snýr að er í ráðinu. Hefði það ekki verið gagnlegra að hafa fleiri af erlendum uppruna í ráðinu? Hvenær ætlar ríkisstjórnin að læra af mistökum? Það margborgar sig að láta fólk sem þekkir það af eigin reynslu að sjá um aðlögun innflytjenda. Það er sorglegt að svo er ekki. Margir innflytjendur á Íslandi eru hæfir til að takast á við slíkt verkefni. Ráðherrann má gera sér grein fyrir þessu.

Samúel Richard ráðgjafi

Skattarnir í USA og hér

Í nýlegu tölublaði The Economist er fjallað um skattalækkanir George Bush, en hann hefur verið gagnrýndur nokkuð í heimalandi sínu fyrir að lækka mest skatta þeirra tekjuhæstu. Þannig hefur skattprósenta þeirra tekjuhæstu lækkað tíu sinnum meira en þeirra tekjulægstu. Það er því fróðlegt að bera saman tekjuskatta alríkisins í Bandaríkjunum við tekjuskatta hérlendis. Þrátt fyrir skattalækkanir Bush greiða 40% tekjuhæstu heimilanna í Bandaríkjunum enn 99,4% af sköttunum meðan lægstu 60% greiða aðeins 0,6%. Sú tala er 32% á Íslandi. Þannig greiða tekjulágir Íslendingar 50 sinnum stærrí hluta skattanna en tekjulágir Bandaríkjamenn gera, 40 sinnum ef útsvarið er undanskilið. Fyrir nokkru sóttist Steve Forbes eftir tilnefningu repúblikana í Bandaríkjunum. Hans helsta baráttumál voru „flatir skattar“ með frítekjumarki upp á 115.000 kr. á mánuði. Það var í raun á ferðinni íslenskt skattkerfi ef persónuafsláttur hér væri hækkaður um helming. Hann þótti of hægðisinnáður í Bandaríkjunum. Sjálfstæðismenn á Íslandi láta Steve Forbes aftur á móti líta út eins og sósíalista, en samkvæmt landsfundarsamþykkt flokksins er stefnt að því að fella niður persónuafslátt. Þeir virðast þó óttast að hugsjónir þeirra eigi lítinn hljómgrunn. Þeir halda því t.d. leyndu að þeir hafa náð að auka launamun um helming á seinustu árum og gefa eitt vestrænna ríkja ekki út hagskýrslur um efnið. Leggja svo í kosningabaráttu og bjóða fram stefnuskrá jafnaðarmanna. Jafnaðarmenn! Forðist eftirlíkingar!

Guðmundur Örn Jónsson verkfræðingur

Er þak á þinni starfsemi?



Allir þurfa þak yfir höfuðið - líka þitt fyrirtæki!

"Hefur þú kynnt þér kosti eignaleigu við fjármögnun atvinnuhúsnæðis? Með sérsniðinni ráðgjöf í bland við persónulega þjónustu, höfum við hjá Lýsingu hjálpað fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum að koma þaki yfir sína starfsemi."

Sigurbjörg Leifsdóttir

Ráðgjafi, fyrirtækjasvið

VÍSI

VEF.TV

NFS Í BEINNI Á VISIR.IS

35.000 gestir vikulega sem dvelja í u.þ.b. eina klst. hver.

Auglýsingasími 550 5000.



LÝSING

Fjármögnun í takt við þínar þarfir

Suðurlandsbraut 22
Glerárgötu 24-26
Sími 540 1500 Fax 540 1505
www.lysing.is

Enn meiri lúxus í Portúgal



Við höldum áfram að kynna frábærar nýjungar fyrir íslenska ferðalanga. Nú bjóðum við glænýtt lúxushótel við São Rafael ströndina nærri Albufeira í Portúgal á ótrúlegu kynningarverði. Hótelid er hannað fyrir nútímafólk, með einstaklega fallegum svítum og fjölskyldusvítum, glæsilegum veitingastöðum og framúrskarandi heilsulind. Hin gullfallega São Rafael strönd er í göngufæri og er í einkaumsjá hótelsins þannig að gestir njóta sömu þjónustu við ströndina eins og á hótelinu sjálfu. Láttu stjarna við þig við sjóinn líka!



Fimm stjörnu svítur í Portúgal!

PORTÚGAL – ALBUFEIRA


Kynningarverð: **54.450,-** m/morgunverði m.v. 2 fullorðna og 2 börn í svítu í viku, brottför 23. maí – 4. júlí

CS São Rafael Suite Hotel ★★★★★

Gestamóttaka 24/7
Strönd Í umsjá hótelsins

Aðstaða

Bar	Já
Veitingastaður	Já
Veitingar á strönd	Já
Sundlaugar	3
Barnalaug/leiksvæði	Já
Sólbekkir/handklæði	Já
Skemmtidagskrá	Já
Heilsurækt og Spa	Já
Tennisvöllur	Já
Aðstaða fyrir hreyfihamlaða	Já
Net og viðskiptamiðstöð	Já



Nútímahönnun í rómantísku umhverfi

SVÍTUR

Smekkvísir er allsráðandi í glæsilegum svítum og fjölskyldusvítum með stórum svölum eða verönd og fallegu útsýni. Borðkrókur, lítill ísskápur, loftkæling, LCD gervihnattasjónvarp og frábærlega búin badherbergi.

Skoðuðu hótelið á www.cshoteis.com

Dægradvöl fyrir alla – golf, sportveiði, köfun, vatnasport, vatnagarðar, hestamennska og fjölbreyttar skoðunarferðir



SUMAR FERÐIR

– ERU BETRI EN AÐRAR!



www.sumarferdir.is – Laugavegur 26 (gengið inn Grettisgötumegin)

Sími 575 1515 – bókaðu allan sólarhringinn

Innfalið í verði: Flug, gisting, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn. Bókað er á www.sumarferdir.is. Símaþögnargjald er 1.500,- pr. farþega.



DAÐI BIRGISSON Hefur árum saman harkað af sér verkina sem fylgja spilamennskunni og leitað til ótal sjúkrapjálfa til að losna undan verkjunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Framtíðin vonandi verkjalaus

Daði Birgisson er einn fremsti hljómborðsleikari Íslands og meðal annars einn af stofnendum fönksveitarinnar Jagúar, sem hann lék með þar til í fyrra. Á dögum hlaut hann styrk til að fara til Bandaríkjanna og læra að fyrirbyggja álagsmeiðsl meðal tónlistarmanna, sem eru mun algengari innan stéttarinnar en flestir gera sér grein fyrir. *Bergsteinn Sigurðsson* ræddi við Daða um þrautalaus framtíð.

Þótt hann sé innan við þrítugt hefur Daði leikið á píanó og hljómborð meira en helming ævi sinnar. Nærri allan þann tíma hefur hann þurft að kljást við ýmiss konar álagsmeiðsl sem fylgja tónlistinni. „Þetta er algengara vandamál en flestir gera sér grein fyrir,“ segir Daði. „Ástæðan fyrir því að það fer ekki hátt um þetta er sjálfsagt sú að yfirleitt harka menn þetta af sér þar til komið er í öfni og þá annaðhvort hætta þeir eða lifa með sársaukum en þetta er sjaldnast rétt. Þetta er eiginlega opinbert leyndarmál innan stéttarinnar.“

Álagsmeiðslin eru að sögn Daða alls ekki bundin við píanóleikara, heldur hrjá flesta tónlistarmenn. Þau geta lýst sér í öllu á milli óþæginda í öxlum yfir í mikinn sársauka. „Grófustu dæmin eru taugaskemmdir, vöðvarýrnun eða slæmir tennisolnbogar. Því miður virðist vera lítill skilningur á þessu til dæmis innan heilbrigðisstéttarinnar. Það er algengt viðhorf að þetta sé fylgifiskur starfsins og tónlistarmenn verði bara að lifa með verkjunum. Svo þarf auðvitað alls ekki að vera.“

Sársaukinn hamlar sköpuninni

Á dögum hlaut Daði styrk úr Minningarsjóði Karls J. Sighvatssonar hljómborðsleikara sem hann ætlar að nýta til að fara í nám til Bandaríkjanna í haust. „Ég ætla að læra það sem kallast á ensku „injury preventing piano playing technique“, sem á íslensku gæti útlagst sem álagslaus og fyrirbyggjandi píanótækni. Ég hef þurft að slást við sársauka og

stífleika í mörg ár og finn greinilega hvernig þetta hamlar spilamennskunni. Ég hef aldrei getað náð þessu áreynslulausa flæði út í hljódfærið, eins og flestir tónlistarmenn sækjast eftir, því sársaukinn hefur alltaf blokkad vissa músíkalska æð sem kemur í veg fyrir að maður hámarki getuna.“

Daði hefur leitað sér hjálpar hjá mörgum sjúkrapjálfum í gegnum tíðina og segir að þótt sumir hafi vissulega hjálpað sér mikið, sé lausn aldrei endanleg nema með því að læra að beita líkamanum rétt og koma í veg fyrir meiðslin. Á því sviði vanti hins vegar sérþekkingu hér á landi. „Fyrir tónlistarmann er mikið í húfi að losna við verkina; ég finn ekki aðeins hvernig meiðslin hamla mér beinlínis við að spila heldur hafa þau líka áhrif á sköpunarkraftinn. Þrátt fyrir alla þekkinguna er svo margt sem maður getur ekki. Ég veit að ef ég ætla að gera tónlistina að ævi starfi verð ég að losna undan verkjunum.“

Harkað af sér verkina

Daði sleit barnskónum á Kirkjubæjarklaustri en flutti tíu ára gamall á Akranes. Hann byrjaði að spila á píanó upp úr tólf ára aldri, en Börkur bróðir hans spilar á gítar. Þeir koma á músiikölsku heimili, faðir þeirra leikur á trompet og lék áður fyrir í stórsveitum og Daði telur líklegt að hann hafi smitað þá bræður með tónlistaráhuga sínum. „Ég man ekki hvers vegna ég ákvað að læra á píanó, en ég fann fljótt að það hentaði mér vel. Ég missti hins

vegar áhuga á því þegar ég var sautján ára, meðals annars út af verkjunum, og lék ekkert á það í eitt eða tvö ár. Svo uppgötvaði ég djassinn. Ég heyrði eitthvert lag, sem ég man ekki lengur hvert var, sem fékk mig til að setjast fyrir framan píanó og reyna að pikka það upp. Eftir það tók ég þráðinn upp aftur og vissi að þetta langaði mig til að gera.“

Fyrir tónlistarmann er mikið í húfi að losna við verkina; ég finn ekki aðeins hvernig meiðslin hamla mér beinlínis við að spila heldur hafa þau líka áhrif á sköpunarkraftinn.

Rokkið leyfir meira

Hingað til hefur Daði verið svo lánsamur að hafa getað framfleytt sér á tónlistinni, en eins og svo margir hefur hann harkað verkina af sér, en engu að síður fundið hvernig þeir hamla hann í að þroska hann sem tónlistarmann. „Sérstaklega þegar ég fór að spila djass og gutla við klassikina. Rokkið og poppið er að mínu viti ekki óæðri tónlist, en maður kemst upp með meiri groddaskap þar svo þetta hamlaði mér ekki jafn mikið þar. En svo fóru verkirnir líka að draga úr mér á því sviði og ég veit ég verð að læra að beita mér rétt

til að losna við þá. En það hefur aldrei hvarflað að mér að hætta að spila og snúa mér að einhverju öðru.“

Lærir að spila upp á nýtt

Námið sem Daði hefur í Norður-Karólínu í haust fann hann á flakki um veraldarvefinn. „Ég hef leitað mikið á netinu að námi sem myndi henta mér. Ég rakst á þetta nám í fyrra og pantaði mér myndband frá kennaranum, sem er kona að nafni Barbara Lister-Sink, og leist vel á. Í kjölfarið fór ég út á tíu daga námskeið hjá henni og fann að þetta væri eitthvað fyrir mig.“

Vandinn verður ekki leystur í einu vefangi, heldur verður Daði að læra aftur að spila á píanó frá grunni. „Það þarf að vinda ofan af fimmtán ára gömlu vandamáli sem gerist ekki sisvona. Ég þarf að hætta algjörlega að spila og læra hverja einustu nótu upp á nýtt. Kennarinn minn líkti þessu við að ef maður þyrfti að læra að ganga rétt þá þýddi ekki að ætla að haltra á meðan. En ábyggilega verður það skrútið að geta ekki bara sest fyrir framan nótnaborðið og byrjað að spila eins og maður er vanur.“


Djöflast á nótnaborðinu

Óvíst er hversu langan tíma það tekur Daða að ná valdi á nýju tækninni. „Það er einstaklingsbundið og getur tekið frá nokkrum mánuðum upp í tvö ár. Mig langar að læra þessa tækni nógu vel til að geta kennt hana hérna heima því þörfin er svo sannarlega fyrir hendi. Sjálfur þekki ég að minnsta kosti þrjú dæmi um fólk sem hefur verið að spila út af álagsmeiðslum.“

Enn eru nokkrir mánuðir þar til Daði fer utan svo hann hættir ekki að djöflast á nótnaborðinu alveg strax. „Kannski má segja að ég hafi komið mér í þá klemmu af lifa af þessu,“ segir hann og hlær. „Þannig að til að eiga pening til að fara og læra að losna við verkina verð ég að þjónast áfram í nokkra mánuði í viðbót.“

DAÐI MÆLIR MEÐ:

Stevie Wonder, *Songs In The Key of Life* (og reyndar allar plötur Stevie frá þessu tímabili). Stórkostlegur hljóðheimur og einstök nálgun hans fyrir framan svörtu hvítu nóturnar kemur mér alltaf á óvart.



Kind of Blue með Miles Davis. Bill Evans er einn tveggja píanóleikara á þessari plötu og hans framlag er hreint himneskt en jafnframt svo

lágstemmt og kurteist.

Art Tatum. Stjarnfræðilegt vald á hljódfærinu hefur enn þann dag í dag ekki verið endurtekið.



Mynddiskurinn *Art of Piano (Great pianists of the 21st Century)*.

Skemmtileg mynd um stærstu meistara píanósins. Þarna getur maður séð myndskreið og heyrð snillinga á borð við Rubinstein, Gould, Paderewsky, Rachmaninoff, Richter og fleiri. Athyglisvert og örvandi myndband.

Music has the right to children með Boards of Canada. Hljóðgervlaheimur Boards of Canada á þeirra fyrstu plötu sýnir hvaða töfra hægt er að ná fram með rafmagni og hæfileikum.



Sumartilboð
25%
afsláttur*



Bragðbetra í bragðprófun¹⁾

Nýjung! Nicorette Fruitmint

Við fylgjum nú eftir þeim vinsældum sem nýja kynslóðin af Nicorette nikótíntyggigúmmí hefur aflað sér og kynnum nýja bragðtegund - Nicorette Fruitmint.

Nicorette Fruitmint er mjúkt að innan, hefur stökkt yfirborð og frískandi bragð með gómsætri blöndu af ávöxtum og myntu.

Lestu meira á nicorette.is



*Meðan birgðir endast

1) Í bragðprófun meðal 100 reykingamanna var Nicorette Fruitmint borið saman við helsta keppinautinn - Fruit nikótíntyggigúmmí. Nicorette Fruitmint var talið bragðbetra nikótíntyggigúmmí. RSSL Pharma, 2005. Markaðsathugun gerð fyrir Pfizer. Nicorette nikótínlyf eru fánleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstakingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar. Handhafi markaðsleyfis: Pfizer ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ. www.nicorette.is

Ótrúlegt verð

Vaxta- og verðbólguhlusta tilboð

Fáanlegt í Smáralind, Kringlu og markaði Hagkaupa Akureyri

United 42" plasma sjónvarp

- 42" plasma skjár
- Upplausn 852x480 punktar
- Progressive Scan
- HDTV Ready
- Skerpa: 3000:1
- Birta 1000 cd/m²
- Mynd í mynd
- Nicam stereó hljóðkerfi
- Góðir tengimöguleikar
- Einföld fjarstýring



Vaxtalaust tilboð!
aðeins
9.999 kr
á mán. í 14 mánuði
Staðgreitt 139.986,-
Verð áður 159.990,-



Vaxtalaust tilboð!
aðeins
11.399 kr
á mán. í 14 mánuði
Staðgreitt 159.586,-

Ódýrasta 32" LCD tækið á Íslandi



Vaxtalaust tilboð!
aðeins
9.999 kr
á mán. í 13 mánuði
Staðgreitt 129.987,-
Verð áður 149.990,-



Vaxtalaust tilboð!
aðeins
11.999 kr
á mán. í 15 mánuði
Staðgreitt 179.985,-

JVC LCD 32" sjónvarp

- 32" LCD skjár
- Upplausn 1366x768 punktar
- HDTV Ready
- Skerpa: 1000:1
- Birta 500 cd/m²
- Svartími 7ms
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- Góðir tengimöguleikar
- Borðstandur fylgir

United LCD 32" sjónvarp

- 32" LCD skjár
- Upplausn 1366x768 punktar
- Progressive Scan
- HDTV Ready
- Skerpa: 800:1
- Birta 550 cd/m²
- Svartími 12ms
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- Góðir tengimöguleikar
- Borðstandur fylgir

Philips LCD 32" sjónvarp

- 32" LCD Skjár
- Upplausn 1366x768 punktar
- Digital Crystal Clear og Progressive Scan
- HDTV Ready
- Skerpa: 1600:1
- Svartími: 8ms
- Birtustig: 500 cd/m²
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- Góðir tengimöguleikar
- Borðstandur fylgir

*Stimpil-, seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

Gildir til 11. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Mannrækt undir Hrafnagili

Skólastarf í Hrafnagilsskóla í Eyjafjarðarsveit er með öðrum hætti en víðast hvar. Þar er sérstök áhersla lögð á dyggðir og börnunum innrætt virðing, góðvild og ábyrgð. Í Hrafnagilsskóla má sippa margföldunartöfluna og þar er þjóðsöngurinn sunginn í byrjun viku. Björn Þór Sigbjörnsson varði dagsparti í Hrafnagilsskóla og kynnti sér skólastarfið.

Þjallan í Hrafnagilsskóla hringir inn klukkan 8.15 líkt og í flestum skólum landsins. En ólíkt því sem víðast gerist byrja börnin daginn á samverustund þar sem þau fara með skólaheitið, ræða saman, flytja ljóð og syngja. Á miðvikudaginn var blúsað á Hrafnagili, Svefnpurkublús var á efnis-skránni. Anna Guðmundsdóttir skólastjóri segir samverustundirnar mikilvægar fyrir allt skólastarfið. Þær auki samkennd nemenda og starfsfólks og á þeim gefist færi á samræðum um skólastarfið og annað sem skiptir máli.

Anna er alla jafna aðstoðarskólastjóri á Hrafnagili en stýrir starfinu þennan veturinn því Karl Frímansson skólastjóri er í námsleyfi. Saman hafa þau búið til það sem kalla má Hrafnagilsskólastefnuna – skólastefnu sem

hefur vakið athygli og laðar fólk til sveitarfélagsins.

Anna segir fyrstu skrefin hafa verið stigin fyrir sjö árum. „Veturinn 1999-2000 fórum við að spá í þetta og um sumarið fóru átta kennarar á námskeið hjá Jóni Baldvini Hannessyni sem hafði kynnt sér skólamála á Indlandi. Í framhaldinu fórum við Karl til Indlands og kynntum okkur málin enn frekar. Okkur leist mjög vel á margt en auðvitað er ekki hægt að flytja svona lagað óbreytt úr framandi samfélagi. Þess vegna kynntum við okkur fleiri aðferðir og suðum upp úr þessu eitthvað sem okkur fannst henta.“ Veturinn eftir þreifudu þau sig áfram í skólastarfinu en haustið 2001 fór allt af stað af fullum krafti.

Ástæður þess að þau Karl Þyrsti í nýjungar í skólastarfi eru einfaldar. „Fólk sem er af alvöru í skólastarfi er alltaf að leita leiða til að gera skólana betri. Þarna sýndist okkur vera leið sem allir gátu fellt sig við og myndi efla skólastarfið. Og þá ekki bara bókstýrða námið heldur í miklu víðara samhengi og hafa áhrif miklu víðar.“ Það var sumsé hreinn og klár metnaður – jafnvel hugsjón – sem knúði þau áfram.

Lág- og hástaða

Dyggðir eru snar þáttur í skólastarfinu á Hrafnagili sem kristallast í skólasýninni, allir hafa hið góða í sér og hæfileikann til að verða betri manneskjur. Markvisst er unnið með dyggðirnar og þessa dagana er ábyrgðin til umfjöllunar. Skilgreiningar og tilvitnanir á borð við: verði mér á gengst ég við því og vanda mig betur næst, hver er sinnar gæfu smiður, töluðu orð og gerðir verða ekki aftur tekin og lofa skal það sem lofsvert er, eru viðfangsefni. Með þessu eru börnin vakin til umhugsunar um hvernig samskipti manna þurfa að byggjast á siðrænum gildum, vakin er löngun þeirra til að láta gott af sér leiða og taka ábyrgð á orðum sínum og gerðum.

En Hrafnagilsskólastefnan nær ekki aðeins til samskipta –



SUNGID Í SAMVERUSTUND Dagarnir í Hrafnagilsskóla byrja á samverustundum þar sem farið er með skólaheitið, sungið og málin rædd. Hrafnagilsskólari varð til í núverandi mynd með sameiningu fjögurra skóla í Eyjafjarðarsveit árið 1992. Nemendur eru um 200 en tæplega þúsund manns búa í sveitarfélaginu. Um helmingur nemenda býr á hefðbundnum sveitabæjum en aðrir koma frá lítlum, en vaxandi, þéttbýliskjörnum. Flest börnin koma með skólabil í skólann og þau sem fara um lengstan veg eru um 45 mínútur á leiðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS



NÝ SKÓLASTEFNA Anna Guðmundsdóttir hefur ásamt Karli Frímanssoni búið til og innleitt nýja siði í Hrafnagilsskóla þar sem dyggðir eru í forgrunni og kennsluhættir með öðru lagi en víðast hvar.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS

kennsluhættir eru um margt frábrugðnir hinu viðtekna. „Við heyrðum af því sem kallað er fjölmenningslegir kennsluhættir og fannst það passa okkur vel,“ segir Anna. Slíkir kennsluhættir voru teknir upp í Belgíu í tengslum við nýbúakennslu en þeim er ætlað að fyrirbyggja vandamál og tryggja að allir taki þátt. „Það dugar ekki að segja nemendum að vinna í hóp því það vill gerast að einhverjir séu útilokaðir og þá helst þeir sem hafa lægri stöðu en hinir. Námið er því sett þannig upp að allir hafi skilgreind hlutverk og læri þau. Einn er efnisflari, annar tímavörður, svo er stjórnandi og hvetjari. Reglulega er svo skipt um hlutverk. Krakkarnir læra fljótt að passa að enginn fari út fyrir sitt hlutverk heldur sinna allir sínu og þannig fá allir tækifæri.“

Þegar skólastarfið fer fram með þessum hætti gefst kennarar gott færi á að fylgjast með samskiptunum í hverjum hópi og vekja athygli á hinu jákvæða. „Ef kennarinn sér lágstöðunemanda gera eitthvað virkilega gott er athygli alls hópsins vakin á því og þannig minnkar bilið á milli lágstöðu- og hástöðunemanda,“ segir Anna.

Það hljómar undarlega að nemendur séu skilgreindir í lág- eða hástöðu. Anna segir að skil séu í öllum hópum en þau byggja ekki á efnahag foreldra eða einhverju í

þá áttina heldur persónu hvers og eins nemanda. „Hæfileikar, hreyfifærni, málskilningur og íþróttir eru meðal þess sem skiptir krökkunum í stöður. Aðferðin gerir ráð fyrir að unnið sé með þessa þætti á jákvæðan hátt.“

Enn ein stöðin í Hrafnagilsskólastefnunni byggir á því að nemendur hafa mismunandi greind. Verkefni reyna því á fleiri þætti en hina bóklegu, svo sem hreyfingu, tónlist eða teikningu. Hefðbundið námsefni er svo lagað að nýstárlegum kennsluháttum. Margföldunartaflan er gott dæmi en krakkarnir í Hrafnagilsskóla þurfa að læra hana eins og önnur börn. „Ef nemandanum finnst betra að dansa um leið og hann þylur margföldunartöfluna eða jafnvel sippa hana þá er það í góðu lagi,“ segir Anna.

Standa á skoðunum sínum

Þó að skólastefnan í Hrafnagilsskóla sé um margt óhefðbundin rúmast hún fyllilega innan ramma laga og reglugerða um skólastarf. Svigrúmið er enda talsvert og skólastjórnendum frjálst að reyna fyrir sér með nýjungar. Margt skólafólk hefur heimsótt Hrafnagil á umliðnum árum til að kynna sér þær leiðir sem þar eru farnar og jafnan óska fjölmargir kennaranemar eftir að fá verklega leiðsögn í skólanum.

Anna segir almenna ánægju með skólastefnuna og að viðhorfs-

kannanir sýni að langflestir foreldrar séu ymist ánægðir eða mjög ánægðir.

Það orð fer af skólanum að þar ríki agi – jafnvel járnagi. „Við ætlumst til ákveðins aga í skólanum og honum er komið á og framfylgt með því að setja skýr mörk,“ segir Anna. „Börnin vita hver ramminn er. Við höfum fáar skólareglur og fyrir þeim eru rök sem nemendur skilja.“ Reglunum er þó hvorki framfylgt með refsingu né umbun. Þá semja krakkarnir bekkjarsáttmála í hverjum bekk þar sem fjallað er um hvernig þau vilja hafa samskiptin og vinnulagið í bekknum sínum. „Það eru mannréttindi að fá að vera í friði í kennslustofunni og fá frið til að læra og það hefur enginn annar rétt til að spilla því og eyðileggja fyrir öðrum,“ segir Anna.

Krökkunum í Eyjafjarðarsveit er líka kennt að hafa skoðanir og færa rök fyrir þeim. Fyrir viknið eru þau betur í stakk búin til að ræða við fullorðna á jafnréttisgrundvelli. Vikulega eru haldnir bekkjarskiptir þar sem góðir fundarskiðir eru virtir í hvívetna og ef einhver setur fram skoðun þarf hann að stýðja hana rökum. Það er bannað að segja af því bara. Og stundum er bankað upp á hjá Önnu skólastjóra. „Hér koma krakkar og ræða við mig um eitthvað sem þeim finnst að þurfi að laga og þeir færa þá rök fyrir því. Sumum finnst reglurnar í skólanum of strangar og öðrum finnst þær ekki nógu strangar. Þetta geta verið mjög skemmtilegir fundir.“

Anna vill ekkert fullyrða um hvort krakkarnir í Hrafnagilsskóla séu og verði betur í stakk búin til að takast á við lífið og tilveruna heldur en aðrir krakkar en telur að heilt yfir fari þeir vel undirbúin úr skólanum. „Bragurinn er þannig að krökkunum líður vel hér og ég held að það hljóti að vera til bóta. Svo höfum við heyrt að þeir sem fara héðan í framhaldsskólana séu undir eins komnir á kaf í félagsstörf, enda allir vanir að tala frammi fyrir hópi. Þetta hlýtur því að vera jákvætt.“

Ásókn í skólann

Hrafnagilsskólari er miðpunktur mann- og athafnalífs í Eyjafjarðarsveit. Vinnustaðurinn er stór og meginþorri tekna sveitarfélagsins rennur til skólans. Anna segir sveitarstjórnarmenn afar jákvæða gagnvart skólastarfinu og vel sé búið að skólanum. Ekki

HORNSTEINAR MENNTUNAR

Dyggðir

Fræðsla um dyggðir og gildi felur í sér að börnum er innrætt virðing, góðvild og ábyrgð gagnvart sjálfum sér og öðrum. Slík uppræðsla er undirstöðuatriði í þroska barnsins og menntun þess skilar ekki tilætluðum árangri án hennar. Siðræn gildi gæða verkin merkingu.

Að gera allt framúrskarandi vel

Markviss menntun stefnir að því að barnið temji sér að gera allt framúrskarandi vel. Barn sem gerir þetta að leiðarljósi í lífi sínu verður betur í stakk búin til að þroska hæfileika sína til fulls og ná framúrskarandi árangri.

Þjónusta við samfélagið

Börnin eru hvött til að leggja sitt af mörkum til að bæta umhverfið og samfélagið. Þegar barn lærir að sinna umhverfi sínu og þeim sem þurfa á hjálp að halda styrkist sjálfsmýnd þess og það fær hvatningu sem skólavistin ein saman getur ekki veitt.

Skilningur

Börn verða að læra að líta á fjölbreytni hvað varðar þjóðerni, tungumál og menningu sem kost en ekki galla. Markmiðið er samkennd og virðing, færni í mannlegum samskiptum og aukinn skilningur.

Fjölnota verkfæri

MultiMaster Mxse 636 II

Slipar í horn

Slipar - sagar raspar - sker.

RAFVER HF

Verkfæri fyrir alla

SKRIFAN 3E-F - 108 REYKJAVÍK
SÍMI 561 2333 / 561 2415
RAFVER@RAFVER.IS - WWW.RAFVER.IS

allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ



Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður



MENNTASVIÐ

GRUNNSKÓLAR

Skólaárið 2006-2007 eru eftirfarandi stöður grunnskóla-kennara lausar við grunnskóla Reykjavíkurborgar:

Álftamýrarskóli, sími 570-8100

- Náttúrufræðikennari á unglíngastigi

Brúarskóli, sími 520-6000

- Heimilisfræðikennari í 60% stöðu
- Tónmenntakennari

Foldaskóli, sími 540-7600

- Þrjár kennarastöður á unglíngastigi. Meðal kennslugreina eru íslenska, náttúrufræði og stærðfræði.

Ingunnarskóli, sími 411-7828

- Sérkennari með fötlunarfræði
- Dönskukennari á unglíngastigi
- Íslenskukennari á unglíngastigi
- Samfélagsfræðikennari á unglíngastigi
- Almennur kennari á miðstigi

Langholtsskóli, sími 553-3188

- Náttúrufræðikennari á unglíngastigi
- Sérkennari í 75% stöðu

Melaskóli, sími 535-7500

- Umsjónarkennari

Víkurskóli, sími 545-2700

- Umsjónarkennari á miðstigi
- Bókasafnskennari
- Sérkennari
- Enskukennari í 60% stöðu

Öskjuhlíðarskóli, sími 568-9740

- Staða deildastjóra eldri deildar er laus til afleysinga í eitt ár

Upplýsingar veita skólustjórar og aðstoðarskólustjórar í viðkomandi skólum. Umsóknir ber að senda í viðkomandi skóla. Umsóknarfrestur er til 6. júní n.k. Laun eru skv. kjarasamningi LN og KÍ.

Proskapjálfar

Borgaskóli, sími 577-2900

Ingunnarskóli, sími 411-7828

Víkurskóli, sími 545-2700

Námsráðgjafar

Húsaskóli, sími 567-6100 í 75-100% stöðu

Ingunnarskóli, sími 411-7828

Rimaskóli, sími 567-6464

Víkurskóli, sími 545-2700

Skólaliðar

Borgaskóli, sími 577-2900 í 70% og 100% stöðu

Ingunnarskóli, sími 411-7828

Öskjuhlíðarskóli, sími 568-9740

Stuðningsfulltrúi

Ingunnarskóli, sími 411-7828

Öskjuhlíðarskóli, sími 568-9740

Öll laus störf eru auglýst á www.menntasvid.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauðgýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf

Verktakaflokkar óskast

Óskum eftir verktakaflokkum með 2 - 8 smiðum í inni og útivinnu. Mikil verkefni framundan.

Upplýsingar gefur Einar í síma 897 0770



Íþróttakennarar athugið

Staða íþróttakennara við Fjölbrotaskóla Vesturlands er laus til umsóknar.

Ráðið verður í stöðuna frá 1. ágúst n.k. Laun eru samkvæmt kjarasamningi KÍ við fjármálaráðuneytið.

Umsóknarfrestur er til 28. maí n.k.

Við minnum á áður auglýstar stöður kennara í íslensku, húsasmíði, raungreinum og upplýsingatækni. Umsóknarfrestur um þær stöður er til 15. maí.

Umsóknir skulu sendar Fjölbrotaskóla Vesturlands, Vogabraut 5, 300 Akranes. Ekki þarf að nota sérstök umsóknareyðublöð. Öllum umsóknum verður svarað.

Upplýsingar veita Hörður Ó. Helgason skólameistari og Atli Harðarson aðstoðarskólameistari í síma 433 2500.

Upplýsingar um skólann eru á heimasíðu okkar www.fva.is

Skólameistari



VIÐ ERUM AÐ LEITA AÐ AÐSTOÐARKOKKI

CAFE PARIS ER Á MIKILLI SIGLINGU EFTIR GAGNGERAR ENDURBÆTUR. AF ÞVI TILFNI VIJUM VIÐ BÆTA AÐSTOÐARKOKKI Í FRÁBÆRT STARFSLIÐ OKKAR. VIÐKOMANDI VERÐUR AÐ VERA ÁHUGASAMUR UM MATREIÐSLU, SKIPULAGÐUR OG SNYRTILEGUR. VIÐ ÞJÓÐUM UPP Á GÓÐ LAUNI Í SKEMMTILEGU OG KREFJANDI STARFI. EF OFANGREIND LÝSING Á VIÐ ÞIG, FÁÐU ÞÁ NÁNARI UPPLÝSINGAR HJÁ: BIRGI Í SÍMA 856 1062, EÐA Á CAFEPARIS@CAFEPARIS.IS



Reykjavíkurdeild Rauða kross Íslands auglýsir eftir starfsmanni í hlutastarf hjá Hjálparsíma Rauða Krossins 1717

Um er að ræða 60% starfshlutfall sem felst m.a. í:

- samskiptum við sjálfboðaliða verkefnisins
- faglegri símsvörun
- nánu samstarfi við verkefnastjóra

Háskólapróf í félagsvísindum eða sambærileg menntun æskileg. Nánari upplýsingar veitir Elfa Dögg verkefnastjóri Hjálparsímans í s: 545-0404. Viðkomandi þyrfti að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknum skal skilað fyrir 15. maí nk. á skrifstofu Reykjavíkurdeildar Rauða kross Íslands, Laugavegi 120, 4. hæð eða með tölvupósti á netfangið elfal@redcross.is



Lögfræðingur, sviðsstjóri þjónustusviðs

Leitað er að lögfræðingi í starf sviðsstjóra þjónustusviðs Skipulagsstofnunar

Sviðsstjórnin stjórnar þjónustusviði sem sinnir lögfræðiráðgjöf við úrlausn viðfangsefna stofnunarinnar, rekstri, skjala- og gagnasöfnum, móttöku og skjalaskráningu, útgáfu- og kynningarmálum og tölvuþjónustu.

Laun greiðast samkvæmt samningi fjármálaráðuneytisins við viðkomandi stéttarfélag.

Upplýsingar um Skipulagsstofnun er að finna á heimasíðu stofnunarinnar: www.skipulag.is.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Stefán Thors, skipulagsstjóri ríkisins í síma 595 4100.

Umsókn sendist Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík fyrir 15. maí 2006.

Skipulagsstofnun



„Vinnan göfgar manninn“ stendur einhvers staðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Réttindi barna og unglunga

Launavinna íslenskra ungmenna er rannsóknarverkefni sem Margrét Einarsdóttir doktorsnemi vinnur að.

Margrét hlaut nýverið fræðimannsstyrk úr Minningar-sjóði Eðvarðs Sigurðssonar til að vinna að verkefninu „Launavinna íslenskra ungmenna: Áhersla á vernd eða

réttindi.“ Það er undirbúningur að doktorsverkefni hennar og er rannsókninni meðal annars ætlað að gefa fræðileg svör við því hvernig hægt er að sameina vernd barna og réttindi þegar vinna er annars vegar. Styrkir úr sjóðnum eru almennt ætlaðir til verkefna er varða íslenskt samfélag, málefni launafólks og starfsemi verkafélagsheyringarnar.

Lært í vinnunni

Sérstakan sjóð þyrfti að setja á laggirnar vegna starfsnáms á vinnustöðum. Þetta er mat nefndar um vinnustaðanám.

Starfshópur sem menntamálaráðherra skipaði um fyrirkomulag vinnustaðanáms til frambúðar skilaði lokaskýrslu sinni rétt fyrir páska. Helstu niðurstöður eru þær að jafna þyrfti kostnað vegna kennslu nemenda á vinnustöðum og þá með tilkomu starfsnáms-sjóðs á vegum stjórnvalda og atvinnulífs sem fyrir-tæki gætu sótt í. Hópurinn telur að vinnustaðanám ætti að hafa jafnt vægi og ýmsir þættir starfsnáms í framhaldsskólum. Slíkt fyrirkomulag tryggði að nemendur fengju viðeigandi kennslu á vinnustöðum en



Erlendir starfsmenn á íslenskunám-skeiði hjá Póstinum.

væru ekki nýttir sem ódyrt vinnuafli. Einnig að meiri gæði fengjust fyrir það fjármagn sem varið er til vinnustaðakennslu ef fjármunir sem til þess er varið væru sýnilegir.

Gistinóttum fjölgar milli ára

Gistinætur á íslenskum hótélum voru 12 prósentum fleiri í mars en í sama mánuði í fyrra.

Sjöttu og þrjú þúsund og eitt hundrad gistinætur voru á íslenskum hótélum í mars. Þær voru 65.200 í sama mánuði í fyrra sem þýðir 12% aukningu milli ára. Íslendingar eiga mestan þátt í fjölguninni eða 28% á móti 5% erlendra gesta.

Mest fjölgaði gistinóttunum hlutfallslega á Austurlandi þar sem þær fóru úr 1.200 í 1.800 milli ára sem eru 55%. Á Suðurnesjum, Vesturlandi og Vestfjörðum var fjölgunin 36%. Á Suðurlandi nam hún 19%



Hótel Hérað á Egilsstöðum er eitt þeirra hótela sem hafa aukið nýtingu sína.

FRÉTTABLAÐIÐ/ISAK

en 9,5% á höfuðborgarsvæðinu þar sem gistinæturnar fóru úr 47.300 í 51.800. Norðurland var eina landsvæðið þar sem samdráttur varð. Þar fækkaði gistinóttum um 8,5%, úr 4.700 í 4.300. Gistirýmið jókst lítillega milli ára því eitt hótél bættist í hóp þeirra sem hafa opið í mars.

SMIÐIR

Óskum eftir smiðum til starfa í fjölbreytt verkefni. Tekið er á móti umsóknum á www.verktaki.is

Nánari upplýsingar gefa:
Aðalgeir: 660-2408 - Halldór: 660-2409



Sveinbjörn Sigurðsson ehf. er eitt elsta og framsæknasta byggingafyrirtæki landsins með yfir 60 ára reynslu.

www.verktaki.is



Spennandi sumarstörf !

Svæðisskrifstofu Reykjaness leitar að stuðningsfulltrúum til sumarstarfa á heimili fólks með fötlun og á hæfingarstöðvar í eftirfarandi sveitarfélögum:

- Kópavogur
- Garðabær
- Hafnarfjörður
- Álftanes
- Seltjarnarnes
- Mosfellsbær

Ef þú ert að leita þér að skemmtilegu sumarstarfi þá gæti þetta verið eitthvað fyrir þig. Um er að ræða bæði dagvinnu og vaktavinnu í ýmsum starfshlutföllum.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofutíma í síma 525-0900. Umsóknareyðublöð má nálgast á skrifstofunni að Fjarðargötu 13-15 í Hafnarfirði og á heimasíðu okkar www.smfr.is.

Við erum að stækka !

Sölumaður : Sala, ráðgjöf og afgreiðsla
Lagermaður : Móttaka, tiltekt og útkeyrsla vara
Vinnutími 8.00-18.00 virka daga

Skrifstofustarf : Bókhaldsvinnsla í NAVISION
Vinnutími 8.00-16.00 virka daga

SUMARSTÖRF
Óskum einnig eftir sumarstarfsfólki við lagerstörf

Upplýsingar veitir Ragna Hlín Sævarsdóttir í síma 510 1405
Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á umsokn@vatnoghiti.is

vatn og hiti er heildverslun sem flytur inn og selur lagnaefni til pipulagnamanna, verktaka og fyrirtækja.
Hjá fyrirtækinu starfa 9 starfsmenn.
Reyklaus vinnustaður.

vatn og hiti
Smáruvegj 5 | 200 Kópavogur | 510 1400



ÖRYGGISVÖRÐUR

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu öryggisvarðar lausa til umsóknar. Umsóknarfrestur er til 17. maí 2006. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: <http://iceland.usembassy.gov>.



TOLLSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Tollverðir

Hjá tollstjóranum í Reykjavík eru lausar til umsóknar nokkrar stöður tollvarða.

Tollverðir eru embættismenn sem settir eru tímabundið og fá skipun að loknu námi í Tollskóla ríkisins. Tollstjórinn í Reykjavík ákveður svo fljótt sem því verður við komið hvenær starfsmenn, sem hafa verið settir tímabundið í störf tollvarða við embættið, skuli hefja nám við Tollskólann.

Þeir sem settir verða í störf tollvarða, þ.m.t. til afleysinga, skulu auk almennra skilyrða 6. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Umsækjendur skulu hafa lokið a.m.k. tveggja ára almennu framhaldsnámi eða öðru sambærilegu námi með fullnægjandi árangri eða starfsþjálfun sem jafna má til slíks náms. Þeir skulu hafa gott vald á íslensku og einu Norðurlandamáli auk ensku.
2. Umsækjendur um starf tollvarða skulu auk skilyrða 1. tl. fullnægja þeim skilyrðum að vera á aldrinum 20-35 ára, hafa almenn ökuréttindi til bifreiðaaksturs, vera syndir, andlega og líkamlega heilbrigðir og er þeim skylt að skila inn læknisvottorði því til staðfestingar.

Umsækjendur þurfa að gangast undir þrjúþætt inntökupróf en nánari upplýsingar um það er að finna á www.tollur.is. Leitað er að fólki sem sýnt getur fram á samviskusemi, nákvæmni og örugg vinnubrögð, góða framkomu og hæfni í mannlegum samskiptum.

Heimilt er að víkja frá einstökum skilyrðum ef sérstakar ástæður mæla með því.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hörður Davíð Harðarson aðal-deildarstjóri í síma 5600-380 og Guðný Einarsdóttir forstöðumaður starfsmannasviðs í síma 5600-379.

Umsóknarfrestur er til 29. maí nk. Umsóknir merktar "tollvörður" ásamt læknisvottorði, ljósriti af ökuskrifeini, upplýsingum um menntun, fyrri störf, meðmælendur og annað sem umsækjandi vill taka fram skal skila til starfsmannasviðs embættisins Skúlagötu 17, 101 Reykjavík eða í gegnum tölvupóst: starf@tollur.is.

Tollstjórinn í Reykjavík fer fram á það við umsækjendur sem koma í viðtal að fá heimild til að afla upplýsinga úr málaskrá lögreglu og tollgæslu ásamt heimild til að athuga skuldastöðu umsækjanda hjá ríkissjóði. Einnig er farið fram á það við þá umsækjendur er boðið verður starf að þeir skili inn sakavottorði.

Umsóknir geta gilt í sex mánuði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Tollstjóraembættið fer með tollstjórn í Reykjavík. Hlutverk þess er að stuðla að því að löggjöf um inn- og útlutning og skil á sköttum sé fylgt og eiga þannig þátt í efnahags- og félagslegri velferð íslensks samfélags. Framtíðarsýnin er að vera framsækin ríkisstofnun, sem er þekkt fyrir að veita góða og skilvirka þjónustu, að vera eftirsóttur vinnustaður og viðurkennd fyrir að standa vörð um hagsmuni almennings og atvinnulífs. Til að ná þessari sýn er embættið með framsýna, kraftmikla og fjölskylduvæna starfsmannastefnu. Lögð er áhersla á símenntun starfsmanna, heilsuefingu og góðan aðbúnað.

www.tollur.is

Leikskólakennarar

Leikskólar á Fljótsdalshéraði auglýsa eftir leikskólakennurum

Leikskólinn Hádegishöfði í Fellabæ:

- Deildarstjóri
- Leikskólakennarar

Leikskólinn Tjarnarland á Egilsstöðum:

- Deildarstjóri
- Leikskólakennarar

Leikskólinn Skógarland Egilsstöðum:

- Deildarstjóri
- Leikskólakennarar

Leikskólinn Skógarsel á Hallormsstað:

- Leikskólakennarar

Upplýsingar veitir Ólöf Ragnarsdóttir, leikskólalafulltrúi Fljótsdalshéraðs, í síma 4 700 700, olof@egilsstadir.is.

Fáist ekki leikskólakennarar til starfa eru ráðnir starfsmenn með aðra uppeldismentun og/eða reynslu af því að vinna með börnum.

Umsóknum skal skila á skrifstofu Fljótsdalshéraðs, Lyngási 12, 700 Egilsstaðir í síðasta lagi 30. maí merkt viðeigandi skóla. Einnig má sækja um stöðurnar á www.job.is.

Fljótsdalshérað



fljotsdalsherad.is



LEIKSKÓLAKENningarAR OG ANNAFÉLAG UPPELDISMENTAÐ STARFSFÓLK ATHUGIÐ

Okkur í heilsuleikskólanum Suðurvöllum vantar jákvæða og hressa leikskólakennara í 100% stöður í haust.

Leikskólinn er þriggja deilda í nýlegu, glæsilegu húsnæði með góðri aðstöðu.

Ef ekki fæst uppeldismenntað starfsfólk, verða aðrar umsóknir teknar til umfjöllunar.

Einnig vantar okkur yfir- og aðstoðarmatráð í eldhús. Umsóknareyðublað er hægt að nálgast í leikskólanum og á skrifstofu sveitarfélagsins Voga. Umsóknarfrestur er til og með 20. maí nk.

Nánari upplýsingar veitir María Hermannsdóttir aðstoðarskólalastjóri í síma 424-6817.

Laus störf

Flensborgarskóli auglýsir eftir eftirfarandi starfsmönnum fyrir næsta skólaár:

Ræstinga-/þjónustustjóra – 1 staða
Þjónustuliðar – 4 – 5 störf

Ræstingastjóri skipuleggur, hefur umsjón með og stýrir allri ræstingu í Flensborgarskólanum. Miðað er við að öll ræsting verði unnin á dagvinnutíma samhliða skólastarfi.

Jafnframt er auglýst
50% starf bókasafnsfræðings á bókasafni skólans.

Haustið 2006 tekur Flensborgarskólinn í gagnið nýja og glæsilega viðbyggingu og samhliða er verið að gera verulegar breytingar og endurbætur á eldra húsnæði skólans. Skólinn býður gott vinnuumhverfi og framsækið skólastarfi.

Launakjör fara eftir gildandi kjarasamningum.
Umsóknarfrestur er til 22. maí 2006. Umsóknir skulu sendar til Flensborgarskólans í Hafnarfirði, Pósthólf 240, 222 Hafnarfjörður. Umsóknnum þarf ekki að skila á sértöku eyðublaði en í umsókn er óskað eftir að fram komi ítarlegar upplýsingar um starfsferil og menntun.
Nánari upplýsingar um starfið og starfskjör veitir skólameistari eða aðstoðarskólameistari í síma 5650400. Einnig er hægt að beina fyrirspurnum á netfangið flensborg@flensborg.is

Skólameistari

Sölustarf

Tímaritaútgáfan Fróði ehf óskar eftir að ráða kraftmikla og drífandi sölumenn til starfa í auglýsingadeild Fróða ehf.

Umsóknnum ásamt ferilskrá sendist til Tímaritaútgáfunnar Fróða ehf, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík eða á netfangið gbald@frodi.is undir fyrirsögninni – Sölustarf.

Umsóknnum skal skila í síðasta lagi föstudaginn 12. maí n.k.



Álftranesskóli
www.alftranesskoli.is

100% – Húsvörð

Óskum að ráð frá 20. júní 2006 starfamann í starf húsvörðar.

Iðnmenntun æskileg

- umsjón húseigna og skólalóðar
- umsjón búnaðar
- sinnir viðhaldsverkefnum
- umsjón með ræstingu og mannaforráð
- þátttaka í þróunarverkefnum skólans

Skoðaðu aðstæður og vertu með í liði sem byggir upp.

Upplýsingar veita Sveinbjörn Markús Njálsson skólalastjóri, í sínum 540-4700 og 8215007, netfang: sveinbjorn.njalsson@alftranesskoli.is

Umsóknir með upplýsingum um nám og fyrri störf sendist Álftranesskóla.

Umsóknarfrestur er til 15 maí 2006.

Sjá einnig vef Álftranesskóla og vef Álftraness www.alftraness.is

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Starfsmannafélags Hafnarfjarðar og Sveitarfélagsins Álftraness.

28. apríl 2006

Skólalastjóri



Hjúkrunarheimili



Sumarstörf á frábærum vinnustað

Á fallegum stað í Grafarvogi er Eir Hjúkrunarheimili sem rekur fjölbreytta þjónustu við aldraða. Þar eru 8 hjúkrunardeildir, dagdeild, skammtímadvöl, sjúkraþjálfun, dægradvöl og einnig heimahjúkrun og þjónusta við íbúa í Eirarhúsum þar sem eru 37 öryggisíbúðir.

Fastar stöður og sumarflýsingar

Laus eru stöður sjúkraliða, félagsliða og starfsmanna í ummönunarstörf á hinum ýmsu deildum hjúkrunarheimilisins.

Starfshlutfall er samkomulag.

Núna er tíminn til að sækja um sumarvinnu. Um er að ræða vinnu í umönnun, en að vinna með öldruðum er einstök lífsreynsla sem viðkomandi starfsmaður býr að alla tíð.

Upplýsingar veita Hjúkrunarforstjóri, Birna Kr. Svavarsdóttir eða hjúkrunarfræðslustjóri, Jóna H. Magnúsdóttir í síma. 522 5700.

Umsóknir er einnig hægt að senda á fraedsla@eir.is


Eir Hjúkrunarheimili

Hlíðarhúsum 7. 112 Reykjavík.
Sími. 522 5700. www.eir.is

Netamann og háseta
vantar á ísfisktogara sem gerður er út frá Hafnarfirði
Upplýsingar í síma 659-3593.

Vanur bókarí óskast í lítið hlutastarf hjá verktökum.

Upplýsingar í síma 892-4547 eða 897-5547.



Austurrískur bakari og kondítör með alþjóðlega reynslu óskar eftir vinnu hjá traustu fyrirtæki.

S: 847 9139 e-mail:

ernaroland@hotmail.com



RE/MAX KÓPAVOGI

Auglýsir eftir sölufulltrúum

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu við sölumennsku.

Viðtalstímar pantaðir hjá Konráði í síma 822 0491

www.remax.is

RE/MAX

PITT - líf
PINN - ferill
PIÑ - leið

SMÁUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Yfir 150.000 gestir daglega

PÖNTUNARSÍMI 550 5000

ÉÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

- smáauglýsingar sem allir sjá

 CAFE PARIS

VIÐ ERUM AÐ LEITA AÐ ÞJÓNI

CAFÉ PARIS ER Á HRAÐRI UPPLÉIÐ EFTIR MIKLAR BREYTINGAR NÝVERIÐ. AF ÞVÍ TÍLEFNI VIJUM VIÐ BÆTA ÞJÓNI Í STARFSLIÐ OKKAR, LÆRDUM EÐA ÓLÆRDUM, Í FULLT STARF EÐA HILUTASTARF. VIÐKOMANDI VERÐUR AÐ HAFA SKIPULAGSHÆFILEIKA, GETA UNNIÐ UNDIR ÁLAGI OG HAFA NOKKURRA ÁRA REYNSLU AF ÞJÓNUSTUSTÖRFUM. VIÐ ÞJÓÐUM UPP Á GÓÐ LAUN Í SKEMMTILEGU OG KREFJANDI STARFI. EF OFANGREIND LÝSING Á VIÐ ÞIG, FÁÐU ÞÁ NÁNARI UPPLÝSINGAR HJÁ: HERMANNI Í SÍMA 856 1060, BERGLINDI Í SÍMA 891 7919 EÐA Á CAFEPARIS@CAFEPARIS.IS



GARÐABÆR

www.gardabaer.is

Skemmtilegt starf við heimajónustu hjá Gardabær

Óskum eftir hressu starfsfólki til að starfa við heimajónustu. Bæði er möguleiki á framtíðarstörfum og sumarstörfum.

Starfshlutfall getur verið samkomulag og vinnutími sveigjanlegur. Starfið felur m.a. í sér aðstoð við heimilishald, svo sem almenn þrif, persónulega umönnun og félagslegan stuðning.

Um er að ræða mjög gefandi starf sem getur hentað fólki á öllum aldri.

Launakjör samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Gardabæjar við launanefnd sveitarfélaga.

Nánari upplýsingar veita Eyrún Jónatansdóttir (eyjo@gardabaer.is) og Edda Tryggvadóttir (edda@gardabaer.is) á fjölskyldu- og heilbrigðissviði í síma 525 8500.

Fjölskyldu- og heilbrigðissvið

STARFSFÓLK ÓSKAST

LAGERSTARF

Óskum að ráða starfsmann til almennra lagerstarfa.

Leitum að heiðarlegum og traustum starfsmanni til framtíðarstarfa.

HELGARSTÖRF

Óskum að ráða duglegt starfsfólk til helgarstarfa í verslun okkar.

Upplýsingar um aldur menntun og fyrri störf sendist á: lysing@rafkaup.is fyrir 12.maí.



Rafkaup
Ármúla 24 // www.rafkaup.is

Vantar smiði, laghenta menn og verkamenn til vinnu.

Upplýsingar í síma 892-4547 eða 897-5547.

ERTU SÉR- FRÆÐINGUR?

Skýrr hf. vill ráða sérfræðing til starfa við tölvurekstrarþjónustu og kerfisleigu hjá þjónustulausnum Skýrr. Við sækjumst eftir orkumiklum og jákvæðum einstaklingi til starfa, manneskju sem getur axlað ábyrgð og tekist á við krefjandi verkefni. Í boði eru góð laun og spennandi verkefni hjá traustu fyrirtæki í kraftmiklu og lifandi starfsumhverfi.

Starfssvið

- Uppsetning og rekstur á tölvukerfum viðskiptavina, ásamt öðrum tengdum verkefnum
- Tæknileg uppbygging, rekstur og þjónusta á kerfisleiguumhverfi fyrir viðskiptavinum
- Almenn notenda- og tölvuþjónusta
- Ráðgjöf og úttektir á rekstri tölvukerfa ásamt uppsetningu á gagnaflutningstengingum fyrir fyrirtæki

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði kerfis- eða tölvunarfræði og/eða umtalsverð starfsreynsla á þessu sviði
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í starfi
- Mikil færni í mannlegum samskiptum

 netsjá **kerfisleiga**

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristján Brooks, hópstjóri hjá Þjónustulausnum Skýrr, (569 5100 eða kristjan.brooks@skyr.is). Umsóknarfrestur er til hádegis, mánudaginn 15. maí. Eyðublað fyrir umsóknir er að finna á vefsvæði Skýrr. Fullum trúnaði er heitið.



Starfsfólk Skýrr sinnir þörfum liðlega 2.200 kröfuharðra viðskiptavina í fyrirtækjum og stofnunum af öllum stærðum og gerðum. Vönduð og öguð vinnubrögð Skýrr eru samtvinnuð afar fjölbreyttu vörurvali, heildarlausnum á sviði upplýsingatækni og fyrsta flokks þjónustu.

Skýrr er samstarfsaðili Business Objects, Microsoft, Oracle og VeriSign. Starfsemi Skýrr er vottuð samkvæmt alþjóðlega gæða- og öryggisstaðlinum ISO 9001. Fyrirtækið er Microsoft Gold Certified Partner.

Ármúla 2 / 108 Reykjavík / sími 569 5100 / skyr@skyr.is / www.skyrr.is



Bókband!

Óskum eftir manneskju í frágang í bókbandi. Reynsla æskileg, en ekki skilyrði.

Upplýsingar gefur prentsmiðjustjóri í síma 860-2404, einnig hægt að sækja um á netfangið isprent@isprent.is

Íslandsprent ehf., sem var stofnað haustið 2003, er til húsa að Steinhelli 10 í Hafnarfirði. Frá stofnun hefur markmið fyrirtækisins verið að bjóða upp á alhliða prentþjónustu á hagstæðum kjörum, í miklum gæðum og á sem skemmstum tíma.

Íslandsprent • Steinhella 10 • 221 Hafnarfjörður • 569 7200 • www.isprent.is





Sumarstarf Bílstjórar með meirapróf

Útkeyrsludeild Íslandspósts óskar eftir að ráða bílstjóra með meirapróf í vaktavinnu í sumar.

Hæfniskröfur:

- Meirapróf
- Hreint sakavottorð
- Stundvísi, snyrtimennska og góð þjónustulund

Gott væri að viðkomandi gæti byrjað sem fyrst.

Umsóknnum skal skilað til:

Íslandspóst hf. Póstmiðstöð, Stórhöfða 32,
110 Reykjavík. Merkt: Sumarstarf bílstjórar
meirapróf. Einnig er hægt að sækja um á
heimasíðu Íslandspósts: www.postur.is

Stuðningsfjölskylda

Auglýst er eftir traustu og jákvæðu fólki sem er tilbúið til að annast fatlað barn í 2 vikur í mánuði á heimili sínu. Um er að ræða 5 ára dreng með einhverfu sem er í leikskóla allan daginn. Starfið felst í því að sinna öllum hans þörfum á meðan hann dvelur hjá fjölskyldunni.

Fagleg handleiðsla og stuðningur er í boði frá Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis og Svæðis-skrifstofu um málefni fatlaðra í Reykjavík.

Ráðningin verður á grundvelli verktakasamnings.

Nánari upplýsingar um starfið veita: Lone Jensen sviðsstjóri SSR í síma 533-1388 eða tölvupóstfangið lone@ssr.is og Berglind Leifsdóttir félagsráðgjafi Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis í síma 411-1500 eða tölvupóstfangið bergind.leifsdottir@reykjavik.is

Umsóknir sendist Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Síðumúla 39, 108 Reykjavík fyrir 19. maí nk.



Lerkið hentar vel í girðingarstaura.

MYND/SMK

Stauragerð og girðingarvinna

Skógarbændur í Fljótsdal framleiða nú girðingarstaura í gríð og erg.

Framleiðsla á 2.500-3.000 girðingarstaurum er hafin hjá nytjaskógaverkefni Héraðsskógum. Landsvirkjun er kaupandinn og ætlar að nota staurana í girðingu meðfram Jökulsá á Dal. Áin hefur til þessa verið sauðfjárveikivarnarlína en eftir að Kárahnjúkavirkjun tekur til starfa gegnir hún ekki lengur því mikilvæga hlutverki. Talið er að staurarnir sem Landsvirkjun hefur samið um kaup á dugi í 20-

30 kílómetra langa girðingu en ekki einungis þarf að girða meðfram Jökulsá á Dal heldur líka Jökulsá í Fljótsdal.

Skógarbændurnir framleiða staurana úr 20 ára gömlum lerkitrjám sem eru eins og fúavarin frá náttúrunnar hendi og staurar úr þeim eru taldir endast betur en innfluttur grenistaurar. Einn skógarbændanna, Þorsteinn Pétursson í Víðivalla-gerði, hefur fest kaup á sérstakri vél frá Austurríki sem afberkir trén, flettir í við, yddar og sagar í réttar lengdir.

Heimild: Bændablaðið



Hrafnista Reykjavík

Sumarvinna
Starfsfólk óskast í sumarafleysingar.
Starfshlutfall samkomulag Sveiganlegur vinnutími.
Upplýsingar gefur Magnea í síma 585-9529
Netfang magnea@hrafnista.is

Hrafnista Hafnarfirði

Sumarvinna
Starfsfólk óskast í sumarafleysingar.
Starfshlutfall samkomulag Sveiganlegur vinnutími.
Upplýsingar gefur Lovísa Jónsdóttir í síma 585-9402 og 693-9502. Netfang lovisaj@hrafnista.is

Vífilsstaðir, Garðabæ

Sumarvinna
Starfsfólk óskast í sumarafleysingar.
Starfshlutfall samkomulag Sveiganlegur vinnutími.
Upplýsingar gefur Ingibjörg Tómasdóttir
Hjúkrunarstjóri í síma 599-7011 og 664-9560.
Netfang ingat@vifilsstadir.is

Víðines, Kjalarnesi

Sumarvinna
Starfsfólk óskast í sumarafleysingar.
Starfshlutfall samkomulag Sveiganlegur vinnutími.
Upplýsingar gefur Borghildur Ragnarsdóttir í síma 563-8801 eða 862-5470
netfang vidines.borghildur@simnet.is

Einnig er hægt að sækja um atvinnu á heimasíðu hrafnistu.

www.hrafnista.is

Nýr 6 deilda heilsuleiksskóli opnar 1. júní 2006 í Kórahverfi í Kópavogi.

Við leitum að:

- Deildarstjórum
- Leikskólakennurum
- Matráð
- Leiðbeinendum

Markmið skólans er m.a. að gefa börnum kost á að njóta handleiðslu sérmenntaðs fólks í uppeldis- og kennslufræðum. Þróa, efla og auðga leikskólustarf með nýbreytni og sveigjanleika í skólustarfi.

Einnfremur að veita áhugasömu fagfólki kost á að setja skýran kenningulegan grundvöll í faglegu starfi skólans, jafnhliða sem mestri laugkvæmni og gæðum í rekstri.

Þjónustustjóri
Leikskólakennari
Farsími: 897-7891

Ríðgjöf - verkataka ehf.

Frekari upplýsingar á www.skolar.is

HVERNIG VERÐUR MAÐUR... VEÐURFRÆÐINGUR?



Það hefur mikla þýðingu fyrir Íslendinga að hægt sé að spá fyrir um veður.

Ekki kennd sem sérstök grein á Íslandi

Starfið
Veðurfræðingur skipuleggur öflun veðurgagna, greinir þau og túlkar. Veðurfræðingar semja veðurspár, veita upplýsingar um veður og gera rannsóknir á veðurfari.

Námið
Veðurfræði er ekki kennd sem sérstök grein við háskóla hér á landi. Veðurfræði er kennd víða í nágrannalöndum okkar, til dæmis við Háskólann í Ósló. Veðurfræði fjallar um ólík viðfangsefni, allt frá því hvernig einstakir regndropar myndast til loftstrauma sem umlykja alla jörðina. Meginviðfangsefni veðurfræðinnar

eru hreyfingar andrúmsloftsins og eðlis- og efnafærðis andrúmsloftsins.

Helstu námsgreinar
Við Háskólann í Ósló eru 7 fyrstu misserin sérstakt nám við náttúruvísindadeild, síðustu þrjú misserin eru eingöngu bundin veðurfræði. Meðal námsgreina í veðurfræði eru veðurfarsmódel, eðlisfræði skýja, loftslagsfræði, meginloftstraumar og geislun í andrúmslofti.

Að námi loknu
Góðir möguleikar eru á framhaldsmenntun við ýmsa háskóla erlendis.



KÓPAVOGSBÆR

LAUS STÖRF

Hvammshús:

- Kennari við sérúrræði

Félagsþjónusta Kópavogs:

- Aðstoð við heimilisstörf
- Störf við liðveislur

GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:

Digranesskóli:

- Náttúrufræðikennari ásamt umsjón á unglíngastigi

Hjallaskóli:

- Umsjónark. á yngsta stig
- Umsjónark. á miðstigi

Hörðuvallaskóli:

- Gangaverðir – ræstar með meiru

Kársnesskóli:

- Kennari á unglíngastigi, náttúrufræði

Kópavogsskóli:

- Tónlistarkennari

Lindaskóli:

- Íslenskukennari 8. – 10. bekk

Smáraskóli:

- Umsjónark. á byrjendastigi
- Umsjónark. á miðstigi
- Danskennari 50%

Nánari upplýsingar á:
www.kopavogur.is
og www.job.is



Okkur á Siglufirði vantar nokkra menntaða kennara til starfa fyrir næsta skólaár.

Meðal kennslugreina eru: Almenn kennsla, dans, heimilisfræði, íþróttir, sérkennsla, textíllmennt og upplýsingamennt. Einnig vantar kennara í íslensku, stærðfræði, náttúrufræði og samfélagsfræði á unglíngastigi. Umsóknarfrestur er til 1. júní n.k.

Við höfum staðið að markvissri uppbyggingu á skólustarfinu. Unnið gegn einelti skv. Olweus áætlun og vinnum að Grænfána. Við höfum notið þess að læra og ná árangri saman. Áhugasamir hafi samband við Jónínu Magnúsdóttur skólastjóra í síma 460-3737 og 845-0467 eða í gegnum netfangið skolastjori@sigluskoli.is.

Upplýsingar um skólann okkar er að finna á www.sigluskoli.is og upplýsingar um bæinn á www.siglo.is.

Mannlíf og menning í bænum er góður leikskóli og tónlistaskóli, öflug heilsugæsla, ný líkamsræktarstöð, íþróttahús, sundlaug og eitt af betri skíðasvæðum landsins. Á undanföllum árum hefur Síldarminjasafnið byggst upp og vakið verðskuldaða athygli og nú hillir undir að Þjóðlagasetur verði að veruleika.

VELKOMIN TIL SIGLUFJARÐAR.

Lagerstjóri

Leitað er eftir duglegum einstaklingi í starf lagerstjóra fyrir verslanir Warehouse, Karen Møllen, Shoe Studio, Whistles, og All Saints. Starfið felst í stjórnun og skipulagningu vörlagers, eftirliti og umsjón með tæningum, og samkiptum við birgja.

Hæfniskröfur

- Reynsla af lagerstjórnun skilyrði.
- Almenn tölvukunnáttá skilyrði.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæði og metnaður í starfi.

Umsóknarfrestur er til 12. maí n.k.
Umsóknir sendist á netfangið: kristin@res.is.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



Leitað að er eftir duglegum einstaklingi í afgreiðslustarfi. Starfið felst í afgreiðslu, almennum verslunarstörfum og ráðgjöf til viðskiptavina.

Hæfniskröfur

- Reynsla í þjónustu.
- Áhugi á tísku.
- Lípurð í mannlegum samskiptum.
- Skipulagshæfni.
- Frumkvæði í starfi.

Umsóknarfrestur er til 12. maí n.k.
Umsóknir sendist á netfangið: kristin@res.is.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

wok BAR NINGS



Á næstu vikum opnar í Kringlunni, Smáralind og á Akureyri nýir matsölustaðir sem bera heitið Wok Bar Nings.

Á Wok Bar Nings gefst viðskiptavininum kostur á að velja sjálfir samsetningu kjöts/fisks, grænmetis og sósu sem matreiðslumeistari síðan snöggeldar á Wok pönnu á örskömmum tíma. Einnig verða í boði tilbúna samsetningar á vinsælum réttum ásamt köldum réttum og heilsuréttum.

Við auglýsum eftir starfsfólki í afgreiðslu og í eldhús á þessum stöðum, um er að ræða dagvinnu og hlutastarf. Umsækjendur verða að vera skipulagðir, jákvæðir, lífsglaðir og eiga gott með að vinna með fólki og þjónusta viðskiptavini.

Umsækjendur þurfa að hafa náð 18 ára aldri og skal umsóknnum skilað inn á netfangið: hilmur@nings.is eða á www.nings.is

wok BAR REYKJAVÍK
wok BAR KÓPAVOGUR
wok BAR AKUREYRI

**wok
BAR
NINGS**

Fyrirtæki í útrás óskar eftir starfsfólki

Skaginn hf er leiðandi fyrirtæki í smíði búnaðar fyrir fiskvinnslu og önnur fyrirtæki í matvæðisvæðis og heiminum. Hjú fyrirtækinu starfa um 60 manns um allan heim. Fyrirtækið er í mikilli útrás og er í örur vexti. Vegna aukinna verkefna hjá fyrirtækinu og fyrirsjálegs vaxts út á við óskar fyrirtækið eftir hæfu starfsfólki í eftirfarandi störf:

Rafmagnstæknimaður

Vegna aukinna verkefna óskar fyrirtækið eftir að ráða rafmagnstæknimann sem getur tekið að sér forritun og PLC styringar. Starfsmaður þarf að vera tilbúinn til að ferðast og vera með sveigjanlegan vinnutíma.

Sölu- og markaðsdeild :

Vegna aukinna umsvifa óskar fyrirtækið eftir að ráða starfsfólk á sölu- og markaðsdeild fyrirtækisins. Starfsmaður verður að geta tekið að sér verkefnastjórnun. Starfsmaður þarf einnig að geta unnið á AutoCad. Starfið felur einnig í sér ferðlög til viðskiptavina bæði innanlands og erlendis.

Tæknimaður:

Fyrirtækið leitar að starfsmanni á tæknideild. Starfsmaður þarf að hafa góða kunnáttu á Inventor.

Málmiðnaðarmenn:

Málmiðnaðarmenn vinna við smíði og samsetningu íhata úr ryðfríu stáli, samsetningu tækja, stillingu og prófun.

Smíður:

Vegna aukinna verkefna þarf fyrirtækið að ráða til sín trésmíð.

Verkamaður:

Starfsmaður þarf að geta tekist á við krefjandi verkefni í smíðu fyrirtækisins.

Umsóknarfrestur er til 16. maí og skulu umsóknir berast til:

Frankvæmdastjóri
Bakkatúni 26, 500 Akranesi
Ísland, eða á grimur@skaginn.is

Allar nánari upplýsingar er hægt að fá hjá Sveini R. Ingavyni í síma 430-2000

www.skaginn.is

Skaginn



Byggingafélagið Ris ehf óskar eftir að ráða stjórnendur á byggingakrana

Umsóknum skal skila til: Ris ehf.
Skeiðarás 12, 210 Garðabær sími: 414-7100
eða á í tölvupósti á agust@risehf.is
Nánari upplýsingar gefur
Ágúst s: 414-7123



Byggingafélagið Ris ehf óskar eftir að ráða smiði í mótauppslátt, mótagengi og einnig smiði í almenna smíðavinnu

Umsóknum skal skila til: Ris ehf.
Skeiðarás 12, 210 Garðabær sími: 414-7100
eða á í tölvupósti á agust@risehf.is
Nánari upplýsingar gefur
Ágúst s: 414-7123



Byggingafélagið Ris ehf óskar eftir að ráða Vörubílstjóra með réttindi á krana

Umsóknum skal skila til: Ris ehf.
Skeiðarás 12, 210 Garðabær sími: 414-7100
eða á í tölvupósti á agust@risehf.is
Nánari upplýsingar gefur
Ágúst s: 414-7123

WAREHOUSE

Leitað að er eftir duglegum einstaklingum í hlutastörf við afgreiðslu. Starfið felst í almennum verslunarstörfum og ráðgjöf til viðskiptavina.

- Hæfniskröfur**
- Reynsla í þjónustu.
 - Áhugi á físku.
 - Lípurð í mannlegum samskiptum.
 - Skipulagshæfni.
 - Frumkvæði í starfi.

Umsóknarfrestur er til 12. maí n.k.
Umsóknir sendist á netfangið: kristin@res.is.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



Óskum eftir bílstjórum



Vegna aukningar erum við að bæta við vörubílum og óskum við því eftir kraftmiklum og sjálfstæðum bílstjórum í vörudreifingu á höfuðborgarsvæðinu. Við erum að leita eftir bílstjórum sem geta unnið sjálfstætt, eru nákvæmir, hafa gaman af mikilli vinnu og hraða og geta unnið undir álagi. Bílstjórar eru í beinum samskiptum við viðskiptavini og samstarfsmenn og þurfa því að hafa góða framkomu og þjónustulund. Skilyrði er að umsækjendur hafi meirapróf. Reyndsla af útkeyrslu á höfuðborgarsvæðinu er kostur. Við bjóðum bílstjórum sem og öðrum starfsmönnum upp á gott starfsumhverfi. Vörubílar okkar allir nýir eða nýlegir og vel útbúnir til að auvela starfsmönnum vinnuna. Nánari upplýsingar gefur Hafsteinn Ingibjörnsson í síma 580-6600 eða hi@danol.is sem jafnframt tekur við umsóknum. **Umsóknarfrestur er til 17. maí.**

Danól er stærsta fyrirtækið á sviði matvöruinnflutnings á Íslandi. Hjá fyrirtækinu starfa um 60 manns. Danól vill stuðla að því að starfsfólki líði vel í starfi og hafi tækifæri til að vaxa í starfi. Sölufolk okkar heimsækir reglulega verslanir, fyrirtæki og veitingahús um allt land og er sölu- og dreifingarkerfi Danól með því fullkomnasta sem gerist. Meðal þekktari vörumerkja Danól eru Nestlé, Merrild kaffi, Burtonís, Daloon, Hatting, Findus, Göteborgs kex, Oroblu, Duni, Haribo og Mentos. Danól er til húsa við Skútuvog 3, þar sem 4500 palla vörulager okkar er staðsettur og Draghálsi 12.



Holtsbúð dvalar- og hjúkrunarheimili í Garðabæ

Við óskum eftir að ráða nú þegar og til sumarafleysinga: Sjúkrallíða, hjúkrunarnema og annað starfsfólk í aðhlyningu á dag- og kvöldvaktir en einnig á fastar næturvaktir. Hjúkrunarfræðing í afleysingar á kvöld- og helgarvaktir. Einnig óskum við eftir að ráða starfsmenn í dagvinnu virka daga. Um er að ræða líflegt starf með öldruðum í dægradvöl þar sem fram fer tómstundaiðja og aðhlyning.

Í Holtsbúð eru 40 hjúkrunarrými og dagvistun fyrir 10 einstaklinga. Hér starfa hjúkrunarfræðingar, sjúkrallíðar og annað starfsfólk við aðhlyningu allan sólahringinn. Lögð er áhersla á notalegt og heimilislegt umhverfi, nærgætni og alúðlega framkomu. Við bjóðum sveigjanleika varðandi vinnutíma og starfshlutfall. Fræðsla verður fyrir nýtt starfsfólk 18. og 19. maí.

Allar nánari upplýsingar veitir:
Ragnheiður Alfreðsdóttir, framkvæmdastjóri
sími 535-2222, GSM 694-5206,
netfang ragnheidur@holtsbud.is
Hildur Ólafsdóttir, deildarstjóri
sími 535-2200 netfang mottaka@holtsbud.is



Hlutastörf

Kvikmyndahúsin, Smárabíó og Regnboginn leita nú eftir starfsfólki í hlutastörf.

Starfslýsing:
Störfin felst í afgreiðslu í sjöppum kvikmyndahúsanna og almennri þjónustu við viðskiptavini. Starfsmenn taka virkan þátt í áfyllingum og viðhaldi hreinlætis á afgreiðslusvæðinu.

Menntunarkröfur:
Engin sérstakrar menntunar krafist.

Kröfur um reynslu:
Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af sölu- og þjónustustörfum og/eða mannlegum samskiptum á öðrum vettvangi.

Æskilegir eiginleikar:
Við leitum að metnaðarfullum einstaklingum með ríka þjónustugleði, jákvæð viðhorf og afburða hæfni í mannlegum samskiptum. Við leggjum áherslu á frumkvæði og vönduð vinnubrögð.

Nánari upplýsingar:
Því miður getum við ekki svarað öllum umsóknum. Þeir sem ekki hafa verið boðaðir í viðtal fyrir 1. júní hafa því miður ekki komið til greina í starfið að þessu sinni.

Annað:
Aldurstakmark er 16 ára.
Umsóknir sendist, ásamt ferilskrá, á gudrunne@sena.is.
Einnig er hægt að nálgast og skila inn umsóknareyðublöðum í kvikmyndahúsunum.



FULLT STARF OG HLUTASTÖRF

10-11 óskar eftir duglegu og jákvæðu starfsfólki í verslanir sínar á höfuðborgarsvæðinu. Við óskum eftir starfsfólki í stöður vaktstjóra og þurfa umsækjendur að vera 20 ára. Einnig eru lausar stöður almennra starfsmanna og þurfa umsækjendur að vera 18 ára á árinu. Hjá okkur er andinn góður, félagslíf er virkt og taka starfsmenn verslana vel á móti nýliðum. Við bjóðum upp á margskonar vaktir, sem geta hentað með skóla, eða annari vinnu. Um er að ræða dagvaktir, kvöldvaktir og næturvaktir. Umsækjendum er bent á að hægt er að sækja um beint í verslunum okkar eða þá að senda inn umsókn á netinu.

Umsóknum er hægt að skila á vefnum
www.10-11.is

Aðalfundur Félags Símsmiða

verður haldinn föstudaginn 12. maí kl 17.00
í sal RSÍ Stórhöfða 31 Reykjavík

Fundarefni:
Skýrsla stjórnar
Reikningar
Kosningar í stjórn og trúnaðaráð
Önnur mál sem eru borinn fram samkvæmt lögum FSS um aðalfund
Stjórn FSS

Lagerstörf - útkeyrsla - pökkun o.fl
Heildverslun með ýmsar smávörur óskar eftir duglegum starfsmanni, sem fyrst. Möguleiki á hlutastarfi.

Umsóknir ásamt uppl. um aldur og fyrri störf ásamt launakröfu sendist, augl.deild Fréttablaðsins fyrir 12.maí n.k.eða box@frettabladid.is Merkt „lager - 3“.



Vagnstjórar óskast til sumar- afleysinga!

Upplýsingar um starfið veitir
Steindór Steinþórssón í síma 540 2712
og steindor@bus.is

Hæfniskröfur:
Meirapróf, rútupróf.
Reynsla æskileg.

Strætó bs.



Áhugaverð störf með fötlöðu fólki

Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar eftir stuðnings-
fulltrúum og félagsliðum til starfa annarsvegar á
meðferðarheimili fyrir einhverfa í Kópavogi og hins-
vegar á heimili fólks með fötlun á Seltjarnarnesi.
Um er að ræða vaktavinnu í mismunandi starfshlut-
föllum. Leitað er eftir duglegum og áhugasömum
einstaklingum sem eru að leita sér að spennandi
starfi. Um er að ræða bæði sumarstörf og
fram tíðarstörf. Í boði er:

Öflugur stuðningur í starfi og þjálfun Námskeið Sveigjanlegur vinnutími

Nánari upplýsingar um starfið og önnur störf hjá
Svæðisskrifstofu eru veittar á skrifstofutíma í síma
525-0900. Umsóknareyðublöð má nálgast á
skrifstofu okkar að Fjarðargötu 13-15 eða á
www.smfr.is.



„Buxur, vesti, brók og skó...“

Óskum að ráða:

- Grunnskólakennara á yngsta stig eða miðstigi 100% starf.

Skoðaðu aðstæður og vertu með
í liði sem byggir upp.

Upplýsingar um störf gefa Sveinbjörn Markús Njálsson skólastjóri, í sínum 5404700 og 8215007,
netfang : sveinbjorn.njalsson@alftanesskoli.is og
Erna Ingibjörg Pálsdóttir aðstoðarskólastjóri í sínum
5404700 og 8215009
netfang: erna.palsdottir@alftanesskoli.is
Umsóknir sendist Alftanesskóla, 225 Alftanesi.
Umsóknarfrestur til 20. maí 2006
Sjá einnig vefina www.alftanes.is og
www.alftanesskoli.is

Laun eru skv kjarasamningi LN og KÍ.

Skólastjóri

Grunnskólinn í Grindavík lausar kennarastöður

Við leitum að áhugasömum kennurum
til eftirfarandi starfa næsta skólaár.

- umsjónarkennurum á yngsta- og miðstig
- sérkennara
- myndmenntakennara í hlutastarf
- danskennara í hlutastarf
- heimilisfræðikennara í hlutastarf

Grindavík er blómlegt sveitarfélag með um 2700 íbúa í
aðeins 50 km. fjarlægð frá höfuðborginni. Nemendur
eru 500 í 1.-10. bekk. Í skólanum er unnið framsækið
starf af áhugasömu starfsfólki. Unnið er að innleiðingu
uppbyggingastefunnar – uppeldi til ábyrgðar. Nánari
upplýsingar er að finna um skólann á heimasíðu hans
<http://skolinn.grindavik.is>

Upplýsingar veitir skólastjóri í sínum 420-1150 og
660-7320 (netfang gulli@grindavik.is)
Umsóknarfrestur er til 15. maí.

Skólastjóri

Leikskólakennari

Tvær systur leita eftir leikskólakennara

Við erum tvær 9 mánaða systur og óskum eftir
leikskólakennara eða aðila sem er að klára
leikskólakennaranám til að sinna uppeldisstörfum
og leika við okkur til að efla þroska og hreyfigetu.

Um er að ræða allt að 100% starf. Góð laun og hlunnindi
í boði fyrir réttan aðila. Æskilegt er að viðkomandi geti
ferðast með fjölskyldu erlendis í styttri ferðir. Viðkomandi
geti byrjað strax eða eigi síðar en 4. ágúst.

Hæfniskröfur

- Leikskólakennaranám
- Ánægja af börnum
- Skipulag og hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður
- Algjör reglusemi
- Bílpróf

Umsóknarfrestur er til 28. maí 2006. Umsóknir með
upplýsingum um menntun og fyrri störf, ásamt
afritum af prófgögnum, óskast sendar með
tölvupósti á tviburar05@hotmail.com

Rafvirkjar!

Óskum eftir að ráða rafvirkja til
fram tíðarstarfa. Vinsamlegast sendið umsóknir
á netfangið rafbodi@rafbodi.is.
Upplýsingar gefur Ragnar í síma 694 1500
á vinnutíma.

Rafbodi ehf. • Skeiðarási 3 • Garðabæ

ÖRYGGISVÖRÐUR

Hagkaup er smásölu-
fyrirtæki, sem býður
islenskum heimilum
breitt úrval af vörum
til daglegra þarfa,
jafnt í matvöru, sem
fatnaði, húsbúnaði
og vörum til
tómstundaiðkunar.

Fyrirtækið skuld-
bindur sig til að
stunda starfsemi sína
á þaðhagkvæman
hátt að viðskiptavinir
okkar geri ávallt betri
kaup í Hagkaupum.

Hagkaup óska eftir að ráða öryggisverði til starfa. Um er að ræða fullt starf og sumar-
afleysingar. Starfið felst í staðbundinni öryggisgæslu og almennu rýrnunareftirliti í
verslunum Hagkaupa. Hagkaup leggja mikinn metnað í öryggismál í verslunum sínum
og fá öryggisverðir Hagkaupa viðtæka þjálfun til að geta sinnt starfi sínu sem best.

Við leitum að einstaklingum sem eru líkamlega hraustir, heiðarlegir, með hreint saka-
vottorð, metnaðargjarnir og útsjónasamir. Umsækjendur yngri en 25 ára koma ekki til
greina.

Umsóknnum skal skilað á skrifstofu Hagkaupa Skeifunni 15 eða í tölvupósti
(heb@hagkaup.is) fyrir 22. maí nk. Allar nánari upplýsingar veitir Hildur
Björgvinsdóttir, starfsmannastjóri í síma 563-5000.

HAGKAUP
Skemmtilegast að verja



Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður



Matreiðslumaður

Óskum að ráða matreiðslumann til sumarafleysinga
við eldhús Velferðarsviðs að Vítargi í Reykjavík.

Starfssvið:

Matreiðsla í stóreldhúsi, skömmtun til móttökueldhúsa og til
einstaklinga.
Verkstjórn og fl.
Starfið er dagvinna en unnin er önnur hver helgi.

Menntunar- og hæfniskröfur:

Sveinspróf í matreiðslu eða sambærileg reynsla af matreiðslu,
starfsmannastjórnun og innra eftirliti í matvælaþyrntækjum.
Leitað er að röskum einstaklingi, sem hefur metnað til að
takast á við krefjandi vinnu í stóreldhúsi.
Við tökum vel á móti nýjum starfsmönnum og leggjum mikla
áherslu á þjálfun þeirra í nýju starfi.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar:
www.reykjavik.is/storf

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu
og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Laun samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfs-
mannafélags Reykjavíkurborgar.

Vinsamlegast skilið umsóknnum til Framleiðslueldhússins
Lindargötu 59, 101 Reykjavík fyrir 15. maí 2006, merkt:
„Matreiðslumaður“. Starfið er sumarafleysing og möguleiki er
síðan á áframhaldandi ráðningu er hausta tekur.

Nánari upplýsingar um starfið gefa Bragi Guðmundsson
forstöðumaður í 411-9450, 861-2770, 822-3088 eða Brynja,
Ragga og Bjartmar í síma 411-9450.

Í framleiðslueldhúsinu við Lindargötu starfa 17 manns við að
framleiða og dreifa um 275.000 hádegisverðum á ári.
Þar er viðurkennt innra eftirlit og starfsmenn eru af 4
þjóðernum.

Velferðarsvið fer með ábyrgð á velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar þ.m.t.
barnavernd og félagsþjónustu. Það ber ábyrgð á að framfylgt sé stefnumótun
og áætlanagerð í velferðarmálum, eftirliti og mati á árangri, samhæfingu og
sambættingu í málaflokknum. Þróun á mati á gæðum velferðarþjónustu,
tengslum rannsóknna og þjónustu, nýsköpun og þróun nýrra úrræða í velferð-
arþjónustu. Að auki annast Velferðarsvið rekstur ýmissa úrræða.



ÍSLENSKA
AUGLÝSINGASTOFAN

Starfsmaður í hönnunardeild

Íslenska auglýsingastofan
óskar eftir þrautreyndum starfsmanni
í hönnunardeild fyrirtækisins.

Viðkomandi þarf að hafa þekkingu
á flestum forritum sem notuð eru
á auglýsingastofum, vera þjónustu-
lundaður og tilbúinn að takast á við
fjölbreytt og krefjandi verkefni.

Einnig er óskað eftir grafískum hönnuði
til að taka að sér tímabundin verkefni.

Umsóknum skal skila til
Íslensku auglýsingastofunnar,
Laufásvegi 51,
merkt Liðsmaður, fyrir 10. maí.

Vélstjóri – Vélvirki

Vélstjóri eða aðili með sambærilega menntun óskast til starfa
hjá innflutnings/þjónustufyrirtæki. Starfið felst í samsetningu og
viðgerðum á vélum og rafmótorum ásamt almennri afgreiðslu og
lagerstörfum. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt.
Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknir sendist til afgreiðslu Fréttablaðsins eða á box@frett.is
merktar „M – 1233“.

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar Lausar stöður

Engidalsskóli (555 4433 hjordis@engidalsskoli.is)
Almenn kennsla á miðstigi
Hraunvallaskóli (590 2800 ainar@hraunvallaskoli.is)
Húsvörður
Tónmenntakennsla
Lækjarskóli (555 0585 haraldur@laekjarskoli.is)
Almenn kennsla
Kennsla í upplýs- og tæknimennt (áhersla á vélritun)
Deildarstóri verkefni á yngri stigi og miðstigi
Kennsla í móttökudeild nýbúa
Myndmenntakennsla
Setbergsskóli (565 1011 gudusk@setbergsskoli.is)
Íþróttakennsla
Deildarstjóri yngri stigs
Deildarstjóri eldra stigs
Viðistaðaskóli (664 5890 sigurdur@vidistadaskoli.is)
Baðvarsla í íþróttahúsi/vaktavinna
Öldutúnsskóli (664 5896 herla@oldutunsskoli.is
664 5898 og 664 5899)
Matráður í mótuneyti starfsmanna
Kennsla yngri nemenda
Sérkennsla
Kennari við sérdeild nem. í 8.-10. bekk
Arnarberg (555 3493 arnarberg@hafnarfjordur.is)
Proskapjálfi
Leikskólasérkennari
Álfasteinn (555 6155 alfasteinn@hafnarfjordur.is)
Matreiðslumeistari
Hlíðarberg (565 0556 hliदारberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar
Deildarstjóri
Aðstoð í eldhús f.h.
Hlíðarendi (555 1440 hliदारendi@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar
Hvammur (565 0499 hvammur@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar/uppeldismenntað starfsfólk
Stekkjjarás (517 5920 stekkjaras@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar
Deildarstjórar

Allar upplýsingar veita skólastjórar viðkomandi skóla.
Karlur jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um
störfin.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði



VELKOMIN TIL HAFNARFJARDAR!
Hafðu samband og fáðu frekari
upplýsingar um Hafnarfjörð og
margvíslega starfssemi á vegum
svitarfélagsins hjá þjónustuveri
þarjarins í síma 585 5500 og á
heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

Steypubílstjórar

BM Vallá ehf. óskar eftir að ráða röska og duglega
bílstjóra með meirapróf sem steypubílstjóra hjá
fyrirtækinu. Um er að ræða störf í Reykjavík.

Bæði er verið að leita eftir starfsmönnum
í framtíðarstörf og sumarafleysingar.

Mikil verkefni framundan og góð laun í boði.

Allar nánari upplýsingar veitir Sigurður Árnason í
síma 585 5010. Vinsamlegast sendið upplýsingar og
fyrirspurnir á sigurdur@bmvalla.is



allt heimili

Alla fimmtudaga

Með RE/MAX alla leið



Fasteignablað

72. tölublað - 4. árgangur - 7. maí, 2006

RE/MAX hefur lagt metnað sinn í að styðja afreks íþróttafólk viðsvegar að úr helminum. RE/MAX er stuðningsaðili Jordan liðsins í Formúla 1.

ÞITT líf - ÞINN ferill - ÞÍN leið


RE/MAX



Sólarsalir
201 Kópavogur
Fyrir stóra fjölskyldu

Verð: 34,9
Stærð: 137,2
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 2001
Brunabótamat: 20,0



RE/MAX Búi kynnir: 5 herbergja íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýli. Nánari lýsing: Forstofa með skápum. Eldhús með eikarinnréttingu og flisum á gólf. Borðstofa og stofa samliggjandi með útgengi á suður svalir. 4 svefnherbergi. Baðherbergi flisalagt, ljós innrétting, og baðkar. Þvottahús er inn í íbúð. Gólfefni eru eikarparket. Geymsla er í kjallara.



Öldugata 18
220 Hafnarfirði
Rúmgóð íbúð, miklir möguleikar

Verð: 24.900.000
Stærð: 135,1fm
Fjöldi herbergja: 6-7
Byggingarár: 1932
Bílskúr: Já



Rúmgóð 6-7 herb. íbúð á 2 og 3 hæð. Steyptur kjallari, 2 hæðir og ris. Töluvert endurnýjað s.s. skóplagnir, dren, hitaveita. Bilgeymsla fylgir, talin ónýt, samþykki fyrir nýju. Nánari lýsing: Sameiginlegur inngangur, á aðalhæð er eldhús, þrjár stofur og baðherbergi. Á efri hæð eru 3 svefnherbergi. Í kjallara er geymsla og sér herbergi með snyrtingu og sturtu sem hægt er að leigja út, sérútgangur. Öllum lánum verður afleitt.



Sólvallagata 74
101 Reykjavík
Opíð hús í dag kl. 16.00-17.00

20.00 Eldri félagar **Karalakórs Reykjavíkur** halda lokatónleika í **Digraneskirkju.** Stjórnandi er **Kjartan Sigurjónsson** og meðleikari **Bjarni Þór Jónatansson.**

LEIKLIST

19.00 **Leikfélag Hólmavíkur** sýnir **Fisk á þurru landi** eftir **Arna Ibsen** í **Bæjarleikhúsinu í Mosfellsbæ.**

MÁLÞING

13.00 Málþing í **Salnum** á vegum **Gerðarsafns og Náttúrufræðistofu Kópavogs** í tengslum við yfirlits-sýningu á verkum **Guðmundar frá Miðdal.** Kvikmyndasýning, fram-söguerindi og pallborðsumræður.

LEIKLIST

20.00 **Skagaleikflokkurinn** sýnir **Hlutskipti**, nýtt leikrit eftir **Kristján Kristjánsson.** Sýnt er á **Suðurgötu 126.**

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.



allt
ný vöru- & þjónustu-skrá á visir.is



Nú skyldi ég hlæja, væri ég ekki dauður

Sýnt í dag kl. 13:00 og 15:00!

BJÓÐLEIKHÚSIÐ
LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
ICELAND ACADEMY OF THE ARTS
Nemendaleikhúsið

"Áfrak" - DV "Höfðar jafnt til barna sem fullorðinna" - Morgunblaðið "ákaflega falleg" - Fréttablaðið



HAFIÐ BLÁA Í AUSTURBÆ

Sun 07.05 kl: 13.30
Miðapantanir í Austurbæ og á milli.is. Miðasala Austurbæjar er opin milli 13 - 17 alla daga sími : 551 4700

IsMedia

Meistari nóturleikans

LEIKLIST

FRÚ EMILÍA/YLSTRÖNDIN Í NAUTHÓLSVÍK
100 ára hús

Höfundur: Jón Atli Jónasson
Leikstjóri: Hafliði Arngrímsson
Leikarar: Björn Thors, Harpa Arnardóttir, Jón Páll Eyjólfsson, Laufey Elíasdóttir og Ólafur Egill Egilsson.
Tónlist: Ghostigital/ Búningar: Íris Eggertsdóttir / Lýsing: Jóhann Bjarni Pálmason /

Það nærðir um Nauthólsvíkina þrátt fyrir meint sumar og í leikhúsi Frú Emilíu á miðvikudagskvöldið hjúfrúðu gestir sig inni í tjaldi með kakóbollann og horfðu á leikritið 100 ára hús eftir Jón Atla Jónasson. Í þessu leikriti er fjallað um hlýju og skort, umkomuleysi og vandræðalegar tilraunir fólks til þess að skipta hvert annað máli. Sviðið er sandbingur, kannski elliheimili eða sumarvalarstaður eða eitthvert pláss í heiminum þar sem þrjú gamalmenni og hjúkka hafa dagað uppi í annarleikanum. Þrenningin á fátt sameiginlegt nema einmanaleikann og umkomuleysið, þau hjala saman um eitt og annað en eru í stöðugri vörn, jafnvel á flotta. Svo dúkkar upp átta-villtur gestur, forstöðumaður í sjálfsmyndarkrísu og útvarpsspámiðill. Hjúkkan heldur svo öllu saman af einskærri rósemi og stofnanalegri fjarlægð.

Þetta var mjög mynd sýning en ég skammaðist mín fyrir að hlæja. Elliglið geta bæði verið myndir og grátleg, það hræðilegasta er samt hversu kunnuglegar persónurnar eru. Aldurinn skiptir í sjálfu sér ekki öllu, gamalmennin eru á vissan hátt orðin ósjálfbjarga börn, hafa glatað virðingu sinni og lifa í grimmilegri endurtekningu sem enginn fær skilið til



LEIKRITIÐ 100 ÁRA HÚS EFTIR JÓN ATLA JÓNASSON Tímamótasýning hjá leikfélagi Frú Emilíu.

fulls. Hendurnar biðja um konfekt en vilja og þurfa eitthvað miklu meira.

Leikskáldið Jón Atli Jónasson er að festa sig í sessi sem meistari nóturleikans, hann hefur lag á að skrifa grimmilega myndin samtöl og ófyrirsjáanlegar aðstæður. Leikhópurinn, undir styrkri stjórn Hafliða Arngrímssonar leikstjóra, fær mitt lof og prís fyrir samstillta, kraftmikla en hófsama nálgun á þessum brothættu persónur. Leikmyndin og ljósahönnun Jóhanns Bjarna Pálmasonar var haglega gerð og nýtt, búningar Írisar Eggertsdóttur skemmtilega tímamísvisandi og tónlist Ghostigital einnig.

100 ára hús er merkileg sýning fyrir margra hluta sakir. Hún er tímamótasýning í meira en einum skilningi, áhrifamikil og eftirminnileg – ekki aðeins efnistökin og sviðsetningin heldur einnig vegna þess að þar kom saman kröftugur og dáðrakkur hópur sem þorði að byggja leikhús á sandi fyrir fjórar kvöldstundir af frábærri leiklist. **Kristrún Hauksdóttir**



Eldhús eftir máli
Allra síðasta sýning í kvöld!

BJÓÐLEIKHÚSIÐ



GUÐMUNDUR ODDUR > SKRIFAR UM SJÓNMENTIR

Mens sana in corpore sano! Að selja sál sína og líkama

„Prestastefna 2006 skorar á stjórn KSÍ (Knattspyrnusambands Íslands) að mótmæla á sínum vettvangi tengslum væðis og HM 2006 (Heimsmeistararamótsins í knattspyrnu 2006 í Þýskalandi). Einnig vill Prestastefna hvetja KSÍ ennfrekar til dáða í sínu mikilvæga uppeldis- og forvarnarstarfi á meðal barna og unglinga í landinu. Þjóðkirkjan vill gjarnan liðsinna íþróttahreyfingunni í því góða uppeldisstarfi sem unnið er innan hreyfingarinnar.“ Já einmitt það. Á síðustu tveim áratugum eða svo hefur orðið mikil hningun á ímynd íþróttahreyfingarinnar. Leikmenn, félagsbúningar, tæki og umhverfi íþróttamannvirkja hafa verið gerð að söluvöru á svo afgerandi hátt að það er til háborinnar skammar. Svo illilega hefur tekist til að erfitt er að halda fókusi á leiknum sjálfum vegna sjónræns áreitiss merkjavöru sem koma leiknum ekkert við. Sýna í raun ekkert annað en hroka sponsorsins. Ekki er lengur keppt í fyrstu deild heldur er nafn deildarinnar til sölu. Eimskipafélagsdeildin eða Always-Ultradeildin. Ég sé ekki mikinn mun á sjálfsvirðingu vændiskvennanna sem hópast á heimsmeistarakeppnina og marga þeirra sem hafa skipað sér í forystu íþróttahreyfingarinnar og bera ábyrgð á þessum subbuskap. Ég á erfitt með að sjá muninn á þeim sem selja sál sína eða selja líkama sinn. Ég sé ekki betur en að fyrirmyndin, forystusveitin, hafi selt sál sína. Fylgiskarnir eru slæm sjálfsvirðing, lyfjamisnotkun, björpambarar, fótboltaþullur og vændiskonur. Dýrlegar hvatir ganga lausar og fótbolta-leikir orðnir að hátíð aulanna. Fyrsta skrefið er að komast úr afneituninni og horfa á þetta eins og það er svo hægt sé að liðsinna hreyfingunni í því góða uppeldisstarfi sem þarf að fara fram.

Göfug hönnun

Jú, ég veit að þetta er ekki bara bundið við fótbolta eða íþróttir. Þar er þetta vissulega áberandi. Við hönnuðir þurfa að glíma við sálarsölu á hverjum degi í starfi okkar. Það erum við sem höfum atvinnu að því að búa til þessa sjónmengun. En það er til gott fólk þar eins og í íþróttahreyfingunni. Ímynd fótboltans hefur oft verið vel hugsuð af góðum og göfugum hönnuðum á ýmsum tímum. Verðlaunagripurinn til dæmis, bikarinn sem allstaðar er keppt um, átti að minna manninn á það innsta og dýpsta í mannsálinni sem einnig var það innsta og dýpsta í tilverunni í heild? Bikarinn táknaði einstaklingseðlið sem vini hins guðdómlega anda er hella í. (Nei, það er ekki það sama og detta í það eftir góðan leik og sleppa dýrinu lausu og kaupa sér mellu.) Þetta er líkingamál. Bikarinn er tákni líkama okkar og ytri fegurðar og vinið tákna innri andlega uppljómun þar sem dyggðirnar taka við af brestunum. Keppnisboltinn sjálfur þ.e.a.s. sá sem FIFA (Alþjóðaknattspyrnusambandið) samþykkir er grundvallaður á sömu platonísku rúmmyndum sem Buckminster Fuller hagnýtti sér, sá sem gerði kúluhúsin – eins og Ólafur Eliasson myndlistarmaður hagnýtir sér útfærslur Einars Þorsteins Ásgeirssonar á sömu rúmmyndum á nákvæmlega sama hátt. Það gilda hámarks og lágmarkslengdir um stærð vallar en oftast er hann 105m x 65m sem er hlutfallið 1:1.516 sem er hið heilaga gullinsnið. Markstærðin 7.32m x 2.44 er líka byggð á guðdómlegri hlutfallafræði. Þetta eru ferhyrningar byggðir á fjórum þríhyrningum í hlutföllunum 3-4-5. Guðdómleg snilld. Lesiði bara Da Vinci lykilinn.

Hreinsum til

Það þarf að hreinsa til og endurvekja ungmennafélagsandann. Ég sá einhverstaðar niðurstöðu könnunar þar sem kom í ljós að almennt þekkir fólk meira en 1000 lógó en innan við 10 trjátegundir. Þetta er ekki eðlilegt. Það eru ekki allir fjármagnseigendur siðlausir grasasnar og það er ekki allt markaðsfólk aular. Ég skora á hugsandi fólk í þessum stöðum – fólk sem ráðstafa fjármagni, að ihuga málið. Ég ætla meira segja að lauma að ykkur viðskiptaleyndarmáli. Því minna lógó – því betra umtal og blómlegri bisnis. Ef þið sleppið lógóinu alveg fáði þið himneskt umtal beint frá hjarta þeirra sem njóta stuðningsins. Því stærra lógó því meir hvíslar almennig; hrokagikkir, hórmanngarar – ég get lofað ykkur því. Tökum höndum saman og hreinsum upp þetta hrokafulla logo-drasl. Gefum íþróttum og menningu kost á því að ná upp sjálfsvirðingu. Niður með hrokann! Styrkið íþróttir og menningu nafnlaust og ykkar er himnaríki.

Leikfélag Hólmavíkur sýnir

Fiskar á þurru landi

eftir Árna Ibsen í leikstjórn
Kolbrúnar Ernu Pétursdóttur
í Bæjarleikhúsinu í Mosfellsbæ
sunnudaginn 7. maí kl. 19.00.

Miðapantanir og upplýsingar
eftir kl. 16.00 sunnudaginn
7. maí í síma 865-3838.



allt

ný vöru- & þjónustu-
skrá á visir.is

visir

ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT

Gott ráð við hitanum næstu daga!

Hann leifði hálfum lappskássu-skammtinum. Það var engin leið fyrir ástfanginn mann að éta lappskássu. Það var ekki hægt að éta lappskássu daginn eftir dómsdag. Þá átti maður bara að elska og kaupa blóm handa þeim sem maður elskaði.

Úr smásöggunni „Sál“ eftir William Heinesen úr safninu Fjandinn hleypur í Gamalíel sem kom út í Þýðingu Þorgeirs Þorgeirssonar árið 1978.

bækur

baekur@frettabladid.is

Ofurafli í íslenskri ljóðlist

Strámi var hleypt á vefritið Tíu þúsund tregavött í vikunni en riti því er ætlað að vera vettvangur fyrir hvers laga efni um ljóðlist. Að sögn Eiríks Arnar Norðdahl, eins af aðstandendum heimasíðunnar, hefur ritið strax fengið „skrilljón heimsóknir“ og verið uppfært ótulllega. „Mikið af þessu eru stuttar ábendingar en það eru strax byrjaðar að streyma inn aðsendar greinar jafnvel þó þessu hafi ekki verið flaggað af neinu viti ennþá. Íslenskir ljóðáunnendur virðast því hafa eitthvað að tjá sig um,“ segir Eiríkur og hvetur alla sem hafa eitthvað til málanna að leggja, þýðendur, skáld og áhugafólk til þess að senda inn efni.



EIRÍKUR ÖRN NORÐDAHL Virkjar tíu þúsund tregavött í góðum félagsskap. FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

Eiríkur segir að framboð á ljóða-umræðu í hinum hefðbundnari fjölmiðlum sé takmarkað hárlandis og þá hafi það verið sérstakt vandamál lengi hversu lítil samræða sé við erlenda ljóðlist en á því verður nú gerð bragarbót. „Vefritið verður þannig líka vettvangur fyrir ábendingar og umræðu um það sem fólk er að lesa og skoða,“ útskýrir Eiríkur. Vefritið má finna á slóðinni www.10000tw.blogspot.com en í ritstjórn þess auk Eiríks Arnar sitja Ásgeir H. Ingólfsson bókmenntafræðingur, Hildur Lillendahl ljóðskáld, Ingi Björn Guðnason bókmenntafræðingur og Ingólfur Gíslason stærðfræðingur.

> Bók vikunnar

Frá endurskoðun til upplausnar rekur sögu hugvísinda síðasta áratuginn frá ólíkum sjónarhornum. Bókin inniheldur viðtöl, fræðigreinar, ritgerðir, minningargreinar og ljósmyndir. Ritstjórar eru Hilma Gunnarsdóttir, Jón Þór Pétursson og Sigurður Gylfi Magnússon.



HALLDÓR GUÐMUNDSSON > SKRIFAR UM BÓKMENNTIR

Bókhneigðir njósnarar

Ætli tími njósnabóka sé ekki liðinn? Spennusagna um þunglyndislega menn á vegum annars hvors risaveldanna sem háðu vonlitla baráttu um upplýsingar við fátækar aðstæður. Sögur sem þeir skrifuðu Graham Greene, John Le Carre og slíkir þar sem allir sigurar voru Pýrrósarsigrar og órlagahjólið snerist hring eftir hring. Söguhetjurnar voru eiginlega afsprengi harðsoðna krimmans bandaríska, að upplagi góðgjarnir menn sem lentu í aðstæðum þar sem öll góðsemi varð fátækt. But down these mean streets a must go, who is not himself mean, skrifaði Raymond Chandler á sínum tíma: En þessar grimmu götur verður sá að ganga sem er ekki grimur sjálfur. .. Þetta voru krossfarar án málstaðar.

Njósnarar kalda stríðsins eru orðnir sagnfræðilegt viðfangsefni fremur en skáldsögulegt. Eftir fall múrsins og opnun skjalasafna austan tjalds er alltaf fleira að koma í ljós um starf þeirra þeim megin, þar sem þurfti að njósna um svo margt, líka innanlands. Í Austur-Þýskalandi einu störfuðu 90 þúsund manns á vegum leyningreglunnar Stasi og 180 þúsund í viðbót voru njósnarar í hlutastarfi, óopinberir samstarfsmenn einsog það hét á máli kerfisins. Sumir þeirra fengu við bókmenntir. Sem kunnugt er taka engin ríki jafn mikið mark á bókmenntum og einræðisríki, engin yfirvöld hafa jafn miklar áhyggjur af hinu ritaða orði, svo starfsmenn Stasi höfðu nóg að gera við að fylgjast með bókafoðli í landinu.


Stasi menn með áhuga á bókmenntum stofnuðu leshringi og bókmenntafélög, lásu ljóð hver fyrir annan og höfðu í frammi uppbyggilega gagnrýni.

Þeir voru að vísu misvel að sér um heimslitteratúrinn. Haustið 1956 var t.d. frægur austurþýskur útgefandi, Walter Janka, handtekinn og sat inni í mörg ár. Janka hafði gefið út Halldór Laxness meðal annarra og var oft yfirheyrður um erlend sambönd sín. Í skjölum Stasi stendur að hann hafi verið þrúgvaður um tengsl sín við íslenska rithöfundinn „Laxner“, svo ekki hafa njósnararnir þekkt vel til íslenska Nóbelskáldsins.

En smám saman skapast sérhæfing í þessu sem öðru: Ef þú hefur það hlutverk árum saman að njósna um menn sem skrifa bækur, blanda jafnvel geði við þá og kynna þér bókmenntafólk meðal andófsafla getur vaknað hjá þér löngun til að skrifa sjálfur. Það gerðist í Austur-Þýskalandi. Stasi menn með áhuga á bókmenntum stofnuðu leshringi og bókmenntafélög, lásu ljóð hver fyrir annan og höfðu í frammi uppbyggilega gagnrýni. Stundum voru jafnvel fengnir eldri njósnarar til að lesa yfir og segja mönnum til. Kannski menn sem höfðu um langt skeið njósnað um góða rithöfunda og þannig lært eitt og annað. Árið 1985, fjórum árum fyrir fall múrsins, var gefin út ljóðabók í tilefni 35 ára afmælis Stasi: „Við um okkur“, með kvæðum starfsmanna. Að vísu bara til innnanhússbrúks.

Maður þarf að sjá fyrir sér grámyglulega skrifstofumenn með hlerunarbúnað fylgjast með litríku lífi skálda og listamanna og smám saman smitast af bókmennta-vírusnum. Þeir höfðu atvinnu af að gera skáldum lífið leitt og tóku svo til við að yrkja sjálfir. Hugmyndin er svo absúrd að hún getur ekki verið nema sönn. Á þessu ári hefur meira að segja verið frumsýnd bímynd um Stasi-leshringinn í Þýskalandi, „Líf hinna“ heitir hún. Undir lokin voru sum njósnarskáldin víst orðin veik fyrir andófs-hugmyndum alvöruskáldanna svo það þurfti að halda uppi njósnum um njósnarana; bókmenntalegir gagnnjósnarar skrifuðu skýrslur um lestrarhneigða leyningjónustumenn. Skyldu njósnararnir líka hafa lesið njósnabækur? Einsog frægustu bók John Le Carre, Njósnarinn sem kom inn úr kuldunum, sem einmitt gerist í Austur-Þýskalandi?

En nú er aðeins eitt risaveldi eftir og krossfarar þess hafa málstað, og kannski er það heimsbyggðinni helmingi hættulegra en þunglyndislegt þrátefli kalda stríðsins.



RITHÖFUNDURINN ÞORSTEINN FRÁ HAMRI Segir Draumaland Andra Snæs kærkominn kinnhest og vonar að bókin hvetji lesendur til dáða. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Heiðursfélagi frá Hamri

Ljóðskáldið og rithöfundurinn Þorsteinn frá Hamri var á dögum gerður að heiðursfélagi í Rithöfundasambandi Íslands.

Í fyrra gaf Þorsteinn út ljóðabókina Dyr að draumi, þá sautjándu í röðinni en auk þeirra hefur hann einnig gefið út skáldsögur, þýtt fjölda verka og komið að margvíslegri útgáfu með einum eða öðrum hætti. Hann vill lítið láta uppi með starfa sinn þessa dagana og kveðst hafa hægt um sig en vera þó eitthvað að skrifa.

Þorsteinn kveðst þakklátur fyrir þessa vegtyllu og segist ávallt hafa átt góð skipti við Rithöfundasambandið. „Það hefur aldrei borið skugga á viðskipti mín við kollega mína þar.“ Líkt og nýkjörinn formaður sambandsins, Pétur Gunnarsson sem tjáð hefur ugg sinn um framtíð bókarnar í fjölmiðlum, deilir Þorsteinn áhyggjum margra af minnkandi lestri. „Það er ábyggi-

legt að rithöfundar þurfa að grípa til einhverra ráða en það þurfa þó líklega fleiri að gera. Maður heyrir oft skuggalegar raddir um minnkandi bóklestur svo ég tel að allir þurfi að leggja stöð eitt,“ segir Þorsteinn.

„Við eigum líka í höggi við svo stengt gildismat þar sem allt er vegið á vog peningahyggju og hégómlegs oflætis af því tagi. Andri Snær sýnir okkur vel þessa dagana því líkur þrífnaður kemur í ljós þegar hellt er úr fótunni og segir það okkur ekki einhverja sögu að um sömu mundir finnst jafnvel skólamañn sem láta sér fátt finnast um ræktarsemi við tungumálið.“ Þorsteinn er hrifinn af hinu umtalaða Draumalandi Andra Snæs Magnasonar og segist vona að bókin hvetji fólk til dáða og bæti því við að stundum höfum við gott af því að vera gefið utanundir.

Nú er viku bókarnar nýlökid og Þorsteinn segist telja að slíkt framtak hafi töluvert að segja þegar kemur að því að vekja

athygli á bókmenntum og hvetja til lesturs. Þó sé stundum eins og ýmiss konar húllumhæ sem tengjast slíkum viðburðum séu jafnvel í beinni andstöðu við inntak eða þýðinga þess sem verið er að auglýsa.

Þorsteinn flygdist vel með grasróttinni í íslenskum bókmenntum og segir þar margt á seyði en kveðst vilja forðast að draga gott fólk í dilka.

Þegar kemur að lestrinum hefur samt ýmislegt breyst. „Ætli ég lesi ekki hægar,“ segir Þorsteinn sposskur og kveðst líklega hafa lesið mest sem unglingur þegar hann renndi sér í gegnum bækur. „Sumar hafði ég jafnvel ekki forsendur til þess að skilja og las síðan aftur,“ útskýrir hann og segist enn leita í sömu höfundana. „Það eru höfundar eins og Halldór Laxness og Hamsun sem ég nefni oft þegar þessa spurningu ber á góma. Hamsun er merkilegur töframaður sem einhvern veginn hefur sett mark á sálina.“

kristrun@frettabladid.is



LAGERSALA



FULLT AF NÝJUM VÖRUM !

50% AFSLÁTTUR
AF ÖLLU!

OPIÐ FRÁ 11-19 ALLA DAGA

Í FELLSMÚLA 28

(GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)

Nýtt í bíó

FYRSTA STÓRMYND SUMARSINS ER KOMIN!

M:I-III

ADGERÐIN ER HAFIN

AF MÖRGUM TALIN VERA BESTA MISSION IMPOSSIBLE MYNDIN TIL ÞESSA!

400 KR. Í BÍÓ!

„Ég var ónýtur eftir myndina. Hún var svo myndin“ - Svali á FM957

EIN FYNDNASTA MYND ÁRSINS

SEM ENGIN MÁ MISSA AF!

Birgitta Haukdal fer á kostum sem Rauðhetta í íslensku tölsemingunni

SÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI

Mannbætandi og þrælfyndin rómantísk gamanmynd með Uma Thurman og Meryl Streep í fantaformi!

LÉTT BYLGGJAN

THE HILLS HAVE EYES

STRANGLAÐA BÖNDU INNAN 16 ÁRA ÞYRANDEIÐIÐ VÍÐ SALINI!

SV - MBL
Ó.Ó.H. - DV
LIB. - TOPP5.IS

ÍSÖLD

STRANGLAÐA BÖNDU INNAN 16 ÁRA ÞYRANDEIÐIÐ VÍÐ SALINI!

JPP Blaðið - VJ.V, Topp5.is

ÓHUGNANLEGASTA MYND ÁRSINS!

FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA HVAD SEM ÞÚ GERIR, EKKI SVARA Í SÍMANN!

INSIDE MAN

SV, MBL

LUCKY NUMBER SLEVIN

SV, MBL

SMÁRA BÍÓ	SÍMI 564 0000
MISSION IMPOSSIBLE 3	kl. 3.20, 6, 9 og 11.40
SÝND Í LÚXUS	kl. 3.20, 6, 9 og 11.40
RAUÐHETTA M/ENSKU TALI	kl. 2, 4, 6, 8 og 10
RAUÐHETTA M/ISLENSKU TALI	kl. 2, 4 og 6
PRIME	kl. 8 og 10.30
THE HILLS HAVE EYES	kl. 10 B.I. 16 ÁRA
ICE AGE 2 M/ENSKU TALI	kl. 8
ÍSÖLD 2 M/ISLENSKU TALI	kl. 2, 4 og 6

REGNBÖGINN	SÍMI 551 9000
RAUÐHETTA M/ENSKU TALI	kl. 3, 6, 8 og 10
RAUÐHETTA M/ISLENSKU TALI	kl. 3 og 6
PRIME	kl. 3, 5.30, 8 og 10.30
THE HILLS HAVE EYES	kl. 8 og 10.30 B.I. 16 ÁRA
WHEN A STRANGER CALLS	kl. 3, 6, 8 og 10 B.I. 16 ÁRA

ÞRANGPÖL	SÍMI 462 3500
INSIDE MAN	kl. 8 og 10.25 B.I. 16 ÁRA
RAUÐHETTA M/ISL. TALI	kl. 2, (400 KR.) 4 og 6
ÍSÖLD 2 M/ISL. TALI	kl. 2, (400 KR.) 4 og 6
LUCKY NUMBER SLEVIN	kl. 8 og 10 B.I. 16 ÁRA

Sími 553 2075

FYRSTA STÓRMYND SUMARSINS ER KOMIN

FRÁ J.J. ABRAMS, HÖFUNDI KLAS OG LOSTI

M:I-III

ADGERÐIN ER HAFIN

AF MÖRGUM TALIN VERA BESTA MISSION IMPOSSIBLE MYNDIN TIL ÞESSA!

Sýnd kl. 3, 5:40, 8 og 10:30-POWERSYNING B.I. 14 ára

LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus

400 KR. Í BÍÓ

A SPIKE LEE FILM

INSIDE MAN

ÞETTA MYNDIR VERA HÖFUNDURNAÐAÐA. ÞÚ MAST EKKI HVERIÐ ER.

SV, MBL

Sýnd kl. 2, 4 og 6 ÍSLENSKT TAL

Sýnd kl. 2 og 4 m/ISL. TALI

Háskaleikur í tásókóm

[BALLET]

UMFJÖLLUN

Það var eftirvænting í Austurbæ á fyrstu sýningu James Sewell ball-ethópsins og þegar fyrsti dansarinn leið inn á sviðið datt allt í dúna-logn. Við tók undarlegt ferðalag með þremur viðkomustöðum. Fyrsta atriðið var klassískast ef svo má að orði komast. Léttleikandi og glaðlegt dansnúmer með útpældum og fágúðum höpdöns-um í bland við dramatískt sóló. Skiptingarnar voru örur, tónlistin fallg en atriðið varð einskonar kynning á möguleikum hópsins og grunnur sem þau byggðu á og snéru út úr í öðrum atriðum sýningarinnar.

Næsta atriði var ógleymanleg reynsla af hálf annarlegum og nútímalegri dansi. Hópurinn hafði skipt um búninga og nú dansaði hann í einhvers konar blöndu af ofbeldi og umhyggju, það var í grængolandi ljósi. Allt sviðið var nýtt og á köflum erfitt að fylgja öllum hópnum eftir sem færðist úr sundrung í iðandi einingu eða kaos af líkömum. Fínlegur dansinn var rofinn með vélrænum hreyfingum og einhvers konar ósjálfræði eða jafnvel skepnuskap en dansararnir sýndu frábær tilþrif, kraft og ögun hver einn og einasti og saman er þessi hópur eins og ævintýri á sviðinu.



DANSFLOKKUR JAMES SEWELL

Niðurstaða James Sewell sýnir fram á óendanlega möguleika danslistarinnar í Austurbæ.

Þriðja atriðið var lítill saga í anda noir glæpasagnanna þar sem dansarnir tóku sér óvenjuleg hlutverk og léku með fjölbreytta sviðsmuni og hjálpartæki. Þetta var stórskemmtilegt agað grín en yngsta kynslóð áhorfendanna saup hveljur af kátinu yfir öllu þessu sprelli. Eldri áhorfendur heyrðu söguna einnig útskýrða í laginu sem leikið var undir og þótt hún væri ekki frumlegasta glæpatvist í heimi var þetta smellið og forvitnilegt. Ég hef aldrei séð hallamál og skrúfjárn nýtt í jafn hugvitssamlegum tilgangi.

Þessi sýning er fyrirtaks kvöldskemmtun fyrir alla aldurshópa, sérstaklega fyrir fólk sem langar að kynna sér möguleika danslistarinnar. Ég dreif mig í það minnsta heim og reyndi að dansa við judara. -khh



KATE MOSS Ætlar líklega að einbeita sér að fatahönnun þegar ferlinum lýkur. FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES

Kate Moss með fatalínu

Kate Moss ætlar að helga sig fatahönnun og byrja með nýja línu eftir að ferli hennar á tiskupallinum lýkur. Breska fegurðardísinn hefur marga fjöruna sopið á ferli sínum en samkvæmt talsmanni hennar ætlar fyrirsætan ekki að hefjast handa fyrr en að nokkrum árum liðnum enda telur hún sig eiga nokkur góð ár eftir. „Þetta er bara einn af þeim möguleikum sem hún er að ihuga eftir að ferlinum lýkur sem verður ekki fyrir en eftir fjögur til fimm ár.“

Tom Cruise alltaf verið áhættufíkill

Tom Cruise viðurkenni á dögunum að hann hefði verið nær dauða en lífi eftir „áhættuatriði“ sem hann reyndi á yngri árum. Þegar leikarinn var fjögurra ára lék hann sér með „action-karl“ sem hafði fallhlíf. Cruise taldi sig ekki vera minni mann, festi lak á bakið með reipi og stökk ofan af húþaki. „Það eina sem ég man eftir er lendingin, kannski ekki gáfu-legasta ákvörðun sem ég hef tekið um ævina og sem betur fer hef ég þroskast aðeins,“ sagði Cruise í samtali við blaðamenn en hann er á kynningarferðalagi með þriðju myndina um Ethan Hunt og félagan í Mission: Impossible.

Leikarinn hefur ávallt krafist þess að leika áhættuatriðin sín sjálfur og segir sagan að þegar skrifa átti handritið hafi höfundarnir reynt að tóna sig niður til að leikarinn myndi ekki drepa sig.



HOLMES OG CRUISE Óvist hvernig eigin kona Cruise tekur í áhættufíkn heitmanns síns. FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES

„Ég fer út á ystu nöf og hef alltaf gert það,“ sagði Cruise. „Ég hef brotið sérhvertt bein í líkamanum og misst nokkrar tennur,“ bætti hann við.

Níunda platan frá Red Hot

Hljómsveitin Red Hot Chili Peppers gefur út sína níundu hljóðversplötu, Stadium Arcadium, á mánu-daginn.

Söngvarinn Anthony Kiedis hefur látið hafa eftir sér að platan sé bæði draumkennð og rómantísk. „Við ætluðum upphaflega að gera gamaldags plötu í anda Meet the Beatles,“ sagði söngvarinn Anthony Kiedis um nýju plötuna. „Við ætluðum að semja þrettán góð lög og taka þau upp þannig að fólk hefði skotheldan pakka sem það yrði ánægð með.“

Platan varð á endanum tvöföld með 24 lögum, og er fyrsta smáskífulagið ef plötunni Dani California, sem hefur notið mikilla vinsælda. Um tíma stóð jafnvel til að platan yrði þreföld með 38 lögum en ekkert varð úr þeim hugmyndum.

Þetta verður í fyrsta sinn sem Red Hot Chili Peppers gerir þrjár plötur í röð með sömu meðlimum en sú síðasta, By the Way, kom út sumarið 2002. Þar á undan gaf hún út Californication 1999, sem markaði endurkomu gítarleikarans Johns Fruiscante sem hætti eftir að sveitin gaf út hina vinsælu Blood Sugar Sex Magik. Sú plata var tekin upp í íbúðarhúsi í Hollywood og ákváðu þeir félagar að



RED HOT CHILI PEPPERS Hljómsveitin frá Kaliforníu er að gefa út plötuna Stadium Arcadium sem er tvöföld.

endurtaka leikinn fyrir nýju plötuna. Hefur bassaleikarinn Flea haldið því fram að platan sé sú besta sem sveitin hafi gert.

Upptökustjóri Stadium Arcadium er Rick Rubin sem hefur m.a. unnið með System of a Down og Beastie Boys.

Red Hot Chili Peppers ætlar í umfangsmikla tónleikaferð til að fylgja gripnum eftir. Hefst hún í

Evrópu í þessum mánuði og stendur þar yfir fram í ágúst. Þá fer sveitin í tónleikaferð um Bandaríkinn og spilar m.a. á Lollapalooza-hátíðinni í Chicago þann 5. ágúst.

Þess má geta að nýja platan verður fánleg í takmörkuðu upp-lagi með DVD-mynddisk og ýmsum fylgihlutum. Þessi útgáfa kemur í verslanir á þriðjudag en venjulega útgáfan strax á mánudag.

TILBODS BÍÓ

ATH. SÝND KL. 2

ISLENSKT TAL

LAUGARÁS BÍÓ

ATH. SÝND KL. 2

ISLENSKT TAL

TILBOD Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS - AÐEINS 400 KR.

FRUMSÝNING



FRÁ J.J. ABRAMS,
HÖFUNDI ALIAS OG LOST!
TOM CRUISE
M:I-III
ADGERDIN ER HAFIN

"MISSION: IMPOSSIBLE III BYRJAR SUMARIÐ MEÐ PUMP OG PRAKT OG INNIHELDUR ALLT SEM GÓÐUR SUMARSMELDUR HEFUR UPPÁ AD BJÓÐA, ÞRÆLGÓÐAN HASAR OG FANTAGÓÐA SKEMMATUN." ★★★★★ VJY - TÓPPSÍS

ÁLFBABAKKA

MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 2-4-5-20-8-10:40	B.I. 14
MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 3-5-20-8-10:30	
SCARY MOVIE 4	KL. 2-4-6-8-10:10	B.I. 10
FAILURE TO LAUNCH	KL. 2-4-6-8-10:10	
FIREWALL	KL. 6:30-8:30-10:40	B.I. 16
V FOR VENDETTA	KL. 8	B.I. 16
WOLF CREEK	KL. 10:40	B.I. 16
LASSIE	KL. 2-6	
BAMBI 2 <i>isl. tal</i>	2-4	

ÁLFBABAKKI S: 587-8900

INSIDE MAN



FRÓÐAR SPENNINGSSYNING SEM
KENDUR STJELLA Á ÖRZEL

ALPHAVELTAN
INSIDE MAN

FRÁ J.J. ABRAMS, HÖFUNDI ALIAS OG LOST!
"MISSION: IMPOSSIBLE III BYRJAR SUMARIÐ MEÐ PUMP OG PRAKT OG INNIHELDUR ALLT SEM GÓÐUR SUMARSMELDUR HEFUR UPPÁ AD BJÓÐA, ÞRÆLGÓÐAN HASAR OG FANTAGÓÐA SKEMMATUN." ★★★★★ VJY - TÓPPSÍS

KEFLAVÍK

MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 5:40-8-10:20	B.I. 14
SCARY MOVIE 4	KL. 2-4-8-10	B.I. 10
FAILURE TO LAUNCH	KL. 6	
ICE AGE	KL. 2-3:50	

AKUREYRI

MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 2-5-8-10:20	B.I. 14
SCARY MOVIE 4	KL. 4-8-10	B.I. 10
FAILURE TO LAUNCH	KL. 6	
EIGHT BELOW	KL. 2	

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170

SCARY MOVIE 4



Fjórði og síðasti kafliinn af þrileiknum

Það fyndasta sem þú hefur nokkurn tímann sagalt!
Mynd sem fær þig til að tryllast af Mátri

**Stærsta páskaopnun
allra tíma í USA.**

KRINGLUNNI

MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 3-5:30-8-15-10:50	B.I. 14
SCARY MOVIE 4	KL. 12-2-4-6-8-10	B.I. 10
THE INSIDE MAN	KL. 3-5:30-8-10:40	B.I. 16
LITLI KJÚLLINN <i>isl. tal</i>	kl. 12-1:30	
BAMBI 2 <i>isl. tal</i>	KL. 12	

MISSION IMPOSSIBLE 3 ER SÝND Í DIGITAL Í SAL 1

KRINGLAN S: 588-0800

M:I-III



FRÁ J.J. ABRAMS,
HÖFUNDI ALIAS OG LOST!
TOM CRUISE
M:I-III
ADGERDIN ER HAFIN

"MISSION: IMPOSSIBLE III BYRJAR SUMARIÐ MEÐ PUMP OG PRAKT OG INNIHELDUR ALLT SEM GÓÐUR SUMARSMELDUR HEFUR UPPÁ AD BJÓÐA, ÞRÆLGÓÐAN HASAR OG FANTAGÓÐA SKEMMATUN." ★★★★★ VJY - TÓPPSÍS

HÁSKÓLABÍÓ

MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 2-4-6-8-10	B.I. 14
SCARY MOVIE 4	KL. 3-6-8-10	B.I. 10
FIREWALL	KL. 5:45-8-10:10	B.I. 16
V FOR VENDETTA	KL. 6-8:30	B.I. 16
LITLI KJÚLLINN <i>isl. tal</i>	KL. 3	
LASSIE	KL. 3	

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919

Korn á tónleikum

Hljómsveitin Korn gefur út tónleikaplötuna Live & Rare á mánudag. Platan inniheldur sjö lög frá tónleikum sveitarinnar á staðnum CBGB's árið 2003 ásamt hennar útgáfu af laginu Another Brick in the Wall með Pink Floyd og One með Metallica. Einnig fylgja með upptökur frá tónleikum Korn á Woodstock-hátíðinni 1999.

Platan kemur út á vegum Epic Records sem gaf út fyrstu sjö plötur Korn áður en sveitin söðlaði um og fór til EMI. Gaf hún út plötuna See You on the Other Side á síðasta ári.

Korn fer í tónleikaferð um Evrópu í lok þessa mánaðar og mun hún standa út sumarið. Mörgum Íslendingum er vafalítið í fersku minni tvennir tónleikar hennar í Laugar-dalshöllinni fyrir tveimur árum.



KORN Rokksveitin Korn gefur út tónleikaplötuna Live & Rare á mánudag.

Rokkgrautur sem engan svíkur

[TÖLVULEIKIR]

UMFJÖLLUN

Fimmti SingStar leikurinn er kominn á markað og er, eins og forverum sínum, ætlað að hrista upp í bæði vönnum karóíkíkeppendum og þeim sem hafa skotið sér undan karóíkísöng með því að fela sig á bak við lagaúrvalið.

Það fær enginn lengur að sitja á sófanum í teiti þar sem SingStar fer í græjurnar. Stattu upp, smelltu á þig gaddað og upp á stofuborð. Hér stendur valið milli þrjátíu laga þar sem allt að átta manns geta keppt, þó aðeins tveir í einu. Leikurinn sjálfur hefur ekkert þróast frá fyrri útgáfum og allt gengur sinn vanangang. Einnu nýju tónarnir sem kveða við eru vitaskuld lögin sjálf og þar liggur megingallinn.

Þarna leynast vissulega smellir sem gætu rífið hvaða partí sem er upp (Song 2 með Blur, Self-Esteem með Offspring). Þarna eru svo einnig aftur á móti lög sem eru vissulega jafn miklir smellir en eru á skjón við allt sem kallast rokk (What You Waiting For með Gwen Stefani, Everybody's Changing með Keane, Wind of Change með Scorpions). Annars staðar hefði svo mátt velja hressari lög frá annars vel rokkandi böndum (The Bucket með Kings of Leon, Run með Snow Patrol).

Þetta breytir því ekki að á



SINGSTAR ROCKS! VÉLBÚNAÐUR: PLAYSTATION2

Niðurstaða: Leikurinn sver sig í ætt við forvera sína þannig að þeir sem þekja SingStar vita að hverju þeir ganga og þrátt fyrir undarlegt lagaval á köflum má vel rífa upp gleðskapinn með SingStar Rocks!

SingStar Rocks! Hefur verið steypt saman flestum geirum útvarpsvæns pop-, indie- og sígilds rokks sem ætti að höfða til flestra. Nú er bara að komast yfir hræðsluna við hljóðnemann, hringja í vinnu sem hafa verið of svalir hingað til og þenja raddböndin. Rokkið lifir.

Gestur Hilmarsson



SIMON COWELL Þarf ekki að kvíða fyrir framtíðinni enda einn hæstlaunaði sjónvarpsmaður Bandaríkjanna.

Simon á grænni grein

Simon Cowell, hugmyndasmiður og dómari American Idol keppinnar, er á grænni grein. Í nýútkominni bók sjónvarpsgagnrýnandans Bills Carter er upplýst að Cowell sé með 400.000 pund á tímum og fær því 19,5 milljónir punda fyrir árið sem samsvarar rúmum tveimur milljörðum íslenskra króna. Þetta er ekki lítill peningur en American Idol þátturinn er vinsælasta sjónvarpsþefni í Bandaríkjunum með áhorf upp á 25 milljónir manna. Cowell situr í dómarsætinu með þeim Paulu Abdul og Randy Jackson og er frægur fyrir að vera með eindæmum dómharður.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Írski leikarinn Colin Farrell missti af aðalhlutverki í mynd sem gerð verður um ævi Bobs Dylan, í hendurnar á Brokeback Mountain stjórnum Heath Ledger. Myndin verður tekin upp í sumar. Leikstjóri hennar, Todd Haynes sem gerði myndina Velvet Goldmine, er sagður hafa skipt um skoðun á síðustu stundu. Ledger er einn af



sex leikurum sem túlka söngvaskáldið fræga og með honum í hóp eru meðal annars gamla kempan Richard Gere og leikarinn úr American Psycho, Christian Bale. Farrel, sem lék aðalhlutverkið í stórmyndinni Alexander, er þekkt partíjón og nýkominn úr meðferð.



KÄRCHER

Háþrýstidætur fyrir heimili hesthús - verkstaði

Diskur á þöfa - stetta

K 2.75 með hlú

K 499 RAFVER HF

Fjölbreytt úrval

SKEIÐAN 36-F • 108 REYKJAVÍK
SÍMI 581 2333 / 581 2415
RAFVERURKAFVER.IS • WWW.RAFVER.IS



Við byggjum barnaþorp í Afríku

Vertu með Vertu SPES

www.spes.is

SPES
OUTREN • OUR L'INFANCE EN • OUFFRANCE



Allir á völlum

Knattspyrnutímabilið hefst formlega í kvöld með leik FH og Vals í Meistarakeppni KSÍ en leikið er á Kaplakrikavelli. Við mælum með að fólk drífi sig á völlum í blíðviðrinu og komi sér í girnin fyrir sumarið.

sport

sport@frettabladid.is



60 MEÐ HLYNI MORTHENS

SEKÚNDUR

Handbolti er... skemmtilegasta íþróttin.

Fylkir eða Gróttta/KR? Fylkir.

OC eða One Tree Hill? 24.

Metallica eða Madness? Led Zeppelin.

Eru markmenn bílaðir? Þeir eru kolbílaðir.

Áttu að vera í landsliðinu? Já.

Skrítnastur í Fylki? Ingólfur Axelsson og Arnar Þór Sæþórsson.

Kann Siggi að skípuleggja vörn eða er þetta grís? Siggi er snillingur.

Erfiðasti mótherji? Heimir Örn Árnason.

Auðveldasti mótherji? Daníel Berg.

Fyrirmyndir? Mats Olsson, Einar Þorvaldsson og Kristján Sigmundsson.

Stripur eða náttúrulegt? Þetta eru 100% stripur.

> Valur hjálpar Öllu

Valmenn hafa hrint af stað söfnun fyrir leikmann sinn, Öllu Georgíjssdóttir, svo að hún komist til Georgíu ásamt syni sínum en þar liggur faðir Öllu fyrir dauðanum. Alla hefur ekki séð föður sinn í fimm ár og er ljóst að velunnarar Vals og aðrir verða að hafa hraðar hendur til að koma henni út þar sem gamli maðurinn ku ekki eiga langt eftir. Þeir sem vilja leggja Val og Öllu lið er bent á að kíkja á valur.is þar sem hægt er að nálgast allar frekari upplýsingar.



EINBEITTUR Mikið hefur gengið á hjá Guðjóni Þórðarsyni og félögum í Notts County í vetur en liðið slapp við fall að lokum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Enska 2. deildin:

Notts County slapp við fall

FÓTBOLTI Guðjón Þórðarson og lærisveinar hans hjá Notts County rétt slappu við fall þegar lokaumferð ensku 2. deildarinnar fór fram í gær. Notts hafnaði í 21. sæti af 24 liðum og var aðeins þrem stigum frá fallsæti.

Liðið náði dramatísku jafntefli, 2-2, gegn Bury í gær og kom jöfnunarmark Notts á lokamínútu leiksins en liðið lenti 2-0 undir í leiknum. - hbg

Hundruð milljóna króna tap hjá Íslendingunum

Íslendingarnir sem eiga Stoke City eru búnir að leggja niður vopnin og hafa samþykkt að selja Peter Coates hlut sinn í félaginu. Stjórnarformaðurinn segir tap Íslendinganna á ævintýrinu nema hundruðum milljóna króna.

FÓTBOLTI Íslensku eigendurnir eru að klára sitt sjöunda tímabil sem meirihluta eigendur þessa fornfræga félags og mikið vatn hefur runnið til sjávar á þessum sjö árum. Liðið endar einni deild ofar en þegar lagt var af stað í þetta mikla ævintýri, öll umgjörð félagsins hefur batnað til mikilla muna en þyngja eigendanna hefur ekki þyngst að sama skapi heldur hefur létt verulega á henni.

„Ég get ekki staðfest á þessari stundu hvað við erum að tapa miklu á þessu ævintýri. Við höfum óljósa hugmynd um það og sú tala er í hundruðum milljóna. Við munum kynna þetta allt fyrir hluthöfnum í félaginu á næstu dögum,“ sagði Gunnar Þór Gíslason, stjórnarformaður Stoke City, við Fréttablaðið í gær en tilkynnt var um að Stoke Holding hefði tekið tilboði Coates seint á föstudag.

Íslendingarnir höfðu hafnað tilboðum Coates áður þar sem það hefði ekki skilað þeim neinum hagnaði en nú virðast þeir hafa sætt sig við þá staðreynd að ekki verður um neinn hagnað að ræða nema þeir séu tilbúnir að dæla enn meiri peningum í félagið.

„Það er búið að samþykkja rammann af kaupsamningi og það þarf að fylla núna út í þennan ramma og við munum gefa okkur um tvær vikur í það. Þegar það er búið kemur í ljós hvort samningar takast í sjálfru sér. Þrátt fyrir það er ljóst að við munum selja nema eitthvað óvænt komi upp á. Það er ekki mikill munur á þessu tilboði og því sem kom síðast hjá Coates. Við ákváðum að selja þar sem við teljum ekki vera ástæðu til að halda áfram nema geta gert það af



STÆRSTA STUNDIN Guðjón Þórðarson átti upprunalegu hugmyndina að Stoke-ævintýrinu og hann náði líka bestum árangri stjóra Stoke í stjórnartíð Íslendinganna þegar hann kom liðinu upp í 1. deildina. Hann fagnar hér þeim áfanga.

myndarskap. Það er ekki áhugi að hálfu hluthafanna að setja þann pening í dæmið sem þarf til að gera þetta að þeim myndarskap sem nauðsynlegur er. Þá er í sjálflu sér sjálfhætt.“

Gunnar Þór sagði að það væru blendnar tilfinningar að þessu mikla ævintýri væri senn lokið. „Við erum nokkuð ánægðir með hvað við höfum gert fyrir félagið þótt það hafi ekki skilað sér í verðmætum til eigendanna. Félagið er allt annað en það var fyrir sjó

árum. Það skiptust á skin og skúrur í þessari rússíbanareid. Það var gaman þegar vel gekk en ekki eins gaman þegar illa áraði. Það sem helst skyggði á eru þessir menn sem leggja það fyrir sig að verða knattspyrnustjórnar en þeir virðast ekki vera eins og fólk er flest og það var ekki alltaf gaman að eiga samskipti við þá,“ sagði Gunnar Þór sem tók margar rimmur við Guðjón Þórðarson og aðra stjóra Stoke í eigendatíð Íslendinganna.

henry@frettabladid.is

Manchester United:

Berst um þjónustu Diarra

FÓTBOLTI Spænsk blöð greindu frá því í gær að Manchester United gerði allt sem það gæti þessa dagana til þess að ganga sem fyrst frá kaupum á Mahamadou Diarra, leikmanni Lyon, áður en Real Madrid stykki í slaginn.

Það er talið líklegt að United sé til í að greiða franska félaginu 18 milljónir punda fyrir miðjumanninn sem þeir sjá sem arftaka Roy Keane.

Ítalska liðið Inter er einnig talið hafa áhuga en Diarra ku ekki vera spenntur fyrir Ítalíu og hallast flestir spekingar að því að hann sé á leið til Englands.

- hbg

Handknattleikslíð FH:

Arnar og Einar að taka við?

HANDBOLTI Fram kemur á heimasíðu FH, fh.is, að viðræður séu hafnar við þá Arnar Geirsson og Einar Andra Einarsson um að taka við meistaraflokki karla hjá félaginu en sem kunnugt er þá er Atli Hilmarrson hættur að þjálfa liðið.

FH-ingar eru á leið í uppbyggingarstarf og líklegt að tvímennsingarnir taki við liðinu. Arnar var aðstoðarþjálfari Atla í vetur og stýrði því síðan í nokkrum leikjum með góðum árangri. - hbg

Umspil ensku 1. deildarinnar:

Watford í góðri stöðu

FÓTBOLTI Watford er í góðri stöðu eftir fyrri leik liðsins við Crystal Palace í umspili ensku „championship-deildarinnar“ sem er næstefsta deildin þar í landi.

Liðið lagði Palace, 3-0, í gær og fer því að öllum líkindum í úrslitaleikinn um sæti í úrvalsdeildinni.

- hbg



SUNNUDAGSPENNINN GEIR SVEINSSON

Skólaíþróttir grunnskóla

Öllum er ljós sú staðreynd að almenn hreyfing er okkur nauðsynleg og að hreyfing þarf að vera daglegur þáttur í lífi fólks. Í ljósi aukinnar offitu, sérstaklega meðal barna og unglunga, er hreyfingin enn mikilvægari en fyrr. Regluleg hreyfing er lykilið að bættri heilsu og gríðarleg forvörn. Hún stuðlar að lækkun heilbrigðiskostnaðar, eykur framleiðni, ýtir undir betra skólustarf, dregur úr fráveru í starfi, stuðlar að minnkun ofbeldis, hvetur til samvinnu og samstöðu og er sem forvörn, ein hagkvæmasta og áhrifaríkasta leiðin að bættri heilsu landsmanna.

Skólaíþróttir í grunnskólum landsins eru einn af þeim þáttum sem veita þungt í hreyfingu barna og unglunga. Markmiðið með skólaíþróttum grunnskólanna er að

stuðla að alhliða þroska hvers nemenda, efla heilsufar hans og afkastagetu. Göfugt markmið, en árangurinn því miður ekki sem skyldi. Ástæðan er ósköp einföld, fjöldi hreyfistunda nemenda grunnskólanna í hverri viku er engan veginn nægur auk þess sem gæði kennslunnar eru oft á tíðum ekki nægjanleg.

Kennslan ekkert breyst

Leikfímikennsla í dag er nánast sú sama og hún var fyrir um 30 árum síðan hvað fjölda kennslustunda varðar. Samkvæmt gildiandi viðmiðunarrundaskrá í dag er skylt að veita hvernjum nemenda að lágmarki þrjár kennslustundir í íþróttum (sund er þar meðtalið) í hverri viku skólaársins.

Það er síðan val stjórnenda skóla hvort þeir nýta sér þann möguleika að bæta við kennslustundum í íþróttum.

Reynslan er því miður sú, að almennt nýta stjórnendur skóla sér ekki þennan rétt sinn og í mörgum grunnskólum landsins er skilyrðum um lágmarkskenndu ekki einu sinni uppfyllt! Nemendur grunnskóla fara því að meðaltali tvisvar til þrisvar sinnum í skólaíþróttir í viku hverri, 40 mín. í senn.

Fyrir um 30 árum var þessi hreyfing talin nægjanleg til að uppfylla markmið skólaíþróttanna, en í dag í ljósi breyttrar þjóðfélagsmyndar og aukins hreyfingarsleysis krakka og unglunga er þetta langt frá því að vera nóg. Í raun má segja að hreyfing krakka og

unglinga í grunnskólum landsins sé helmingi of lítil því skólaíþróttir ætti að stunda á hverjum einasta degi skólans a.m.k. klukkutíma í senn. En þess í stað er staðan sú, svo dæmi sé tekið, að einungis um 20 prósent nemenda í 9. og 10. bekk reyna á sig svo til daglega þannig að þau mæðist eða svitni.

Tími á endurskoðun

Það er því orðið löngu tímaþært að leikfímikennslan í heild sinni í grunnskólum landsins verði tekin til gagnerrar endurskoðunar. Ekki eingöngu hvað fjöldi skipta varðar heldur einnig hvað innihald varðar.

Ég tel að gamla góða leikfímim, sem var rauður þráður kennslunnar, hafi þurft að víkja allt of mikið fyrir boltaíþróttunum. Markmið skólaíþróttanna í grunnskólum landsins á að vera það að hreyfing verði hluti af lífsstíl nemendanna til framtíðar.

Íþróttakennarafélag Íslands


(ÍKFÍ) hefur sofnað á verðinum hvað þetta varðar og ekki fylgt eftir markmiði sínu sem er m.a. að vinna að framförum í íþróttakennslu í skólum landsins. Í febrúar sl. gerðu menntamálaráðuneytið og Kennarasamband Íslands með sér samkomulag, „Skólustarf og skólaumbætur – 10 skref til sóknar“ þar sem m.a. á að endurskoða almenn lög grunnskólanna.

Hvergi er þar fjallað sérstaklega um almenna heilsurækt í grunnskólum landsins og ég tel klárlega að hana vanti þarna inn í og eigi í raun að vera eitt af þessum „skrefum“ í mótnu menntastefnu landsins.

Mikilvægt er að ÍKFÍ láti þessa endurskoðun ekki fram hjá sér fara og þrýsti á Kennarasambandið jafnt sem menntamálaráðuneytið um að skólaíþróttum verði gert jafn hátt undir höfði og öðrum skyldugreinum, s.s. stærðfræði og íslensku, því um gríðarlega stóra hagsmuni er að ræða, eins og líf og heilsu fólks.

LANDSBANKINN KYNNIR Í SAMVINNU VIÐ FRÉTTABLAÐIÐ

STEFNUMÓT VIÐ LEIÐTOGA



"WE NEED A NEW
SYSTEM OF VALUES
SYSTEM OF THE
ORGANIC UNITY
BETWEEN
MANKIND AND
NATURE AND
THE ETHIC OF GLOBAL
RESPONSIBILITY"

FRÉTTABLAÐIÐ

 Landsbankinn

NÓBELSVERÐLAUNAHAFIN OG MAÐUR NÍUNDA ÁRATUGARINNS AÐ MATI TIME SNYR
AFTUR TIL REYKJAVÍKUR 20 ÁRUM EFTIR AÐ HANN BREYTTI SÖGUNNI

REYKJAVÍK 1986-2006

MIKHAIL GORBACHEV

HÁSKÓLABÍÓI 12. OKTÓBER KL. 17:00
FORSALA AÐGÖNGUMÍÐA HEFST ÞRIÐJUDAGINN 16. MAÍ

MÍÐASALA Á MIDI.IS OG Á CONCERT.IS EINNIG ERU SELDIR MÍÐAR Í ÖLLUM
VERSLUNUM SKÍFUNNAR OG BT Á AKUREYRI, SELFOSSI OG EGILSTÖÐUM

SUNNUGAGURVIÐTALIÐ:

Ólafur býr ásamt eiginkonu sinni, Kristínu Soffíu Þorsteinsdóttur, og börnum þeirra tveim, þeim Helgu Soffíu, 7 ára, og Einari Þorsteini, 4 ára, í bænum Ciudad Real. Þau hafa gert sér fallett hreiður í þessu 100 þúsund manna samfélagi þar sem hraðinn er lítill og fólk tekur lífinu með stófskri ró. „Þetta er bara Spánn í sinni tærustu mynd. Þetta er góður staður og hér líður okkur ákaflega vel,“ sagði Ólafur sem kann vel við rólegheitin á Spáni. Veðrið er honum heldur ekki á móti skapi.

Ferill Ólafs er orðinn langur og glæstur en hann hefur blómstrað hjá öllum þeim liðum sem hann hefur leikið með. Hann byrjaði með Val og fékk þar frábæran grunn í íþróttinni enda hefur unglingsstarf Vals ávallt verið mjög metnaðarfullt.

„Theodór Guðfinnsson þjálfaði okkur í öllum yngri flokkunum og hann var alveg frábær. Hann hugsaði líka um félagslega þáttinn og lét okkur mæta á laugardagsmorgnum svo að menn væru ekki að djamma. Það var mikið af hæfileikamönnum þarna og margir hefðu einnig getað orðið öflugir knattspyrnumenn. Ég var sjálfur allt í lagi en ég lék á miðjunni og var kallaður Óli sóli. Var alltaf í því að leggja upp. Skaut aldrei á markað eins og í handboltanum,“ sagði Ólafur og hló dátt. „Valur var á þessum tíma betra handboltalið en fótballið og fyrirmyndirnar voru í handboltanum. Þess vegna fór ég í handboltann.“

23 ára til Þýskalands

Ólafur lék síðan í sex ár með meistaraflokkum félagsins en 23 ára að aldri hleypti hann heimdraganum og flutti til Þýskalands. Hann gekk í raðir Wuppertal sem var á þeim tíma í næstefstu deild. Félagi Ólafs, Dagur Sigurðsson, fór með honum út en þjálfari liðsins var fyrrum landsliðsþjálfarinn Viggó Sigurðsson.

„Ég spilaði mikið frjálsan handbolta hjá Val og ég lærði fullt af nýjum hlutum hjá Viggó en hann kenndi mér „strúktúraðan“ handbolta og taktískan. Einnig að sækja í rétt svæði, kíkja á möguleikana og velja rétt. Einnig fékk ég að spila vörn hjá honum,“ sagði Ólafur en Wuppertal fór beint upp í úrvalsdeild með Íslendingana innanborðs og kom verulega á óvart með því að vera á topp tíu í Bundesligunni.

Ólafur var í tvö ár hjá Wuppertal en þá var aftur kominn tími á breytingar og hann samdi við eitt stærsta lið Þýskalands, Magdeburg.

Lenti hjá drykkfellnum þjálfara

„Þetta var eðlilegt næsta skref og ég var að leita að nýrri áskorun. Hjá Magdeburg fékk ég ekki jákvætt handboltasjokk heldur fékk ég lífssjokk því þjálfarinn var í erfiðleikum með sjálfan sig. Hann var drykkjumaður og hjartveikur og kenndi mér ekki neitt þann skamma tíma sem hann þjálfaði. Það var frekar sjúkt andrúmsloftið í félaginu og framkvæmdastjórnin gerði ekkert í málinu. Menn spiluðu meira af ótta en ánægju. Það eina sem ég lærði var hvernig það er að líða illa. Þetta var fyrsta mót-lætið sem ég lenti í en sem betur fer þá var hann rekinn fjórum mánuðum eftir að ég kom,“ sagði Ólafur en liðið varð samt Evrópu-meistari þegar það vann EHF-keppnina. Alfréð Gíslason var ráðinn þjálfari um sumarið og það líkaði Ólafi vel.

„Það var frábært að fá aftur íslenskan þjálfara. Það hentaði ungum leikmanni eins og mér vel enda er ég líka svolítið viðkvæm sál. Hefði ég lent á einhverjum vitleysingi þá er aldrei að vita hvernig hefði farið. Þetta voru frábær ár með Alfréð og hann kenndi mér mikið um taktík og styrk. Alfréð var sérstaklega góður styrktarþjálfari og mjög faglegur í öllu sem hann gerði.“

Eftir fimm gjöful ár með Magdeburg, þar sem liðið vann meðal annars Meistaradeildina árið 2002, ákvað Ólafur að söðla um á nýjan leik. Hann ákvað ekki eingöngu að



Í FADMI FJÖLSKYLDUNNAR Ólafur er hér með eiginkonu sinni, Kristínu Soffíu Þorsteinsdóttur, og börnum þeirra tveim á heimili þeirra í Ciudad Real. Dóttir þeirra, Helga Soffía, er 7 ára en sonurinn Einar Þorsteinn er 4 ára.

VILDI SÝNA FÓLKINU Í CIUDAD HVAÐ Í MÉR BÝR

Handknattleikskappinn Ólafur Stefánsson hefur gengið í endurnýjun lífdaga sem handboltamaður á þessari leiktíð eftir tvö erfið ár þar á undan sem næstum leiddu til þess að hann hætti handboltaiðkun. Ólafur stendur á tímamótum á sínum ferli og mun bráðum skrifa undir sinn síðasta atvinnumannasamning ef að líkum lætur. *Henry Birgir Gunnarsson* hitti Ólaf á heimili hans í Ciudad Real um síðustu helgi og ræddi við hann um ferilinn, framtíðina og fjölskylduna.

skipta um lið heldur algjörlega um umhverfi og samdi því við spænska liðið Ciudad Real.

Rétt ákvörðun að fara frá Magdeburg

„Eftir á að hyggja er ég mjög feginn að hafa farið á þessum tíma. Það var kominn tími á mig. Ég var farinn að þekkja allt, var of náinn Alfréð og orðinn of mikil hetja hjá félaginu. Það var í raun ekkert meira sem ég gat gert hjá Magdeburg. Mig vantaði nýja byrjun og ég var alltaf ákveðinn í að yfirgefa Þýskaland og kynna nýrri menningu. Magdeburg jafnaði tilboð Ciudad þannig að ég fór ekki peninganna vegna,“ sagði Ólafur sem þekkti lítið til þjálfara liðsins, Juan

de dios Roman. Sá átti ekki eftir að reynast honum vel og árin tvö undir hans stjórn voru Ólafi erfið og höfðu mikil áhrif á andlega líðan hans.

„Þetta voru tvö mjög erfið ár og ég er þakklátur fyrir að hafa ekki farið verr út úr þessum tíma. Þó að ég hafi orðið spænskur meistari þá leið mér mjög illa. Hann var með ömurlegar æfingar og aldrei nein keppni hjá honum. Þetta var meira svona leikfimi fyrir eldri borgara með fullri virðingu fyrir því ágæta fólk. Menn voru að drepa úr leiðindum enda voru áskoranirnar engar. Þetta var mesta djök sem ég hef upplifað. Það var allt neikvætt og svo skipti hann sér stanslaust af utanaðkomandi hegðun

eins og hvort við værum ekki nægilega vel klæddir eða rétt klæddir. Hann skipti sér líka af rakstri leikmanna. Eitthvað varð hann að gera því ekki vissi hann neitt um handbolta,“ sagði Ólafur alvarlegur enda sökk hann frekar djúpt.

Ætlaði að leggja skóna á hilluna

„Ég var við það að hætta. Ofan á leiðindin lenti ég í alls konar meiðslum og ég fékk ekki að koma mér í gang og til að mynda bannaði kallinn mér að lyfta til að koma mér í form. Hann var með skrifstofuna við hliðina á lyftingasalnum og stöðvaði mann ef maður reyndi að mæta í salinn. Þessu var ekki hægt að mótmæla því þá hefði

maður örugglega endað á bekknum í kjölfarið. Samt vinnum við næstum því Meistaradeildina en í raun vorum við allir að berjast gegn honum og það þjappaði okkur saman. Talant var þá miðjumaður liðsins og leiðtogi og stýrði allri taktík því ekki kom hún frá þjálfaranum. Hann naut mikillar virðingar innan hópsins og það var því vinsælt að hann skyldi vera gerður að þjálfara,“ sagði Ólafur sem er geysilega ánægður með þjálfarann sinn og aðstoðarmann hans sem er alnafni fyrirliða Real Madrid, Raúl Gonzalez, sem Ólafur segir ekki síður hafa mikið vit á handbolta og í raun vegi þeir hver annan upp.

Talent er besti þjálfari sem ég hef haft

„Talent er algjör snillingur og langbesti þjálfari sem ég hef haft enda hefur hann kennt mér ótrúlega mikið. Við höfum allir mikla trú á því sem hann er að predika og förum eftir hans orðum í einu og öllu. Við erum sífellt að verða betri á öllum sviðum handboltans og þetta lið getur haft yfirburði á Spáni og í Evrópu á næstu árum,“ sagði Ólafur en það spurðist út á seinna árinu hans með Roman að hann væri óánægður.

Í kjölfarið fékk hann tilboð frá Flensburg og Hamburg meðal annars en það varð snemma ljóst að Dujshbaev tæki við af Roman og eftir að hafa heyrt hvað hann ætlaði að gera með liðið var Ólafur aldrei í vafa um hvað hann ætlaði að gera. „Hann sýndi mér að hann



HEIMILISLEGUR Ólafur aðstoðar við borðhaldið á heimilinu.



MYNDARLEGIR KRAKKAR Þeim Einari Þorsteini, 4 ára, og Helgu Soffíu, 7 ára, leiðist ekki lífið á Spáni og þau eru dugleg að dunda sér í garðinum.



FALLEGT HÚS Ólafur og fjölskylda búa í fallegu húsi í rólegu hverfi í bænum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÓLAFUR STEFÁNSSON

ætlaði að spila þessa skemmtilegu vörn sem við spilum í dag og ég er svo hrifinn af. Hann sagði mér frá fleiri hlutum og ég hugsaði um leið að þessu vildi ég ekki missa af. Ég sé ekki eftir þeirri ákvörðun í dag. Svo fannst mér ég ekki hafa sýnt almennilega hvað í mér býr herna. Ég vildi sýna Talant og fólkinu hér hvað ég gæti og hver ég væri í raun og veru.“

Háðari handboltanum en ég hélt Ólafur er mjög jákvæður út í lífið og handboltann og maður skynjar að honum líður vel. Hann hefur öðlast nýtt líf í þessu stórkostlega líði Talants Dujshabaev og margir handboltaspekingar eru á því að hann hafi aldrei verið betri en í dag.

„Síðustu átta mánuði hafa margir hlutir snúist 180 gráður í hugsun minni gagnvart handbolta. Þó að ég sé orðinn 32 ára þá er ég að læra fullt af nýjum hlutum. Það kemur reyndar ákveðinn söknundur að hafa ekki lært margt af þessu fyrr. Þetta er buíð að vera flott tímabil og ég hef notið mín virkilega vel í allan vetur og líður betur en oft áður. Það sem meira er þá finnst mér ég eiga meira inni og að ég geti vel spilað á toppnum næstu árin. Ég hélt ég væri ekki eins háður handboltanum og ég er í raun og veru. Það hef ég uppgötvað eftir að ég losnaði við Roman, ég lærði þó það af kallinum,“ sagði Ólafur sem ætlar að enda atvinnu-mannaférlinn á Spáni. Hann gerir því ekki ráð fyrir að enda férlinn með Val og hann telur mjög ólíklegt að hann fari út í þjálfun að loknum férlinum.

„Það eru 90 prósent líkur á að ég klári férlinn hér. Ég tel ekki líklegt að ég komi heim og spili mína síðustu leiki með Val. Ég geri frekar ráð fyrir að sökkva mér í eitthvað nám af krafti þegar ég hætti að spila. Vonandi samræmist það plönum konunnar sem er í námi í Madrid en hún á sína drauma líka og ég vil endilega að hún geti látið þá rætast.“ sagði Ólafur en telur hann sig vera betri handboltamann í dag en fyrir þrem til fjórum árum þegar margir töldu hann vera búinn að ná sínu besta?

„Já, ég held það og tel mig aldrei hafa verið betri. Þolið hefur sjaldan verið betra, skynjunin hefur aukist og ég því betri en áður. Stefnan er að taka þrjú ár á fullu og ekki hugsu um aldur eða eitthvað álíka heldur einbeita mér að því að keppa við þá bestu.“

Finnur viðhorf sín í skrifum Guðbergs

Það verður ekki skilið við Ólaf öðruvísi en að ræða örlítið við hann um fjölskyldulífið. Það sést vel þegar maður heimsækir Ólaf að hann er mikill fjölskyldumaður sem unni sér vel heima með sínum nánustu. Ólafur og konan hans, Kristín Soffía, voru byrjuð að slá sér upp áður en hann fór í atvinnu-mennsku og hún hefur því fylgt honum allan hans atvinnumannaférlil.

„Við erum búin að vera saman í einhver fjórtán ár. Við erum búin að vera passlega mikið saman og sundur til að endast saman í fjórtán ár. Ég var að taka þetta saman um daginn og mér telst til að við séum ekki búin að vera saman nema í einhver átta ár,“ sagði Ólafur og hló létt en hann telur nauðsynlegt að fá stundum tíma fyrir sjálfan sig þó að hann vissulega njóti sín vel á „heimavelli“. Því tekur hann stundum upp á því að bregða sér frá einni síns líds.

„Mér finnst ekkert sjálfsgöðara. Fólk á ekki að njörva sig of mikið saman. Ef þú lest Guðberg Bergsson þá er nokkuð af mínu viðhorfum í hans skrifum. Það sem áður var framandi og eftirsóknarvert verður á endanum hversdagslegt og ömurlengt sem er algjörlega óháð því hversu yndislegar persónur á í kringum þig eru. Ef fólk er alltaf að upplifa sama hlutinn, er sífellt í ofboðslegri nánd, þá hættir það að geta talad um og gefið eitthvað nýtt af sér. Það sem mér finnst skipta máli er að fólk sé ekki að drekka úr sama bikar þó það sé að drekka sama rauðvíni.“ ■



GÓÐUR LEIÐBEINANDI Ólafur sést hér éta upp hvert orð sem þjálfarinn Talant Dujshabaev segir en Ólafur segir hann vera algjöran snilling.

Dujshabaev, þjálfari Ciudad, er hrifinn af Ólafi:

Ólafur minnir mig á Spike úr Notting Hill

HANDBOLTI Ólafur Stefánsson þakkar þjálfara sínum, Talant Dujshabaev, að mörgu leyti þann árangur sem hann hefur náð á þessu ári en Ólafur segir Dujshabaev vera besta þjálfara sem hann hafi haft og er hrifinn af öllu sem hann leggur upp fyrir liðið.

Dujshabaev er einn besti handknattleiksmaður allra tíma. Hann er nýbyrjaður að þjálfna en hann lék með Ólafi í Ciudad-liðinu á síðustu leiktíð. Talant hefur einnig mikið álit á Ólafi og hann brosti breitt þegar blaðamaður spurði hann að því hvernig persóna Ólafur væri.

„Hann minnir mig á Spike úr Notting Hill og ég kalla hann stundum Spike,“ sagði Ólafur og hló hrossahlátri.

„Hann kemur frá öðrum heimi og er ákaflega sérstakur. Hann á engan sinn líkan,“ sagði Talant en hversu mikilvægur er Ólafur þessu besta liði Evrópu í dag?

„Ég vil ekki tala um að einhver einstaklingur sé mikilvægari en annar í liðinu. Ég er með sextán leikmenn og allir eru mikilvægir fyrir liðið. Óli er samt einn af bestu leikmönnum heims í sinni stöðu og það segir sig í raun sjálft að hann gegnir lykilstöðu hjá okkur sem og hjá íslenska landsliðinu. Óli er mikill atvinnumaður og það er ánægjulegt að vinna með manni eins og honum. Hann æfir mjög stíft og leggur mikið á sig. Óli er alhliða leikmaður sem getur gert nánast allt í handbolta og er enn að bæta sig sem leikmaður. Vonandi verður hann hjá okkur næstu árin,“ sagði Dujshabaev.

- hbg



FÚSI ER LYKILMAÐUR Ólafur segir að fyrrum félagi hans hjá Magdeburg, Sigfús Sigurðsson, sé algjör lykilmáður í íslensku vörminni og að hann verði að spila gegn Svíum í sumar.

Ólafur hefur sterkar skoðanir á landsliðsmálanum:

Vil sjá Alfreð velja eina ákveðna línu

HANDBOLTI Það er áberandi hversu miklu sterkari skoðanir Ólafur hefur á handboltanum í dag en áður og hann er þar að auki farinn að láta meira til sín taka bæði á æfingum og í leikjum. Hann sagði félögum sínum til að mynda ekki mikið minna til en Dujshabaev þjálfari á æfingum sem og í leiknum gegn Portland.

Hann hefur einnig sterkar skoðanir á því hvernig hann vill sjá hlutina með landsliðinu og hann er ekki alveg sammála öllu því sem Alfreð var til að mynda að gera með liðið í Magdeburg á dögnum.

„Ég hefði viljað sjá einhverja ákveðna línu sem væri æfð af krafti þessa viku og þá sérstaklega hvað varðar varnarleikinn. Þess í stað vorum við að prófa marga hluti og fyrir mig kom lítið út úr því og þá kannski aðallega af því að það vantaði Fúsa og því erfitt að sjá raunverulegan styrk hverrar varnar. Það er líka

að hluta til kannski mér að kenna eins og Alfreð því ég er kannski farinn að hafa meiri áhrif en áður og ég hefði getað reynt að hafa áhrif á Alfreð. Við verðum að negla eitthvað sem við trúum á mjög fljótleiga. Sverrir Björnsson var prófaður og manni finnst það þínu hættulegt þar sem maður hefur ekkert séð hann. Til að fá tilfinningu og traust fyrir leikmanni þá þarf maður að sjá hann spila í langan tíma og vita styrk hans. Hann er rosalegt spurningarmerki og maður vill hafa sem fæst spurningarmerki í leik eins og gegn Svíunum með fullri virðingu fyrir Sverri sem manni skilst að hafi spilað vel heima. Ég myndi vilja sjá okkur spila 5+1 vörnina sem við spiluðum í Sviss með Guðjón uppi á toppnum. Ég hef trú á henni. Við þurfum trausta varnarvinnu til að fá hraðauppflaupin okkar sem eru svo mikilvæg,“ sagði Ólafur.

- hbg



Í BARÁTTUNNI Landsliðsfyrirliðinn Ásthildur Helgadóttir sést hér í baráttunni í fyrri viðurneign Íslands og Hvíta-Rússlands á Laugardalsvællum. Ásthildur lék vel í gær og skoraði síðara mark íslenska liðsins.

Góður sigur á Hvít-Rússum

Íslenska kvennalandsliðið gerði góða ferð til Hvíta-Rússlands þar sem það lagði heimamenn, 2-1, en leikurinn var liður í undankeppni HM 2007.

FÓTBOLTI Leikið var við þrýðilegar aðstæður á Darida Stadium í Minsk. Síðast þegar liðin mættust hafði Ísland mikla yrirburði en Hvít-Rússar höfðu bætt leik sinn mikið og léku mun betur en á Laugardalsvællum.

Aðeins eitt mark var skorað í fyrri hálfleik og það skoraði Katrín Jónsdóttir á 27. mínútu en boltinn hafði reyndar viðkomu í varnarmanni. Íslenska liðið byrjaði síðari hálfleikinn af miklum krafti og Ásthildur Helgadóttir fyrirliði kom Íslandi í 2-0 fljótleiga í síðari hálfleik með góðu marki. Hún keyrði inn í teig Hvít-Rússanna sem réðu ekkert við hana og lagði svo boltann laglega í netið.

Lið Hvít-Rússa vaknaði aðeins við markið og minnkaði muninn skömmu síðar en lengra komst það ekki og íslenska liðið fagnaði því sigri.

„Ég er mjög sáttur við að taka

hér þrjú stig. Ég hefði kannski viljað sjá okkur spila aðeins betur en að sama skapi var þetta lið mun betra en það lið sem mætti á Laugardalsvöllinn,“ sagði landsliðsþjálfarinn Jörundur Áki Sveinsson við Fréttablaðið eftir leikinn. „Ég var ánægðastur með stemninguna og andann í liðinu en nokkuð hefur vantað upp á stemninguna í síðustu leikjum. Við vorum að berjast á fullu allan leikinn og það er vel. Við sköpum nokkuð af færum, skorum tvö mörk og með smá heppni hefðum við getað skorað fleiri. Varnarleikurinn var nokkuð þéttur fyrir utan markið. Það sem ég var ósáttastur við var að við skyldum ekki halda boltanum betur innan liðsins. Það fór vissulega um mig í stöðunni 2-1 enda hefði verið agalegt að klúðra þessu niður. Blessunarlega kláruðu stelpurnar þetta með sóma og ég er mjög ánægður með þær.“

- hbg



FLJÓTASTUR Alonso keyrði vel í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Evrópkappaksturinn á Nurburgring:

Alonso aðeins fljótari en Schumacher

FORMÚLA 1 Spánverjinn Fernando Alonso verður á ráspól í Evrópkappakstrinum sem fer fram á Nurburgring í dag. Hann háði harða keppni við Þjóðverjann Michael Schumacher í tímatönni í gær og náði að lokum örlítið betri tíma. Félagi Schumachers, Felipe Massa, náði þriðja besta tímanum og og fyrrum Ferrari-maðurinn, Rubens Barri-

chello, náði fjórða besta tímanum en hann ekur fyrir Honda.

„Það er alltaf taugastrekkandi að keyra í tímatökum og erfitt líka því maður má ekki gera nein mistök. Við gerðum lítilsháttar breytingar á bílnum um nóttina og þær breytingar skiluðu sínu. Það voru engin vandamál hjá okkur,“ sagði Alonso.

- hbg

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„Go back to Jersey, Sonny. This is the City of the Angels and you haven't got any wings.“

Svar: Dudley Smith úr L.A. Confidential frá 1997

dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON HORFÐI Á YFIRSPENNTAR OFURFYRIRSÆTUR**

Gripu um andlit sér í mikilli geðshræringu

Þátturinn America's Next Top Model er kominn aftur af stað á Skjá einum. Tyrá Banks er enn við stjórnvölinn og henni til halds og trausts eru sömu furðufuglarnir og áður, sem vitaskuld hafa gifurlegt vit á því hvernig fyrirsætur eiga að haga sér.

Í þessum fyrsta þætti voru nýju keppendurnir kynntir til sögunnar. Allar voru þær gifurlega spennar fyrir komandi keppni og óskuðu þess heitast af öllu að komast áfram í 13 stúlkna loka-hópin.

Stúlkurnar voru af öllum stærðum og gerðum. Ein var í yfirstærð og vonaðist til að verða þannig fyrirsæta, önnur var með gríðarstórar augabrúnir og enn önnur var rauðhærð með sitt, krullótt háir sem hlýtur að teljast frekar óvenjulegt í fyrirsætuheiminum.


Ein til viðbótar var gifurlega hress og virtist jafn-



fram hafa óbilandi trú á sjálfri sér. Allar komust þessar stúlkur á endanum áfram og geðshræringin sem kom í ljós þegar Tyrá tilkynnti úrslitin var rosaleg hjá nánast öllum stúlkunum. Grétu þær nánast undantekningalaust og héldu um andlit sér rétt eins og þær höfðu aldrei fengið jafngleðileg tíðindi um ævina.

Annars þótti mér góður punktur hjá Tyrá þegar hún sagði að þær sem komust áfram geti ekki lengur treyst á útlitið eitt og sér því innri fegurðin og karakterinn yrði framvegis aðalatriðið. Tyrá veit svo sannarlega hvað hún syngur þegar kemur að hinum harða heimi fyrirsætunnar.

TYRÁ BANKS Stjórnandi þáttarins America's Next Top Model er þaulvön fyrirsæta sem veit hvað hún syngur. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

**22.00**

Íþróttir

HELGARSPORTIÐ

**20.35**

Spenna

COLD CASE

**22.15**

Spenna

RÁÐGÁTUR

**20.15**

Gaman

YES, DEAR

**12.25**

Umraeda

SILFUR EGILS

SJÓNVARPIÐ

8.00 Morgunstunden okkar **8.03** Skordýr í Sólarlaut (21:26) **8.26** Brummi (23:26) **8.38** Hopp og hí Sessamí (52:52) **9.06** Stjáni (48:52) **9.28** Sígildar teiknimyndir (34:42) **9.38** Sögur úr Andabæ (54:65) **10.00** Gældýr úr geimnum (8:26) **10.25** Elli eldfuga (1:10) **11.30** Formúla 1

14.00 Jörðin (5:5) **14.50** Hollywood – Pentagon **15.50** Hrafninn **16.50** Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2006 (3:4) **17.50** Táknmalfréttir **18.00** Stundin okkar (1:31) **18.28** Geimálfurinn Gígur (9:12)

18.38 Að breyta Barry
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljós

20.10 Út og suður (1:16) Gísli Einarsson fer um landið og heilsar upp á forvitnilegt fólk.

20.35 Listahátið í Reykjavík (1:2) Fyrri kynningarþáttur um hátíðina sem verður sett á föstudag.

21.05 Dýraháringurinn (2:10) (Zodiaque) Franskur myndaflokkur.

22.00 Helgarsportid

22.25 Ill menntun (La Mala educación) Spænsk bíómynd frá 2004 um tvo vini og þau áhrif sem kynlifsofbeldi í kristilegum skóla hefur á líf þeirra. Meðal leikendna eru Gael García Bernal, Fele Martínez, Daniel Giménez Cacho og Lluís Homar. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólk yngra en 16 ára.

0.10 Kastljós **0.40** Útvarpsfréttir í dagskrárlök

2

7.00 Barnatími Stöðvar 2 (Pingu, Hjólagengið, Töfravagninn, Myrkfælnu draugarnir, Tiny Toons, Engie Benji, Charlie & Lola, Könnuðurinn Dóra, Ofurhundurinn, Batman, Horance og Tína, Ginger segir frá, Sabrina – Unglingsnormin, Hestaklúbburinn, Noddy, Tvíburasysturnar)

12.00 Hádegisfréttir **12.25** Silfur Egils **14.00** Neighbours **14.20** Neighbours **14.40** Neighbours **15.00** Neighbours **15.25** Það var lagið **16.25** Veggfóður (14:20) **17.15** Coupling 4 (e) **17.45** Martha

18.30 Fréttir, íþróttir og veður

19.10 Kompás í

20.00 Sjálfstætt fólk

20.35 Cold Case (7:23) (Óupplýst mál) (7:23) Lilly rannsakur gamalt mál frá 1999 um unga heilbrigða konu sem dó úr hjartaáfalli. Ungu konan var internet milljónamæringur en tapaði öllu í .dot sprengjunni snemma á tíunda áratugnum. Bönnuð börnum.

21.20 Twenty Four (14:24) (24) Stranglegra bönnuð börnum.

22.05 Into The West (3:6) (Vestrið) Bandarísk sjónvarpsmynd í sex hlutum sem segir epíska sögu af örlegum tveggja manna á tímum landnámsins í Norður-Ameríku. Aðalhlutverk: Beau Bridges, Josh Brolin, Jessica Capshaw. Leikstjóri: Simon Wincer, Robert Dornhelm. 2005.

23.40 Life on Mars (6:8) **0.30** 8 Mile (Bönnuð börnum) **2.15** Johnson County War **3.40** Johnson County War **5.05** Cold Case (7:23) (Bönnuð börnum) **5.50** Fréttir Stöðvar 2 **6.35** Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

SIRKUS

18.00 Fashion Television (e)

18.30 Fréttir NFS

19.10 Friends (21:24) (e) (Vínir 8)

19.35 Friends (22:24) (e)

20.00 Tívoli Skemmti- og fræðsluþátturinn Tívoli er stúttfullur af fjöri og fróðleik.

20.30 Bernie Mac (4:22)

21.00 Stacked (1:6) (Pilot) Skyler Dayton hefur fengið nóg af eilífum partium og lélegu vali á karlmönnum. Það er engin önnur en Pamela Anderson sem leikur Skyler.

21.30 Clubhouse (1:11) (Pilot) Heitasta ósk Petes Youngs rættist þegar hann fær draumavinnuna sína, sem kylfusveinn hjá hafnabotaliðinu New York Empires.

22.15 X-Files (e) (Ráðgátur) Sirkus sýnir X-files frá byrjun! Einhverjir mest spennandi þættir sem gerðir hafa verið eru komnir aftur í sjónvarpið.

23.00 Dude, Where's My Car? **0.20** Smallville (e)

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

6.15 Með allt á hreinu **8.00** The Guru **10.00** Head of State **12.00** MEDICINE MAN **14.00** Með allt á hreinu **16.00** The Guru **18.00** Head of State **20.00** MEDICINE MAN (e) (TÓFRALÆKNIRINN) Leyfð öllum aldurshópum. **22.00** The Matrix Revolutions (Matrix 3) Aðalhlutverk: Keanu Reeves, Laurence Fishburne og Carrie-Anne Moss. Bönnuð börnum. **0.05** Plan B (Bönnuð börnum) **2.00** Girl Fever (Stranglegra bönnuð börnum) **4.00** The Matrix Revolutions (Bönnuð börnum)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News Weekend **13.00** The E! True Hollywood Story **14.00** The E! True Hollywood Story **16.00** The E! True Hollywood Story **17.00** Gastineau Girls **17.30** Number One Single **18.00** 10 Ways **18.30** Big Hair Gone Bad **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** Eva Longoria: The Interview with Ryan Seacrest **21.00** Gastineau Girls **21.30** Gastineau Girls **22.00** Number One Single **22.30** Wild On Tara **23.00** 10 Ways **23.30** Big Hair Gone Bad **0.00** 101 Most Sensational Crimes of Fashion! **1.00** 101 Most Sensational Crimes of Fashion! **2.00** 101 Most Sensational Crimes of Fashion! **3.00** Guilty

AKSJÓN

Fréttátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

ENSKI BOLTINN

13.30 Á vellinum með Snorra Má **14.00** Enski boltinn (b) **16.15** Að leikslökum **18.00** Newcastle – Chelsea

20.00 Portsmouth – Liverpool Leikur frá því fyrr í dag.

22.00 More than a Game: England Sögu Englands í HM verður gerð góð skil í lokaþættinum af More than a game.

23.00 West Ham – Tottenham **1.00** Dagskrárlök



Það er mikið áfall fyrir íbúðareigendur að uppgötva að brotist hafi verið inn á heimili þeirra. Innbrotsþjófarnir sjálfir fylgjast oft vel með húsunum og fara inn þegar færi gefst. „Það er stundum þannig að við fáum lykla af íbúðunum og þá er létt að fara inn og hreinsa út“.

Í síðari hluta þáttarins heimsækir Kompás Leif Magnússon, sem hefur um árabíl stillt þekktustu píanó og flygla þjóðarinnar.

INN BROTSÞJÓFAR OPNA SIG

Kompás í kvöld kl. 19:10



digital island **visir** VEFTV


VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Listahátíð í Reykjavík 2006

RÚV kl. 20.35

Dagskrá Listahátíðar kynnt

Dagskrá Listahátíðar í Reykjavík 2006 verður kynnt í tveimur þáttum í kvöld og á morgun. Fyrri þátturinn fjallar að mestu um þá viðburði sem eru á dagskrá hátíðarinnar til 20. maí, en hátíðin stendur yfir frá 12. maí til 2. júní. Þar verður m.a. að finna umfjöllun um hinn afar athyglisverða brasilíska dansflokk Grupo Gorpo, hið stórskemmtilega harmónikkuband Motion Trio frá Kraká, miðnæturtonleika í lönó sem verða þrjú laugardagskvöld í röð, fjölmargar myndlistarsýningar og margt fleira enda dagskrá hátíðarinnar þétt skipuð líkt og síðustu ár. Kynnir er Egill Ólafsson, dagskrárgerðir annaðist Jón Egill Bergþórsson og handrit og umsjón er í höndum Guðrúnar Kristjánsdóttur.



Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

9	3	6	7	2	8	4	5	1
2	5	7	3	4	1	9	6	8
8	4	1	5	9	6	2	7	3
1	8	2	4	5	7	3	9	6
6	9	4	1	8	3	7	2	5
5	7	3	9	6	2	8	1	4
7	2	8	6	1	4	5	3	9
3	6	9	8	7	5	1	4	2
4	1	5	2	3	9	6	8	7

						8	1	5
7							6	
				5			2	4
	2		8					
1		4		9		6		3
					4		5	
8	7			3				
	6							1
5	9	2						



▶ 22.00
Körfuknattleikur

NBA-ÚRSLITAKEPPNIN



9.20 Hápunktar í PGA mótaröðinni 10.15 US PGA í nærmynd 10.40 Box – Fernando Vargas vs. Shane Mosley (Box – Arturo Gatti vs. Thomas)

12.20 Gillette Sportpakkin 12.50 Ítalski boltinn (Ítalski boltinn 05/06) 14.50 NBA 2005/2006 – Playoff games 16.50 Spænski boltinn (Real Madrid-Villarreal)

18.55 US PGA Tour 2006 (Wachovia Championship)

▶ 22.00 NBA úrslitakeppnin (NBA 2005/2006 – Playoff games)

0.00 Spænski boltinn (Spænski boltinn 05/06)

RÁS 1 FM 92,4/93,5

8.05 Morgunandakt 8.15 Tónlist á sunnudagsmorgni 9.03 Fiðlusnillingar barokksins 10.15 Þar sem börnin eru fyrir ofan meðallag 11.00 Guðsþjónusta í Bessastaðakirkju 12.20 Hádegisfréttir 13.00 Útvarpsleikhúsið: Fyndnasti maður Kópavogs Steininn 14.10 Söngvámál 15.00 Á vængjum strengsins 16.10 Endurómur úr Evrópu 18.26 Seiður og hél 19.00 Afsprengr 19.50 Óskastundin 19.50 Óskastundin 20.35 Sagnaslóð 21.15 Laufskálinn 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Í deiglu 22.30 Leikhúsmýslan 23.00 Andrarímur 0.10 Útvarpað á samtengdum rásum

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar 6.45 Veðurfregni 7.05 Morguntónar 9.03 Helgarútgáfan 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Helgarútgáfan 16.00 Fréttir 16.08 Rokkland 18.00 Kvöldfréttir 18.28 Tónlist að hætti hússins 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Að hætti hússins 22.00 Fréttir 22.10 Popp og ról 0.00 Fréttir

BYLGIJAN FM 98,9

9.00 Valdis Gunnarsdóttir 12.00 Hádegisfréttir 12.20 Rúnar Róbertsson 16.00 Enn á tali hjá Hemma Gunn 18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag 19.00 Ivar Halldórsson

AÐRAR STÖÐVAR

FM 90,9 TALSTÖÐIN FM 99,4 ÚTVARP SAGA FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Njúa bitid í bænum FM 88,5 XA-Rádió / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

KOMIN Í BÍÓ

REYKJAVÍK • KEFLAVÍK • AKUREYRI • SELFOSSI



HRÓSIÐ

...fá aðstandendur Megrarlauslausa dagsins sem var í gær. Markmiðið með honum er að útrýma mismunun vegna holdafars.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Kvikmyndavefurinn landogsynir.is færir út kvíarnar 8. maí en þá verður efni vefsins aðgengilegt á ensku. Vefsíðan, sem í daglegu tali gengur undir nafninu logs.is, hefur verið uppspretta fyrir þá sem vilja fylgjast með því sem er í gangi í íslenskum kvikmyndaiðnaði og hefur Ásgrímur Sverrisson, ritstjóri vefsins, verið duglegur við að færa lesendum sínum nýjustu fréttir. Pistlar hans hafa vakið þónokkuð mikla athygli en forvitnilegt verður að fylgjast með hvort útlendingar leggi lag sitt við að fylgjast með íslenskum kvikmyndaíðnaði sem hefur verið í töluverðum blóma að undanförunum.

Inntökunefnd Ríthöfundasambands Íslands samþykkti nýlega inntöku níu nýrra félaga sem allir hafa látið að sér kveða á ritvelli enda er skilyrði fyrir inngöngu að viðkomandi hafi gefið út í það minnsta tvær bækur. Þetta er vitaskuld fullkomlega eðlileg krafa því annars væri félagatalið líklega á líka langt og þjóðskráin þar sem annar hver Íslendingur virðist ala með sér einhvers konar skálda- og ríthöfundadrauma. Þeir sem hlutu náð fyrir augum nefndarinnar að þessu sinni eru Eiríkur Bergmann Einarsson, skáldsagna- og fræðiritahöfundur, Embla Yr Bárudóttir myndasagnahöfundur, Gunnlaugur Haraldsson fræðiritahöfundur, Hjörleifur Guttormsson fræðiritahöfundur, Hlynur Örn Þórisson þýðandi, Ingólfur Örn Björgvinsson myndasagnahöfundur, Lemme Linda Saukas þýðandi, Sigurður Aegisson, þýðandi og fræðiritahöfundur, og Vigfús Geirdal þýðandi. Eiríkur hefur skrifað töluvert um Evrópumál enda eru þau sérsvið hans en hann hóf skáldsagnaferil sinn í fyrra með útgáfu skáldsögunnar Glapræði. - fgs/bþ



SVÖR VIÐ VEISTU SVARIÐ

- 1 Porter Goss
- 2 Margaret Beckett
- 3 Peter Coates

HIN HLIÐIN Á FRÍÐRIKI ÓMARI HJÖRLEIFSSYNI SÖNGVARA

Ástin ræðst á taugakerfið

Hvað er að fréttu?
Ég er að byrja á sólóplötu sem kemur út í haust og svo erum við Guðrún Gunnars að byrja á okkar annarri plötu sem ber heitið „Ég skemmti mér í sumar“. Annars gengur lífið sinn vanagang þó svo að það hafi nú verið heldur betur viðburðarríkt á þessu ári hjá mér. Það gengur samt vel í söngbransanum og ég er rosalega þakklátur fyrir það.

Augnlitur?
Stjórnugrænn.

Starf?
Söngvari.

Fjölskylduhagur?
Ég sef allavega einn þessa dagana...

Hvaðan ertu?

Akureyri/Dalvík/Öxnadal.

Ertu hjátruárfull/ur?
Temmilega.

Uppáhaldssjónvarpsþáttur?
American Idol og Nip Tuck.

Uppáhaldsmatur?
Mömmumatur.

Fallegasti staður?
Eyjafjörðurinn er alltaf góður.

iPod eða geislasplari?
iPod.

Helsti veikleiki?
Að detta í þá gryfju að hafa ekki trú á sjálfum mér.

Helsti kostur?
Hreinskilni og jafnlyndi.

Helsta afrek?

Að vera ég sjálfur og vera stoltur af því.

Mestu vonbrigði?
Hmm...leiðinleg spurning.

Hvað er skemmtilegast?
Synja, vera með þeim sem ég dýrka og...já!... messur í Hrísey. Það verða allir að prófa það.

Hvað er leiðinlegast?
Afbryðisemi og óraunsæi.

Hver er draumurinn?
Hús, bílar, sundlaug, maður og börn.

Hver er fyndnastur/fyndnust?
Guðrún, vinkona mín, fær mig alltaf til að hlæja.

Á hvað trúirðu?
Guð og menn.

Hvað fer mest í taugarnar á þér?

Ástin örugglega...ræðst allavega á taugakerfið.

Uppáhaldsbók?
Are You Hungry Tonight? Uppskrift-ir Elvis Presley.

Hvað er mikilvægast?
Fjölskyldan, vinir, heilsa og að vera hamingjusamur og brosa framan í heiminn. Einnig er nauðsynlegt að hafa markmið í lífinu og stefna hátt.




SIGVALDI J. KÁRASON: FRUMSÝNIR Á CANNES-HÁTIÐINI

George Lucas hrósaði myndinni

Kvikmyndin Dead Man's Cards verður frumsýnd á Cannes-hátíðinni sem hefst um miðjan maí. Einn framleiðandi myndarinnar er Sigvaldi J. Kárasón en hann á framleiðslufyrirtækið Stray Dogs Films ásamt breskum félögum sínum. Sigvaldi lærði í London við National Film & Television School og hefur klippt myndir eftir Friðrik Þór Friðriksson og Baltasar Kormák en fyrirtækið hefur verið starfandi í sjö ár. Sigvaldi starfar hjá Latabæ þar sem hann leikstýrir og klippir þættina. Þegar Fréttablaðið náði tali af honum var hann í miðjum tókum og var að biðja íþróttálfinn um að hreyfa sig.

Myndinni hefur verið vel tekið og hafa þeir fengið góð viðbrögð frá Rick McCallum sem framleiddi Star Wars-myndirnar. „Við erum í góðu samstarfi við George Lucas, heilann á bak við Stjórnustriðsbálfinn, og Rick en þeir hafa reynst okkur ótrúlega hjálpsamir,“ útskýrir Sigvaldi. „Við erum náttúrulega bara litlir fiskar í stórra tjörn,“ bætir hann við og hlær. Miklu skiptir fyrir kvikmyndir að fá góða kynningu á Cannes enda beinast augu afþreyingariðnaðarins að frönsku riveriunni þann hálfan mánuð sem hátíðin fer fram. „Við gerðum myndina fyrir litla eina milljón dollara til að sýna væntanlegum fjárfestum hvað í okkur býr,“ segir Sigvaldi og það var meðal þess sem George Lucas tók strax eftir. „Þeim fannst ótrúlegt að sjá hvað okkur hafði tekist að gera fyrir jafn lítinn pening,“ útskýrir Sigvaldi. „Myndin er eitt af fyrstu skrefunum sem við erum að taka í átt að umfangsmeyri verkefnum,“ bætir Sigvaldi við og upplýsir jafnframt að þegar sé undirbúningur hafinn fyrir næstu mynd sem verður mun stærri í sniðum en vill ekki tjá sig neitt frekar um það mál að svo stöddu. Dead Man's Cards er framtíðar-



SIGVALDI KÁRASON Myndin Dead Man's Cards verður frumsýnd á Cannes-hátíðinni en sjálfur George Lucas hreift mjög af henni.

vestri sem gerist í Liverpool og fjallar um venjulegan verkamann sem dregst inn í skuggalega undirheima borgarinnar. „Þrátt fyrir að myndin líti út fyrir að vera mjög blóðug þá er hún engu að síður

mjög dramatísk,“ segir Sigvaldi en ástandið í Norður-Englandi er mjög bágborið. Óhætt er hægt að segja að þeir félagar fái góða kynningu því veggspjald myndarinnar hangir á sama stað og Sin City-vegg-

spjaldið en sú mynd sló í gegn á hátíðinni í fyrra. „Um leið og þú ert búinn að sanna að þú getur gert kvikmynd fyrir lítinn peninga þá liggur leiðin upp á við,“ bætir Sigvaldi við. freyrgigja@frettbladid.is

Betri heyrn -bætt lífsgæði

Þjóðum ýmsar gerðir af nýjustu kynslóð

heyrnartækja frá Oticon.

Pantaðu þér tíma í heyrnarmælingu

og fáðu ráðgjöf um hvernig þú getur

bætt heyrnina þína.



Erum með þjónustu á Norðurlandi - Ísafirði - Egilsstöðum og Vestmannaeyjum



Heyrnartækni

www.heyrnartaekni.is

Glæsibær | Álflheimum 74 | 104 Reykjavík | sími: 568 6880

Skemmtileg dansnámskeið

Unnur Elísabet Gunnarsdóttir dansari heldur sumarnámskeið ásamt vinkonu sinni, Riinu Turunen, í sumar þar sem þær munu kenna ballett, nútímadans og djassballett. „Við Riina kynntumst þegar við vorum saman í konunglega sænska ballettskólanum. Hún ætlar að koma og vera í mánuð á Íslandi í sumar og við ákváðum halda sumarnámskeið. Námskeiðin verða í skólanum hjá Guðbjörgu Björgvins og er skipt í þrjá aldurshópa: 10-12 ára, 13-15 ára og 16 ára og eldri. Einnig munum við bjóða upp á námskeið þar sem einungis verður kenndur jazzballett. Í lok hvers námskeiðs verður svo lítill sýning fyrir foreldra en við munum semja að minnsta kosti tvo dansa fyrir hvern hóp.“

Aðspurð um bakgrunn sinn í dansheiminum segist Unnur hafa byrjað dansferilinn aðeins fjögurra ára gömul. „Ég byrjaði hjá Eddu Scheving og fór svo í Listdanskskóla



UNNUR ELÍSABET GUNNARSDÓTTIR Kennir Íslendingum að dansa í sumar enda veitir ekki af.

Íslands þegar ég var tíu ára og var þar í fimm ár. Þaðan lá leið mín til Svíþjóðar í konunglega ballettinn og ég útskrifaðist þremur árum seinna. Þegar ég kom heim fór ég svo í Íslenska dansflokkinn þar sem ég var í tvö ár,“ segir Unnur.

Sumarnámskeiðin verða í þrjá tíma á dag en ekki um helgar.

Hægt er að velja um tvö tímabil fyrir námskeiðin, fyrri námskeiðin eru frá 12.-23. júní en þau seinni frá 26. júní-7. júlí. Skráning er hafin á fyrri námskeiðin og fer fram í síma 691 6380, í skóla Guðbjargar Björgvins og einnig er hægt að senda email á unnsadans@hotmail.com.

PETER LEHMANN DAGAR

11. – 14. maí



Kvöldverður á Hótel Holti

Á Peter Lehmann dögum á Hótel Holti verður boðið upp á veglegan kvöldverð dagana 11. – 14. maí. Matur og vínglas með hverjum rétti kostar aðeins 9.500 kr. Tekið er á móti borðapöntunum í síma 552-5700 og á holt@holt.is

MATSEÐILL

Hörpuskelsterrín með skelfiskssalati og sítrónugrasfroðu
• Peter Lehmann Semillon 2003

Langtímaeldaður þorskur á kartöflukremi
• Peter Lehmann Chardonnay 2003

Rauðvínsgljáð nautalund með reyktri nautatungu með smátt skornu grænmeti og sósa „Bordelaise”
• Peter Lehmann Eden Valley Shiraz 2001

Apríkósubaka, döðlukompot og dvergappelsínu- rúsínúís
• Peter Lehmann Botrytis Semillon 2002

Vandað vinnámskeið í Þjóðmenningarhúsinu

Andrew Wigan yfirvíngerðarmaður Peter Lehmann er einn af virtustu víngerðarmönnum Ástralá. Hann heldur á vegum Vínskólans svokallaðan „Master class” í Þjóðmenningarhúsinu fimmtudaginn 11. maí kl. 17.30.

Námskeiðið kostar 2.300 kr. og hægt er að skrá sig með því að senda tölvupóst á vinskolinn@vinskolinn.is.



Barossa
PETER LEHMANN
Australia





BAKÞANKAR

BERGSTEINS SIGURÐSSONAR

Spurningar og útsvör

RÉTT eins og hægt er að skynja vorkomuna á hlýnandi veðri og ilmandi gróðri má greina þegar kosningar eru í nánd á því að þá verður fólk með sérstakt tungutak áberandi. Þetta er ólíkt því þegar Sverrir Hermannsson var upp á sitt besta. Þá var hægt að bóka að í viðtölum myndi hann auðga orðaforða manns um að minnsta kosti eitt hugtak með því að grípa til orða á borð við þræsingur.

NEI, í dag gera annars konar orð sig gildandi fyrir kosningar – orðskrípi myndi einhver hrokafyllri en ég jafnvel segja. Fólk breytist í dýrmætan mannaud, bjartsýni vikur fyrir hækkandi væntingavísitölu og þjóðfélagið einkennist af almennri framfarasókn þar sem menn taka umræðuna um aðkallandi mál.

STUNDUM fæ ég á tilfinninguna að til að taka pólitíska afstöðu þurfi fyrst og fremst hæfileika til að rýna í látbragð og fas frambjóenda frekar en málflutning þeirra og orðin sem þeir nota. Til dæmis las ég um daginn að útsvarsstuðull Reykjavíkurborgar væri 13,03 prósent. Í fyrstu starði ég á setninguna tómu augnaráði en í ljósi þess að sá sem á þetta benti var frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins dró ég þá ályktun að það hlyti að vera óviðunandi. „Heil 13,03 prósent!“ hugsaði ég með mér og saup hveljur.

EINU sinni rambaði ég í partí sem samanstóð aðallega af kjötiðnaðarmönnum. Þetta var hinn skemmtilegasti hópur en þegar mannskapurinn var kominn í glas vildi hann illu heilli bara tala um vinnuna. Ég hlustaði því á lærðar ræður um hversu mikið natríum væri heppilegast að nota í kryddpylsu og grafískar lýsingar um hver væri nákvæmlega munurinn á því að búa til kæfu úr svínalífur og hreindýrapaté. Eins og mér þykir kryddpylsa og lifrakæfa góð verð ég þó að játa að mér fannst ég dálítið utangarðs. Í meðvirkni minni kinkaði ég hins vegar kolli og stakk inn „aha“, „einmitt“ og „já, er það virkilega?“ á réttum stöðum.

VISSULEGA finnst mér hughreystandi að vita að við Tjörnina er fólk sem veit hversu hár útsvarsstuðull er ásættanlegur fyrir hinn almenna borgara. Mér finnst líka hughreystandi að hjá Goða og SS vinnur fólk sem hefur víótæka þekkingu á kæfu, lambafillí og öðrum dásemdum úr heimi kjötafúrðanna. Ég er aftur á móti efins um að ítarlegar lýsingar á því hvernig pylsur eru búnar til séu til þess fallnar að auka matarlystina.

www.expressferdir.is

EXPRESS FERÐIR

Skelltu þér á www.expressferdir.is og skoðuðu úrvalið

Ferðaskrifstofa Iceland Express, Express Ferðir, býður fjölbreyttar og spennandi ferðir á verði sem gerir öllum kleift að skreppa út og gera sér dagamun. Hvort sem þú hefur áhuga á fótbolta, golfi, sólarferðum eða borgarferðum, styttri eða lengri ferðum, þá finnurðu eitthvað við hæfi hjá okkur.

GOLFFERÐIR


- » Danska Rivieran
- » Manor of Groves
- » Marriott Hanbury Manor
- » Bonalba á Spáni



TÓNLEIKAFERÐIR

Tónleikar víðs vegar um Evrópu

- » Madonna
- » Sting
- » Robbie Williams
- » George Michael



FÓTBOLTAFERÐIR

- » Liverpool
- » Manchester United
- » Chelsea
- » Arsenal



SÉRFERÐIR

- » Heimsborgin Berlín
- » Menningarferðir
- » Sælufarð um Spán
- » Vinsmökkun í Móseldalnum




SÓLARFERÐIR

- » Benidorm – Úrval hótela og íbúða
- » Sumarhús á Spáni



FORMÚLUFERÐIR

- » F1 – Silverstone 2006
- » F1 – Hockenheim 2006



» Nánar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express Ferðir

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Express Ferðir, Grimsbæ, Efstalandi 26, sími 5 900 100



Listamenn Listahátíðar í sjónvarpinu í kvöld og annað kvöld

– fjöldi spennandi atriða

Listahátíð í Reykjavík

Miðasala Bankastræti 2
Sími 552 8588
og á www.listahatid.is

2006 hátíðin